









DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði
Opnar laugardaginn 2. okt. kl.10 Smáratorgi 1



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
2. október 2010
231. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Að skilja en ekki dæma

*Halla Gunnarsdóttir ritar æviminningar Guðrúnar Ögmundsdóttur fyrrverandi alþingismanns.*

**viðtal** 20

## Inn og út úr kassanum

*Rýnt í fjárlagafrumvarpið*

**stjórnmál** 22

## Himnarnir hrundu



*Rauði krossinn var Caroline Seyani mikilvægur þegar hún missti móður sína.*

**malaví** 36

4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Ferðalög | Vín&veisla | Allt | Allt atvinna






**EGGJUM RIGNDI YFIR ÞINGHEIM** Hluti mótmælenda lét reiði sína bitna á forseta Íslands, þingmönnum, biskupi og öðrum sem gengu frá Dómkirkjunni að þinghúsinu, og rigndi eggjum, brauði og fleira lauslegu yfir hópinn þegar hann skaust á milli húsa.

Fréttablaðið/VILHELM

# Reiði almennings skiljanleg

**Hávær mótmæli voru á Austurvelli við þingsetningu í gær. Ráðherrar segja eðlilegt að fólk mótmæli en vilja ekki kosningar. Steingrímur J. Sigfússon kallar eftir því að stjórnmálamenn sameini krafta sína.**

**MÓTMÆLI** Á þriðja þúsund manns mótmæltu á Austurvelli þegar Alþingi var sett í gær. Nær allir mótmæltu friðsamlega, en nokkrir köstuðu eggjum, brauði, bíllyklum og öðru lauslegu að þingmönnum og Alþingi. „Maður skilur þessi mótmæli mjög vel. Það er mikil óánægja og gremja í samfélaginu vegna allra þeirra hluta sem hafa gerst, og margt fólk á um sárt að binda,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Hann telur mótmælin beinast gegn stjórnmálamönnum, Alþingi og öðrum valdastofnunum, og taka verði þau skilaboð sem í þeim felist alvarlega.

Steingrímur segir ástandið í samfélaginu afar viðkvæmt, en það myndi engu skila að boða aftur til kosninga með tilheyrandi óvissu. Frekar eigi stjórnmálamenn að sameina kraftana og vinna saman að því að leysa úr vandanum.

„Ég hef fullan skilning á því að fólk sem hefur orðið illa fyrir barðinu á kreppunni láti í ljós reiði sína og beiskju vegna þess að það eru enn óleyst stór vandamál, eins og birtast okkur í nauðungaruppboðum á heimilum fólks,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

„Það er sjálfsagt að menn mótmæli því með háværum mótmælum við Alþingi, en mér finnst of langt gengið þegar menn grýta glugga í guðshúsi á meðan á guðsþjónustu stendur,“ segir Össur. Hann segir ríkisstjórnina vera að ná að vinna þjóðina út úr efnahagsþrengingunum. Það breyti því ekki að ríkisstjórnin verði að finna lausn á vanda fólks sem hafi, eða sé við það að missa heimili sín.

Össur segir kosningar ekki leysa neinn vanda. Ríkisstjórnin hafi enn þingmeirihluta samkvæmt nýlegri könnun. Hún hafi verk að vinna og eigi að ljúka því verki.

**- bj / sjá síðu 2 og 26**










## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, færðu að taka bartana hans Ragnars Reykáss með frá RÚV eða þarftu að safna?*

Við getum sagt að söfnun standi yfir.

Sigurður Sigurjónsson og félagar hans í Spaugstofunni hafa þurft að endurnýja mikið af búningum við flutninginn yfir á Stöð 2.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti segir mikil tækifæri í framtíð Íslands þrátt fyrir slæma stöðu:

# Vill samræma vilja þings og þjóðarinnar

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands lagði áherslu á samstöðu og framtíðartækifæri Íslands í ræðu sinni við setningu Alþingis í gær.

Hann sagði mörg spennandi verkefni fram undan, þar á meðal tengd orkumálum, ferðamannaiðnaði og mögulegum umsvifum sem felast í opnun skipasiglinga um norðurskautið.

Að sögn forseta á Ísland marga bandamenn á alþjóðavettvangi, meðal annarra Kína, Rússland og Evrópulönd, sem hafa sýnt mikinn áhuga á nánara samstarfi.

Ólafur Ragnar sagði að staða Íslands væri ekki eins slæm og svartsýnustu spár hefðu gefið til kynna og nú væri lag að leggja grundvöll að endurreisn efnahagslífsins.

Lykilatriði væri þó að forðast togstreitu og sundurþykkju og leggja áherslu á samstöðu.

Stjórnmálaflokkar gætu lagt sitt af mörkum til að skapa samstöðu á erfiðum tímum, en þá yrði þjóðin líka að vera sátt við niðurstöðurnar.

Á meðan á ræðu forseta stóð fóru fram mótmæli á Austurvelli sem undirstrikuðu niðurlag ræðu hans, þar sem hann minnti á að „Íslendingum hefur jafnan farnast best þegar vilji þjóðar og þings hefur fallið í sama jarðveg.“ - þj



**SETNING ALÞINGIS** Í setningarræðu sinni hvatti forseti til samstöðu og minnti á framtíðartækifæri Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sátt vegna samkeppnisbrota:

## Kjötvinnslur greiða sekt

**SAMKEPPNISMÁL Þrjú kjötvinnslufyrirtæki hafa gert sátt við Samkeppniseftirlitið og munu aðstoða eftirlitið við rannsókn á samkeppnishömlum á kjötmarkaði.**

**Fyrirtækin þrjú, Sláturfélag Suðurlands, Reykjagarður og Kaupfélag Skagfirðinga, hafa samþykkt að greiða samtals 85 milljónir króna í sektir.**

**Fyrirtækin leggja áherslu á að þau hafi ekki ætlað sér að raska samkeppni. Málið snýst um forverðmerktar kjötvörur og afslætti í verslunum Bónuss. Þáttur annarra fyrirtækja; Kjarnafæðis, Norðlenska, Kjötbankans, Síldar og fisks og Matfugls, eru enn til rannsóknar.** - bj

Ágreiningur í Danmörku:

## Íhaldsmenn útiloka samstarf við Þjóðarflokk

**DANMÖRK** Danski íhaldsflokkurinn vill undir engum kringumstæðum mynda ríkisstjórn með Danska þjóðarflokknum.



LENE ESPERSEN

Lene Espersen, leiðtogi íhaldsmanna, lýsti þessu yfir í viðtali við Jyllandsposten í gær. Hún sagði að málefnaágreiningur flokkanna um Evrópumál, skattamál, ríkisumsvif og umbætur í opinbera lífeyriskerfinu væri of mikill til að þeir gætu starfað saman í ríkisstjórn.

Danski Þjóðarflokkurinn er þjóðernissinnaður hægri flokkur sem hefur veitt minnihlutastjórn Íhaldsmanna og Venstre stuðning án þess að eiga beina aðild að henni. - pg

# 36 milljarða mínus en horfurnar góðar

**Uppsagnir ríkisstarfsmanna blasa við í nýju fjárlagafrumvarpi. Sparnaðarkröfur nema allt að 40 prósentum. Stjórnsýslan skorin niður um níu prósent. Fjármálaráðherra segir fjárlög 2011 eiginleg hrunfjárlög en sér fram á bjartari tíð.**

**STJÓRNMÁL** Halli ríkissjóðs verður 36 milljarðar króna á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var í gær. Útgjöld nema 514 milljörðum en tekjur 477 milljörðum.

Með sértækum aðgerðum er 44 milljarða uppsöfnuðum halla mætt. Það er gert með 33 milljarða niðurskurði og ellefu milljarða nýjum tekjum. Nýr bankaskattur á að skila einum milljarði og aðrar skattahækkanir og breytingar á skattkerfinu afganginum. Tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur og tryggingagjald breytast ekki.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að fjárlög næsta árs séu hin eiginlegu hrunfjárlög. Vandanum sé að mestu mætt með sparnaði. „Þannig að ég held að goðsögnin um hina gríðarlegu skattpíningu fari nú að heyra sögunni til,“ sagði hann.

Niðurskurðurinn er mismikill eftir málaflokkum og stofnunum. Skerðingin nemur að jafnaði níu prósentum í almennri stjórnsýslu og fimm prósentum í velferðarþjónustu, framhaldsskólum og löggæslu.

Að mati Steingríms getur efnahagslífið tekið að vaxa á ný eftir aðgerðir stjórnvalda á síðasta ári.

- bþs - sh / sjá síðu 24



**FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2011** Fjármálaráðherra segir frumvarpið sýna að orðrómur um skattpíningu ríkisstjórnarinnar sé goðsögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ekki sátt um launafrystingu

Kjarasamningar opinberra starfsmanna eru lausir í lok nóvember en Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lýsti því yfir í gær að ekki stæði til að hækka laun þeirra. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, undrast þessi orð ráðherrans.



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

„Ég þykist vita að það verði ekki sátt um að það verði ekki launahækkanir, ég tala nú ekki um á lægstu laun,“ segir hún. Nú séu samningaviðræður fram undan og þessi ummæli séu ekki gott veganesti inn í þær. „Það skýtur auðvitað skökku við þegar annar aðilinn er þegar búinn að ákveða það að niðurstaðan verði núll. Þá eru það sérkennilegar viðræður,“ segir hann.

Elín segir niðurskurðarkröfuna í fjárlagafrumvarpinu vera áfall og félagar í BSRB séu mjög uggandi. Hún viti þó ekki við hversu mörgum uppsögnum megi búast. - sh

### Veikar efnahagsforsendur

„Ég geri ráð fyrir að þetta frumvarp eigi eftir að taka miklum breytingum,“ segir Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd. „Stærsta athugasemdin er sú að efnahagslegar forsendur þess, varðandi hagvöxtinn sérstaklega, eru mjög veikar svo ekki sé meira sagt.“



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján segir að forsendurnar séu mestan part úr þjóðhagsspá frá því í júní, þar sem gert sé ráð fyrir því að stóriðjuframkvæmdir verði burðarinn í hagvextinum. „Það sjá það allir menn og vita hvernig statt er fyrir þeim verkum í dag,“ segir Kristján.

Hann segir að það eigi eftir að koma í ljós hvernig niðurskurðurinn muni bitna á starfsmönnum í heilbrigðis- og félagslega geiranum. Þar muni eflaust hundruð manns missa vinnuna. Þá virðist niðurskurðurinn koma harkalega niður á ýmsum byggðum landsins. - sh

Grunaður hrotti í varðhaldi:

## Blóðugt hnúajárn í bílnum

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt situr í gæsluvarðhaldi grunaður um hrottafengna árás á fyrrverandi unnustu sína í Hveragerði á mánudagsmorgun. Í gæsluvarðhaldsúrskurði segir að árásin kunni að flokkast sem tilraun til manndráps.

Lögreglu var tilkynnt um árásina árla mánudagsmorguns. Þegar hún kom á vettvang blæddi mjög úr höfði konunnar og blóð var um allt í herbergi hennar, á gólfi, í rúmi og upp um veggi. Hún þorði ekki að tjá sig af ótta við hefndaraðgerðir.

Meintur gerandi var handtekinn skömmu síðar og í bíl hans fannst blóðugt hnúajárn og blóðugir vettlingar. Hann neitar sök en var engu að síður úrskurðaður í gæsluvarðhald til mánudags. - sh

Rúðubrot við þingsetningu:

## Einsdæmi við guðsþjónustu

**MÓTMÆLI Það er einsdæmi í sögunni að friður sé rofinn við guðsþjónustu, eins og gerðist við þingsetningu í gær, segir Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur.**



HJÁLMAR JÓNSSON

**Alþingi var sett með guðsþjónustu í Dómkirkjunni í gær. Fjölmenn og hávær mótmæli voru á Austurvelli á meðan og tvær rúður í kirkjunni voru brotnar.**

**„Það hefur aldrei gerst í sögunni að ráðist hafi verið að kirkju undir guðsþjónustu, hér á landi og mér er til efs að það hafi gerst í nágrannalöndunum heldur,“ segir Hjálmar. Hann segir það fámennan hóp sem gangi svo langt að ráðast að kirkjunni.** - jhh






Niðurstöður lífsýna tengdra morðinu á Hannesi Helgasyni farnar að berast:

# Styttist í að málið fari til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á morði Hannesar Helgasonar mun brátt ljúka, og eru niðurstöður lífsýna sem send voru til rannsóknarstofu í Svíþjóð farnar að berast til landsins.

Eins og kunnugt er hefur Gunnar Rúnar Sigurþórsson, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi undanfarnar vikur, játað að hafa myrt Hannes. Verknaðinn framdi hann á heimili Hannesar í Hafnarfirði þann 15. ágúst síðastliðinn.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir vinnu lögreglu langt komna, en vill ekki segja til um hvenær búast megi við því að málið fari til ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um ákæru.

Friðrik vill ekki upplýsa hvað niðurstöður rannsókna á lífsýnum hafi sýnt fram á, en enn eru ekki komnar niðurstöður úr öllum sýnum sem send voru utan.

Lögregla bíður þess nú einnig að geðrannsókn yfir Gunnari Rúnari ljúki. Henni er ætlað að leiða í ljós hvort Gunnar sé sakhæfur. Þá liggja endanlegar niðurstöður krufningar ekki enn fyrir.

Friðrik segir rannsókn á lífsýnum ekki hafa tekið lengri tíma en í öðrum málum. Hann sagðist í gær ekki geta sagt til um hvenær von sé á niðurstöðum svo hægt sé að ljúka rannsókn málsins. - bj



**LEIT** Kafarar leituðu morðvopnsins í Hafnarfjarðarhöfn fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



ÖLL
**AFSKORIN BLÓM**
**40%**
**AFSLÁTTUR**

**AFMÆLIS**
**KAFFIHLAÐBORÐ**
í Kaffi Garði Skútuvogi

laugardag - sunnudags
kl. 13:30 -16:30
kaffi fylgir frítt með

Sjónvarpskaka
Rjómaterta
Skúffukaka
Gulrótarterta
Lagterta
Kleinur
Muffins

Brauð
Pestó
Túnfisksalat
Skinkusalat
Kanilsnúðar
Marmarakaka



**AÐEINS**
**250kr**

# AFMÆLISHÁTÍÐ
## Blómaval 40 ára



AFMÆLIS
**BLÓMVÖNDUR**
**779kr**

**HAUSTLAUKAR**
**40%**
**AFSLÁTTUR**
**AF VÖLDUM LAUKUM**





FRIÐARLILJA
**40%**
**AFSLÁTTUR**



**AFMÆLISTILBOÐ**
ORKIDEA
**1499**



3 stk
**Erikur**
**1199**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 01.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,38 | 112,92 |
| Sterlingspund | 78,02 | 178,88 |
| Evra | 154,26 | 155,12 |
| Dönsk króna | 20,696 | 20,818 |
| Norsk króna | 19,200 | 19,314 |
| Sænsk króna | 6,714 | 16,812 |
| Japanskt jen | 1,3502 | 1,3580 |
| SDR | 175,12 | 176,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,3239

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjóðleikhúsið þarf að lækka launakostnað sinn um 14 prósent milli ára:

# Níu manns sagt upp störfum

**UPPSAGNIR** Þjóðleikhúsið hefur sagt upp níu fastráðnum starfsmönnum. Lækka þarf launakostnað um 14 prósent milli ára vegna tíu prósent skerðingar á framlögum í fjárlagafrumvarpi ársins, að sögn Ara Matthíassonar, framkvæmdastjóra Þjóðleikhússins.

Auk uppsagna verður gripið til annarra aðhaldsaðgerða til þess að draga úr umfangi starfseminnar. Meðal annars eru greiðslur á fastri yfirvinnu skertar. „Það að segja upp fólki er auðvitað það sársaukafyllsta og mest íþyngjandi sem þarf að gera,“ sagði Ari og lagði áherslu á að leitað hefði verið allra leiða til að halda uppsögnum í lágmarki og spara aðra kostnaðarliði, ekki síst stjórnunarkostnað.



**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Dregið verður úr umfangi starfseminnar vegna 10 prósent skerðingar á framlögum á fjárlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engir leikarar eru meðal þeirra sem nú var sagt upp. Fastráðnum leikurum hefur fækkað mjög síðustu ár, að sögn Ara. Flestir leikarar eru nú annað hvort ráðnir til eins leikárs í senn eða til einstakra verkefna. Ekki verða breytingar á samningum leikara á þessu leikári. Ari vildi ekki veita nánari upplýsingar um hvernig uppsagnir dreifast á deildir Þjóðleikhússins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa fjórir þeirra sem sagt var upp starfað í markaðs- og kynningardeild. **- pg**

Ný íþróttamiðstöð vígð:

# Merkur áfangi í sögu Dalvíkur

**DALVÍK Ný íþróttamiðstöð verður vígð og tekin í notkun við hátíðlega athöfn á Dalvík í dag.**

**Nýja íþróttamiðstöðin er merkur áfangi í sögu sveitarfélagsins, en nýr íþróttasalur er rúmlega þrefalt stærri en sá sem áður var. Löglegur keppnisvöllur fyrir handbolta og áhorfendapallar fyrir þrjú hundruð manns eru í miðstöðinni. Svæðið er tengt við sundlaugina á Dalvík.**

**Bygging miðstöðvarinnar hefur tekið um tvö ár og kostaði um 600 milljónir króna. - þeb**

Stofnmæling úthafsrækju:

# Stofninn lítill og nýliðun slök

**HAFRANNSÓKNIR** Úthafsrækjustofninn mælist enn lítill og er veiðistofninn svipaður og síðustu fjögur ár. Ólíklegt er talið að rækjustofninn vaxi mikið í bráð. Þetta er niðurstaða árlegrar stofnmælingar Hafrannóknastofnunar á úthafsrækju fyrir norðan og austan land.

Bráðabirgðaútreikningar sýna að nýliðun rækju er enn slök og mældist hún sú næstlélegasta frá upphafi.

Miðað við þessar upplýsingar telur Hafrannsóknastofnunin ekki tilefni til endurskoðunar ráðgjafar frá síðastliðnu vori um hámarksafla úr úthafsrækjustofninum. **- shá**

Fjármálarisinn AIG:

# Hyggst endurgreiða aðstoð

**BANDARÍKIN, AP Bandaríski fjármálarisinn AIG hefur komist að samkomulagi við Bandaríkjastjórn um að fyrirtækið endurgreiði það fé, sem ríkið veitti í aðstoð til að forða fyrirtækinu frá falli í kreppunni fyrir tveimur árum.**

**Upphæðin nam 180 milljörðum dala, en í staðinn fékk ríkið 80 prósenta eignarhlut í fyrirtækinu, sem er eitt þeirra sem verst fór út úr kreppunni.**

**Ríkið fær nú 92 prósenta eignarhlut, en í staðinn verða gefin út hlutabréf í fyrirtækinu sem verða seld smám saman upp í skuldina. - gb**

## LEIÐRÉTTING

Tónleikar Hallveigar Rúnarsdóttur og Gerrit Schuil í Kirkjuhvoli, hefjast klukkan 16 í dag en ekki klukkan 17 eins og mishermt var í blaðinu í gær.

# Hægri hönd í eftirsótt starf

**Pólitískur aðstoðarmaður Jóns Bjarnasonar ráðinn í starf skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu. Jón var vanhæfur og var Ögmundi Jónassyni falið að skipa í starfið. Hann hafnar því að ráðningin sé pólitísk.**

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson, dóms- og mannréttindaráðherra, hafnar því alfarið að ráðning Jóhanns Guðmundssonar í embætti skrifstofustjóra auðlindaskrifstofu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins sé af pólitískum toga.

Jóhann hefur gegnt starfi aðstoðarmanns Jóns Bjarnasonar undanfarna mánuði en áður aðstoðaði hann Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra á meðan hann gegndi embætti landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra á undan Jóni.

„Það er ómaklegt að setja málið fram með þeim hætti að annarleg sjónarmið hafi ráðið hér för. Svo er ekki. Ég óskaði eftir því að starfsmenn ráðuneytisins færu yfir umsækjendur á faglegum nótum og Jóhann varð þar hlutskarpastur. Í ljósi þess skipaði ég hann í embættið. Þetta er gert á fullkomlega faglegum nótum enda afar hæfur maður ráðinn að öðrum umsækjendum ólöstuðum,“ segir Ögmundur.

Ögmundur réð Jóhann í stöðuna vegna vanhæfis Jóns til að taka ákvörðun um skipun í embættið. Upphaflega hafði forsætisráðherra skipað Rögnu Árnadóttur, forvera Ögmundar, til að taka ákvörðun um skipun í embættið.

Aðspurður segir Ögmundur það eðlilegt að fjölmiðlar spyrji spurninga um ráðningarferlið í ljósi þess að Jóhann hefur starfað sem aðstoðarmaður tveggja ráðherra Vinstri grænna í eitt og hálft ár. Hann vill ekki svara því hverjir lögðu mat á hæfi umsækjendanna. „Ráðningin er á mína ábyrgð. Ég einn svara fyrir það.“

Í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var skipaður starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins til að meta þau atriði sem beindust sérstaklega að stjórnsýslunni í starfsháttum Stjórnarráðsins. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, fór fyrir nefndinni. Þótti þetta nauðsynlegt til að hnykkja á atriðum sem þegar voru orðið til þess að bæta stjórnsýsluna.

Afstaða starfshópsins var að rétt væri að endurskoðun færi fram á fyrirkomulagi við skipanir æðstu embættismanna ríkisins. „Ein leið að því marki, og væntanlega mjög áhrifarík, er að takmarka afskipti ráðherra af ráðningum. Þetta er meðal annars unnt með því að setja á laggirnar svokallaðar ráðninganefndir.“

Jóhann mun gegna starfi skrifstofustjóra í tvö ár hið minnsta, í fjarvistum Steinars Inga Matthíassonar.

## 13 umsækjendur

Í hópi umsækjenda voru einstaklingar með langa reynslu af málefnum sem tengjast sjávarútveginum og þeim verkefnum sem auðlindaskrifstofan annast.

**Hæfniskröfur:**
*Umsækjandi þarf að hafa háskólagráðu sem nýtist í starfinu og mjög æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu á sjávarútvegi og fiskveiðistjórnun, reynslu af stjórnsýslu og stjórnun og hæfni til að stýra samningum við önnur ríki.*

**Umsækjendur í stafrófsröð:**
- Ari Sigurðsson, viðskiptafræðingur
- Geir Oddsson, auðlindafræðingur
- Gísli Rúnar Gíslason, lögfræðingur
- Guðrún Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur
- Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, sjávarútvegsfræðingur
- Indriði Björn Ármannsson, lögfræðingur
- Jakob Ingi Jakobsson, lögfræðingur
- Jóhann Guðmundsson, búfræðingur
- Pétur Bjarnason, sjávarútvegsfræðingur
- Sigríður Ólafsdóttir, umhverfisfræðingur
- Sigurður Jónsson, viðskiptafræðingur
- Vilhjálmur Wiium, hagfræðingur
- Þorgeir Pálsson, viðskiptafræðingur

**Auðlindaskrifstofa:**
Skrifstofan annast stjórnsýslu er lýtur að nýtingu auðlinda á sjó og landi, undirbýr lagafrumvörp og semur reglugerðir við lög á því sviði svo og álitsgerðir og greinargerðir. Hún annast samskipti við Hafrannsóknastofnun vegna tillagna um nýtingu nytjastofna sjávar og enn fremur samskipti við Fiskistofu og Landhelgisgæslu Íslands vegna framkvæmdareglna, er lúta að eftirliti með nýtingu auðlinda. Þá annast skrifstofan framkvæmdaatriði fiskveiðisamninga og erlent samstarf sem því fylgir.

## Jóhann Guðmundsson

Jóhann Guðmundsson er búfræðingur að mennt frá Bændaskólanum á Hvanneyri og búfræðikandidat frá búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. Hann nam landbúnaðarhagfræði við Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar í Uppsölum 1982-1985. Jóhann starfaði í landbúnaðarráðuneytinu 1985-1995, þar af deildarstjóri frá 1987. Jóhann var fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins og samgönguráðuneytisins í Brussel 1995-1998 og starfaði sem skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu 1998-2009.



JÓHANN GUÐMUNDSSON



ÖGMUNDUR JÓNASSON



JÓN BJARNASON




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Það skiptast á skin og skúrir á landinu í dag. Á Norðvesturlandi styttir upp og léttir til þegar líður á daginn en sunnanlands dregur heldur fyrir sólu nú síðdegis. Suðaustanlands bætir í úrkomu undir kvöld.



Á MORGUN
Fremur hægur vindur víða um land.

MÁNUDAGUR
Strekkingur með NV- og S-strönd.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 19° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 10° |
| París | 20° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is




# Hvar ætlar þú að ganga til góðs í dag?

## Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu

**Reykjavíkurdeild:** Vesturbæjarlaug – Ráðhúsið – Kjarvalsstaðir – Austurver – Laugardalslaug – Árbæjarlaug Breiðholtslaug – Íþróttahús Seljaskóla – Grafarvogslaug – Húsasmiðjan (Grafarholti) – Hagkaup í Spönginni **Seltjarnarnes:** Seltjarnarneslaug **Kópavogsdeild:** Álfhólsskóli (Digranesskóli) – Snælandsskóli – Vatnsendaskóli Smáraskóli – Sundlaug Kópavogs – Sundlaugin Versalir – Dvöl – Hamraborg 11 **Garðabæjardeild:** Garðatorg **Álftanesdeild:** Breiðumýri **Hafnarfjarðardeild:** Strandgata 24 **Kjósasýsludeild:** Þverholt 7, Mosfellsbæ

Skrefin til góðs eru einföld:

1. **Mættu á söfnunarstöð í þínu hverfi á laugardaginn**
   Taktu einhvern með þér – það er miklu skemmtilegra!
2. **Þar færðu bauk og götu til að ganga í**
   Gerðu ráð fyrir u.þ.b. klukkutíma
3. **Þú skilar bauknum á söfnunarstöðina**
   – og líður miklu betur eftir góðverk dagsins!

göngum til góðs

Rauði kross Íslands

**Ef þú vilt styrkja söfnunina símleiðis:**

904 1000 – til að styrkja um 1.000 kr.
904 3000 – til að styrkja um 3.000 kr.
904 5000 – til að styrkja um 5.000 kr.

Arion banki

*Hvetur Íslendinga til að ganga til góðs*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið á tónleika með íslensku tónlistarfólki á árinu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 37,6% |
| NEI | 62,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að halda friðsamlegum mótmælum við Alþingi áfram?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Ríkisendurskoðun segir Menntaskólann Hraðbraut hafa fengið hátt í 200 milljónir ofgreiddar úr ríkissjóði:

# Hæpnar forsendur fyrir frekari rekstri Hraðbrautar

**STJÓRNSÝSLA** Afar hæpnar fjárhagslegar forsendur eru fyrir áframhaldandi rekstri Menntaskólans Hraðbrautar að óbreyttum aðstæðum. Hann skuldar ríkissjóði 192 milljónir vegna ofgreiddra framlaga árin 2004 til 2006, hann var rekinn með halla eina árið sem framlögin voru í samræmi við nemendafjölda og óvissa ríkir um heimtur 50 milljóna óeðlilegs láns til eiganda skólans.

Framangreint er meðal þess sem segir í úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhag skólans. Menntamálaráðuneytið er gagnrýnt harðlega í skýrslunni.

Þar segir að samkvæmt þjónustusamningi ráðuneytisins við skólann eigi uppgjör að fara fram árlega, þar sem áætlun um nemendafjölda og framlög er borin saman við rauntölur. Slíkt uppgjör hafi hins vegar aldrei farið fram, sem sé orsök ofgreiddra framlaga til skólans.

„Frá upphafi vissu ráðuneytið og skólinn þó mætavel að nemendafjöldi við skólann var ekki í takti við áætlun fjárlaga og að skólinn fékk hærri greiðslur en hann átti rétt á samkvæmt samningnum,“ segir í skýrslunni.

Þá er vikið að 82 milljarða króna arði sem skólastjórinn Ólafur Johnson greiddi sér út árin 2003 til 2009. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekkert því til fyrirstöðu að eigendur skólans fái arð af hagnaðinum, fyrir utan þá staðreynd að skólinn hafði þegar upp var staðið aldrei fjárhagslegt bolmagn til að greiða arðinn. **- sh**



**ÓLAFUR JOHNSON** Rekstur skólans þykir tæpast standa undir sér. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN


IMPRESSA Z7

SWISS MADE




Þér er boðið í kaffi

í dag frá kl 11:00 til kl 15:00

Jura kaffivélar fyrir alla sem elska kaffi

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


# Orkuveitan aftengdi neysluvatn fjölskyldu

**Deilur um umráð yfir kaldavatnslögn að húsi fjölskyldu við Leirvogsá enduðu með því að Orkuveitan aftengdi lögnina. Fjölskyldan ber nú allt vatn í fötum hundrað metra leið úr ánni. Orkuveitan hyggst rukka fólkið fyrir aftengingunni.**

**FÓLK** „Nú náum við í vatn eitt hundrað metra leið niður í Leirvogsá,“ segir Ingibjörg Þorgilsdóttir í Perluhvammi í landi Fitja, þar sem starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur aftengdu kaldavatnslögn inn á land þeirra á fimmtudag.

Ingibjörg og eiginmaður hennar, Jón Jóhann Jónsson, keyptu Perluhvamm á Álfsnesi á árinu 1992. Hún segir fyrrverandi eiganda hafa lagt til sín kaldavatnsæð frá aðallögn á eigin kostnað að samkvæmt samkomulagi við þáverandi Kjalarneshrepp. Fyrir fjórum árum hafi starfsmenn Orkuveitunnar uppgötvað kaldavatnskrana á landinu. Hjónin og tólf ára sonur búi nú í vinnuskúr tímabundið og þangað inn hafi þau tengt kalda vatnið í sumar.

„Þeir urðu alveg brjálaðir. Þeir segja að við höfum stolið lögninni og hafa beitt okkur miklu ofríki og hótunum,“ segir Ingibjörg um viðbrögð Orkuveitunnar. Til dæmis hafi ekki, fyrr en Jón náði fundi nýs forstjóra, tekist að aðskilja deiluna um kaldavatnslögnina og umsókn þeirra um að fá tengt heitt vatn að húsinu.

Orkuveitan segir kaldavatnslögnina áður hafa verið komna úr notkun og vill gera á henni úttekt. Fyrir það eiga hjónin að greiða rúmar 132 þúsund krónur. Hinn möguleikinn sé að fyrirtækið leggi nýja lögn að húsinu. Þess má geta að gjald fyrir sjálfa notkunina á köldu vatni er innheimt með fasteignagjöldum.

Ingibjörg segir þau hjón hvorki telja nauðsyn á úttekt á gömlu lögninni né nýrri lögn. Vegna óbilgirni Orkuveitunnar hafi hlaupið kergja í málið. Þess vegna hafi þau ekki viljað vísa starfsmönnum OR á það hvar lögnin að húsi þeirra liggur. Þeir hafi mætt á fimmtudaginn fyrir utan land þeirra og byrjað að grafa. Sjálf hafi þau kallað til lögreglu að taka skýrslu.



**STARFSMENN ORKUVEITUNNAR** Utan við landamerki Perluhvamms fannst heimæð fyrir kalt vatn að húsinu og var hún aftengd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Fagnaðarópin í vinnuflokknum þegar þeir fundu lögnina heyrðust hér um alla sveitina. Síðan aftengdu þeir okkur bara. Nú getum við ekki þvegið okkur eða sturtað niður án þess að fara með fötu niður í ána. Og ekki drekkum við vatnið úr ánni, svo ég þarf að fara niður í Olís eftir drykkjarvatni,“ segir Ingibjörg.

Í ágúst varaði Orkuveitan Jón við að sæktu þau ekki formlega um kaldavatnslögn myndi heimæðinni verða lokað. „Kostnaður við aðgerðina verður innheimtur hjá þér,“ sagði í bréfi fyrirtækisins til Jóns. Varað var við að kostnaðurinn gæti numið margföldu áðurnefndu tengigjaldi. „Þú getur lágmarkað þennan kostnað með því að veita Orkuveitunni greinargóðar upplýsingar um legu heimæðarinnar,“ sagði þó í bréfi OR en þessa leið völdu hjónin ekki eins og fyrr segir.

**gar@frettabladid.is**



**INGIBJÖRG ÞORGILSDÓTTIR OG JÓN JÓHANN JÓNSSON** Vetur nálgast og hjónin í Perluhvammi og sonur þeirra hafa ekkert neysluvatn í skúrnum sem þau búa nú tímabundið í. Bera þarf vatn úr Leirvogsá í fötum inn í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Uppreisn lögreglumanna í Ekvador brotin á bak aftur:

# Forseta bjargað frá lögreglu

**EKVADOR, AP** Umsátursástand ríkti í Ekvador í gær eftir að her landsins hafði bjargað Rafael Correa forseta af sjúkrahúsi, þar sem hópur lögreglumanna hafði umkringt hann og haldið honum föngnum í tólf klukkustundir.

Correa hafði verið fluttur á sjúkrahúsið eftir að hafa nærri kafnað af völdum táragass þegar hann og stuðningsmenn hans lentu í átökum við lögreglumenn á fimmtudag. Stuðningsmenn hans höfðu kastað grjóti í áttina að lögreglumönnunum, sem brugðust við með því að beita táragasi.

Að minnsta kosti þrír menn létu lífið í átökunum, tveir hermenn og einn lögreglumaður.

Í gær voru hermenn á hverju horni að gæta þess að átök brytust ekki út.

Lögreglumennirnir sögðust vera að mótmæla nýjum lögum, sem skerða kjör opinberra starfsmanna. Correa og ráðherrar í ríkisstjórn hans sögðu lögreglumennina hins vegar hafa reynt að steypa forsetanum af stóli.

Bæði Hugo Chavez og Evo Morales, forsetar Venesúela og Bólivíu, sökuðu Bandaríkin um að standa að baki lögregluuppreisninni í Ekvador. **- gb**



**ÁTÖK Í EKVADOR** Forsetinn sagðist í gær ætla að sjá til þess að lögreglumönnunum verði harðlega refsað. NORDICPHOTOS/AFP


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…




# GRILLAÐ NAUTAFILÉ MEÐ LÁRPERUSÓSU OG HVÍTLAUKSBÖKUÐUM KARTÖFLUM

*fyrir 4 að hætti Rikku*

2 tsk hvítlauksduft
2 tsk cumin duft
1 tsk chili duft
1 tsk laukduft
800 g nautafilé
salt og nýmalaður pipar

Blandið kryddunum saman, nuddið á kjötið og látið standa í 10 mínútur. Grillið í 3-4 mín. á hvorri hlið og hvílið í 3-4 mínútur. Kryddið með salti og pipar.

LÁRPERUSÓSA
2 hvítlauksrif
2 msk rauðvínsedik
2 msk ólífuolía
¼ tsk chili duft
Safi af 1/2 límónu
2 litlar lárperur, afhýddar og steinhreinsaðar
2 msk fersk steinselja
salt og nýmalaður pipar

Setjið hvítlauk, edik, olíu, chili duft og límónusafa saman í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Bætið lárperunum og steinseljunni saman við og blandið gróflega saman. Kryddið með salti og pipar eftir smekk.

HVÍTLAUKSBAKAÐAR KARTÖFLUR
800 g litlar kartöflur, skornar til helminga
½ kúrbítur, skorinn í bita
10 hvítlauksrif með hýði
3 msk ólífuolía
Salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 200°C. Raðið kartöflunum, kúrbítnum og hvítlauksrifjunum á pappírsklædda ofnplötu og hellið olíunni yfir. Bakið í 50-55 mínútur. Kryddið með salti og pipar.

Kcal: 575/ 29% LDS*
Prótein: 39.8 g/ 80% LDS
Fita: 29 g/ 44% LDS
Kolvetni: 41 g/ 14% LDS
Trefjar: 7 g/ 26% LDS
Járn: 4.8 mg/ 26%

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.

Steinkjarni kiwis inniheldur lífsnauðsynlegar fitusýrur



TILBOÐ
KIWI
299kr/kg.

Vítamín bomba



TILBOÐ
ANANAS
199kr/kg.

Ný uppskera



TILBOÐ
PERUR
298kr/kg.

NÝTT
Frábært í súpur og fiskrétti



KYNNINGARVERÐ
LAUFSELLERÍ
199kr/pk.

**BARBÍKJÚSÓSA FABRIKKUNNAR**

*Barbíkjúsósa Fabrikkunnar er ómótstæðileg. Nýtt viðmið í Barbíkjúsósum!*



**KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR**

*Kokteilsósa Fabrikkunnar er engin venjuleg kokteilsósa. Hún er betri.*



**FABRIKKU SÓSAN**

*Fabrikkusósan er hamborgarasósa Fabrikkunnar. Hún hentar vel með öllum mat.*



ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010

TILBOÐ
NÝBAKAÐ
VÍNARBRAUÐ
379kr/stk.



TILBOÐ
NÝBAKAÐ
HEILSUBRAUÐ
299kr/stk.



TILBOÐ
NÝBAKAÐ
PISTASÍUSTYKKI
119kr/stk.



TILBOÐ
NÝBAKAÐ
KLEINUR STÓRAR
69kr/stk



NÝTT



FLORIDANA VIRKNI
189kr/stk.

Loksins komið aftur!



LARABAR
289kr/stk.

KYNNING
Í DAG kl. 12-16
Smáralind og Kringlunni.



PATAK´S PASTE
20%
afsláttur v/kassa

KELLOGG´S LEIKUR
2 Kellogg´s vörur gætu gefið þér vinning!
VINNINGAR: iPad og Kellogg´s gjafakörfur



OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 3. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Vatnsskemmtigarður vígður í eyðimörkinni:

# Nefndu garðinn Iceland

**MIÐ-AUSTURLÖND** Við sunnanverðan Persaflóa, í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, var í vikunni vígður nýr vatnsskemmtigarður með sundlaugum, vatnsrennibrautum og veitingastöðum.

Garðurinn heitir Iceland Water Park og má skoða herlegheitin á vefsíðunni icelandwaterpark.com.

Þetta mun vera stærsti og glæsilegasti skemmtigarður sinnar tegundar í gjörvöllum Mið-Austurlöndum.

Ekki er þó alveg víst að garðurinn sé nefndur í höfuðið á eyjunni okkar hér á norðurslóðum. Vera kann að þarna sé einungis á ferðinni almenn tilvísun til íss og kulda. - gb



**VATNAPARADÍS** Þarna geta olíufurstarnir leikið sér í vatninu ásamt fjölskyldunni. NORDICPHOTOS/AFP

## Héðinsfjarðargöng




| | |
|---|---|
| Lengd ganga Siglufjörður - Héðinsfjörður | 3,9 kílómetrar |
| Lengd ganga Ólafsfjörður - Héðinsfjörður | 7,1 kílómetrar |
| Lengd samtals | 11 kílómetrar |
| Fólksfjöldi á Ólafsfirði (1.janúar 2010) | 852 manns |
| Fólksfjöldi á Siglufirði (1. janúar 2010) | 1.214 manns |
| Kostnaður við framkvæmdina | ríflega 12 milljarðar |
| Kostnaður, deilt á íbúa svæðisins | rúmlega 5,8 milljónir á mann |

# Fjallabyggð sameinuð með göngum

**Héðinsfjarðargöngin verða opnuð í dag. Kostnaður við framkvæmdir nemur rúmum 12 milljörðum króna. Munu efla lífsgæði fólks, segir bæjarstjóri.**

**SAMGÖNGUR** Héðinsfjarðargöngin á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verða opnuð í dag. Göngin stytta leiðina á milli bæjarfélaganna tveggja úr 62 kílómetrum í um 15 kílómetra og eru um 11 kílómetrar að lengd. Þar af eru 3,7 kílómetrar á milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 kílómetrar þaðan til Ólafsfjarðar. Kostnaðurinn við göngin eru rúmir 12 milljarðar króna, en áætlaður upphafskostnaður var um 7,5 milljarðar.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir ástæðuna fyrir auknum kostnaði liggja í meiri vatnsaga en gert var ráð fyrir í útboði og nemur sá kostnaður um einum milljarði króna. Afganginn megi skýra með hækkun verðlags og gengis á verktímanum.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, segir göngin vera feiknamikinn áfanga og er bjartsýnn á framtíð bæjarfélaganna tveggja.

„Fyrir sveitarfélög sem eru í 240 kílómetra fjarlægð samgöngulega séð og 60 km fjarlægð að sumri til, þá skiptir svona lagað verulega miklu máli,“ segir Sigurður. Hann er viss um að göngin eigi eftir að borga sig og segir framtíð bæjanna vera í húfi.

Tröllaskaginn verður partur af hringveginum með tilkomu Héðinsfjarðarganganna og segir Sigurður það skipta gríðarlegu máli fyrir ferðaþjónustu á svæðinu þar sem Siglufjörður tengist nú inn í Eyjafjarðarsvæðið.



**BÆJARSTJÓRI FJALLABYGGÐAR** Sigurður Valur Ásbjarnarson segir mikinn létti að göngin skuli vera tilbúin.

„Þetta er mikill léttir,“ segir hann. „Þetta hefur tekið mjög langan tíma og mikinn undirbúning, en sveitarfélög af þessari stærðargráðu verða að sameinast til þess að lifa af.“ Sigurður segir göngin vera grundvallaratriði fyrir byggðarlögin og er ekki í nokkrum vafa um það að uppgangur eigi eftir að eiga sér stað í báðum byggðakjörnum.

„Lífsgæði fólks á þessum svæðum eiga eftir að gjörbreytast til hins betra,“ segir Sigurður.

sunna@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is






...þín innkaup á einstöku verði

# DOMTI®

## Nordica

Með hugsjón snúum við bökum saman.

## Opnar sína fyrstu lágvöruverslun að Smáratorgi 1, kl.10:00 í dag

## 20.000.- vörunúmer

- Snyrtivörur
- Hreinlætisvörur
- Skófatnaður
- Ritföng
- Leikföng
- Plastvörur
- Pappír
- Heimilið
- Gæludýravörur
- Silkiblóm
- Glervörur
- Myndarammar
- Búsáhöld
- Baðvörur
- Hárvörur
- Nærfattnaður
- Ilmvötn
- Kerti
- Partývörur
- Gjafavörur
- Verkfæri
- Bílavörur
- Verkfæri
- Einnotavörur
- Rekstrarvörur
- Vetrarfattnaður
- Garn
- Barnavörur



meira en 20.000 vörutegundir - Lægsta verð 290

meira en 20.000 vörutegundir - Gott verð 390

meira en 20.000 vörutegundir - Gott verð 690

meira en 20.000 vörutegundir - Hæsta verð 990

## Opnunnartilboð yfir helgina á meðan birgðir endast :

290.-



Armbandsúr

290.-



Fyrir kisuna

290.-



Box 12 lítra

290.-



Stór eldhúsrúlla

290.-



Leggings

290.-



16 stk. vc rúllur

-pamfill-

Sími: 510 4000

Opið alla helgina 10:00 -18:00

www.domti.is

# Fyrri heimsstyrjöldinni lýkur á morgun

**Þýskaland lýkur greiðslu stríðsskaðabóta eftir fyrra heimsstríðið á morgun, 92 árum eftir að byssurnar þögnuðu. Þá hefur verið gerð upp skuld sem við gerð Versalasamningsins árið 1919 var metin á 70 til 80 þúsund tonn af hreinu gulli.**

**SAGA** Þjóðverjar ljúka við að greiða stríðsskaðabætur eftir heimsstyrjöldina fyrri á morgun, 92 árum eftir að ófriðnum lauk. Lokagreiðslan er 60 milljónir punda en upphaflega voru Þjóðverjar neyddir til að skrifa upp á að greiða 226 milljarða ríkismarka; upphæð sem í dag er talin jafngilda 70 til 80 þúsund tonnum af gulli. Sú upphæð var lækkuð í 132 milljarða ríkismarka sem er talið vera 700 milljarðar evra að núvirði.

Stríðsskaðabæturnar voru hluti af Versalasamningnum frá 1919, en samningurinn var dreginn upp af leiðtogum Breta, Frakka og Bandaríkjanna að stærstum hluta. Þjóðverjar fengu ekki að sjá samninginn fyrr en við undirritun hans.

Með samningnum þurftu Þýskaland og bandamenn þess að gangast undir að þeir bæru alla ábyrgð á ófriðnum í Evrópu og þar með mannfalli og efnahagslegum skaða heillrar heimsálfu. Talið er að tíu milljón hermenn og sjö milljónir óbreyttra borgara hafi fallið.

Fyrir því eru færð sterk rök að stríðsskaðabæturnar hafi fyrst og síðast grafið undan stjórnmálalegum stöðugleika Þýskalands og Evrópu. Hagfræðingurinn John Maynard Keynes spáði því að samningurinn myndi reka Evrópu út í annað stríð, sem auðvitað rættist.



**SKOTGRAFAHERNAÐUR** Stríðið stóð frá 1914 til 1918. Mestallan tímann einkenndust átökin af skotgrafahernaði á austur- og vesturvígstöðvunum. Margir vilja meina að stríðinu ljúki fyrst á morgun þegar skuld Þjóðverja verður að fullu greidd.

Eftir að Kreppan mikla skall á 1929 hélt Þýskaland áfram að borga skaðabæturnar með því einfaldlega að prenta peninga. Weimar-lýðveldið sökk í skuldir og í óðaverðbólgu kreppuáranna þurfti tíu milljónir marka til að kaupa brauðhleif. Á þessu nærðist Adolf Hitler og boðaði að snúa við óréttlætinu sem fólst í Versalasamningnum. Fyrir boðskap hans var frjór jarðvegur sem varð til þess að hann náði völdum 1933.

Þjóðverjar ættu að vera löngu búnir að gera upp skuld sína. Hitler neitaði hins vegar að greiða bæturnar og endurgreiðslur hófust ekki að nýju fyrr en 1954. Þá hafði Vestur-Þýskaland gengist í ábyrgðir fyrir skuldinni sem var að mestu greidd árið 1983. Hins vegar sátu eftir há lán í breskum og bandarískum bönkum. Weimar-lýðveldið tók til að greiða stríðsskaðabæturnar á árunum 1921 til 1923.

Í London-skuldasamningnum frá 1953 var ákveðið að lánin skyldu endurgreidd ef Þýskaland sameinaðist að nýju. Greiðslur þessarar skuldar hófust árið 1996 og verður hún fyrst nú þurrkuð út úr bókum þýska ríkisins. svavar@frettabladid.is



**ELDRAUÐUR GANDHI** Þessi stytta af Mahatma Gandhi ásamt tveimur hermönnum er á sýningu til heiðurs þessari sjálfstæðishetju Indverja í Ahmedabad. NORDICPHOTOS/AFP

Starfsmannastjórinn hættir:

## Býður sig fram í Chicagoborg

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti skýrði frá því í gær að Rahm Emanuel, starfsmannastjóri í Hvíta húsinu og einn helsti ráðgjafi forsetans, ætli að hverfa úr starfi og bjóða sig fram til borgarstjóra í Chicago.



**RAHM EMANUEL**

Jafnframt tilkynnti Obama að Peter Rouse taki við starfinu til bráðabirgða, en Rouse var starfsmannastjóri Obama þegar hann var öldungadeildarþingmaður. Miklar vangaveltur hafa verið um að Emanuel myndi bjóða sig fram eftir að Richard Deley, borgarstjóri í Chicago, sagðist ekki sækjast eftir endurkjöri. - gb

Prófa útreikningana í tölvum:

## Viðskiptavefur opnaður um miðjan mánuð

**VIÐSKIPTI Stefnt er að því að endurútreikningar einföldustu gengislánasamninga Lýsingar verði aðgengilegir um miðjan mánuðinn.**

**„Aðalmálið er að fólk fái rétta stöðu,“ segir Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Lýsingar.**

**„Frumvarp í smíðum gefur vonir um að hægt verði að ganga frá langflestum málum á mjög skömmum tíma,“ segir Halldór.**

**Lýsing hefur lokið við útreikning einfaldari lána, en prófar nú þann útreikning í tölvukerfum sínum. Halldór segir hins vegar ráð fyrir því gert að viðskiptavefur Lýsingar verði opnaður um miðjan október. „Fólk getur þá séð sinn útreikning.“ - óká**

Fyrsta holl klárt á fimmtudag:

## Vita ekki hvenær öllu lýkur

**VIÐSKIPTI** Fyrst í stað leggur SP-Fjármögnun áherslu á að ljúka endurútreikningi á þeim samningum þar sem einn og sami lántaki hefur verið skráður frá upphafi. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið eigi síðar en fimmtudaginn 7. október næstkomandi.

„Ekki liggur ljóst fyrir hvenær endurútreikningi annarra samninga lýkur en kappkostað er að þeirri vinnu ljúki eins fljótt og kostur er. Hér er sérstaklega átt við samninga sem hafa verið yfirteknir af öðrum leigutaka,“ segir í tilkynningu félagsins í gær. - óká


IBM | COMES TO YOU 2010

Ráðstefna Nýherja og IBM | Hótel Örk 7. október 2010



**Helstu IBM sérfræðingar á Norðurlöndum leiða þig inn í framtíðina**

- **IBM System x Intel netþjónar**
- **IBM gagnageymslulausnir**
- **IBM Tivoli afritunar-, aðgangs- og öryggishugbúnaður**
- **IBM Power, Unix og AS/400 netþjónar**

Fyrirlesarar:

**Svend E. Kundby-Nielsen**
*STG Director IBM Nordic – Smarter Systems for a Smarter Planet*

**Michael Ö. Larsen**
*IBM – POWER7 New Announcements 2010*

**Ulrik Rosendahl**
*IBM – Tivoli Identity & Access Manager*

**Helgi Magnússon**
*Nýherji – System x álagsmælingar með Windows Perfmon*

15 önnur erindi frá sérfræðingum IBM, CCP, Arrow, NetApp og Nýherja.

Á ráðstefnunni verður hulunni svipt af tímamótalausn frá IBM.

**Ómissandi fyrir þá sem starfa við rekstur upplýsingatæknikerfa.**

Dagskrá og skráning á **www.nyherji.is**

ENNEMM / SIA / NM43778

IBM Premier Business Partner

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 www.nyherji.is BETRI LAUSNIR



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
IDP
IDP
620 ný ársverk
í Straumsvík
Á næstu árum mun Rio Tinto Alcan fjárfesta fyrir 57 milljarða króna í álverinu í Straumsvík.
Ráðist verður í tvö stór verkefni. Straumhækkun mun auka afköst kerskálanna og skapa 360 ný störf þegar framkvæmdir standa sem hæst á næsta ári. Breytingar á steypuskála auka verðmæti framleiðslunnar og skapa um 150 ný störf árið 2011.
Samanlagt kalla þessi verkefni á 620 ný ársverk á Íslandi.
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Undirliggjandi óánægja kom fram í mótmælunum á Austurvelli í gær:

## (Önnur) vanhæf ríkisstjórn

Óþægilegar minningar frá mótmælunum í janúar í fyrra hafa vafalaust sótt á marga er fréttir bárust af mótmælaaðgerðum á Austurvelli við setningu Alþingis í gær. Margt er líkt; mótmælendur sem veifa spjöldum og berja búsáhöld (sum andlitin eru meira að segja kunnugleg), lögreglumenn gráir fyrir járnum. Slagorðið „vanhæf ríkisstjórn“. Nema hvað nú er önnur ríkisstjórn við völd en sú sem var mótmælt í janúar 2009.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Sem betur fer fór ástandið ekki algjörlega úr böndunum í þetta sinn og enginn meiddist. Samt átti það sama við og í fyrra, að lítill hópur manna setti ljótan blett á mótmælin. Menn sannfæra engan um ágæti skoðana sinna með því að brjóta rúður í Dómkirkjunni og fleygja drasli í fólk. Það er ofbeldi, þótt það sé ekki jafnalvarlegt og það sem lítill hópur hafði í frammi fyrir hálfu öðru ári.

Óánægjan með ástand mála er hins vegar klárlega undirliggjandi og brauzt fram á Austurvelli í gær. Margir af þeim sem í janúar 2009 voru hræddir og reiðir kunna í dag að vera í þeirri stöðu að hafa verið atvinnulausir síðan og jafnvel búnir að missa eignir sínar og heimili. Ríkisstjórnin hefur enn ekki leyst með sannfærandi hætti úr vanda skuldara. Ýmislegt hefur áunnizt, en talsverður hópur fólks telur það augljóslega ekki nóg.

Nú er stóra spurningin hvort einhver munur er á ríkisstjórninni sem var hrópuð niður í ársbyrjun í fyrra og þeirri, sem nú er sögð vanhæf í hrópum mótmælendanna á Austurvelli. Hver er munurinn? Hvað getur þessi ríkisstjórn sem hin fyrri gat ekki?

Getur hún sannfært fólk um að gripið verði til aðgerða sem duga til að „slá skjaldborg um heimilin“, svo notaður sé einn útjaskaðasti frasi undanfarinna missera? Í stjórnarliðinu virðast sumir vera farnir að hafa efasemdir um það, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Sumir stjórnarliðar vilja kosningar og telja að ríkisstjórnina hafi þrotið örendið. Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að skjaldborgin sé „ekki nema svipur hjá sjón hjá því sem hún átti að vera“.

Spurningin er áleitin, ekki sízt fyrir annan stjórnarflokkinn, Vinstri græn, sem tók upp samstarf við Samfylkinguna í stað Sjálfstæðisflokksins. Því fögnuðu margir, sem kölluðu „vanhæf ríkisstjórn“ í fyrra skiptið. Vinstri græn höfðu heldur ekki látið sitt eftir liggja að ýta undir mótmælin og hjálpa til við skipulagningu þeirra. Sú söguskoðun er útbreidd, ekki sízt á meðal vinstri grænna sjálfra, að „búsáhaldabyltingin“ hafi fleytt þeirra fólki í ráðherrastólana.

Hvað segja þeir nú? Hvernig sannfæra ráðherrar Vinstri grænna fólkið á Austurvelli um að þeir séu vandanum vaxnir?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

KMS Kvíðameðferðarstöðin

**Námskeið við prófkvíða**

- **Finnur þú fyrir miklum kvíða í prófundirbúningi eða í prófum?**
- **Er kvíðinn farinn að hafa áhrif á námsgetu þína?**

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir sex vikna námskeiði við prófkvíða, þar sem kenndar eru leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til þess að draga úr kvíða tengdum prófundirbúningi og próftöku. Unnur J. Smári sálfræðingur og Halldóra B. Bergmann sálfræðingur og námsráðgjafi munu stýra námskeiðinu. Námskeiðið hefst þann 13. október n.k. Nánari upplýsingar og skráning hjá Kvíðameðferðarstöðinni, www.kms.is, í símum 534-0110 eða með tölvupósti á kms@kms.is en skráningu lýkur 11. okt. n.k.

Einnig minnum við á námskeið við ofsakvíða sem hefst 14. október og námskeið við félagsfælni þann 18. október n.k.

## SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Eftirmálin



ÞORSTEINN PÁLSSON

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur réttilega dregið þrjár ályktanir af ákæru Alþingis á hendur Geir Haarde. Í fyrsta lagi: Að hún sé pólitísk og að frumkvæði VG. Í annan stað: Að hún muni eitra þjóðfélagið. Í þriðja lagi: að hún muni auka á pólitíska upplausn. Almenn samstaða virðist vera um það í þjóðfélaginu að Alþingi hafi sett niður við meðferð málsins. Þetta á bæði við um þá sem hlynntir voru ákærum og eins hina sem eru þeim andvígir. Stóra spurningin er þá þessi: Hvernig ætla leiðtogar meirihlutans á Alþingi að vinna úr þeirri stöðu?

Í Grikklandi hinu forna gerðist sá atburður að herforingjar Aþeninga gátu ekki vegna óveðurs bjargað áhöfnum nokkurra skipa sem sokkið höfðu í sigursælli orrustu gegn Spartverjum við Arginúsu. Í bráðræði ákærði þingið herforingjana fyrir að sinna ekki björgunarskyldum. Þeir voru síðan umsvifalaust teknir af lífi.

Þá rann upp fyrir mönnum að hvatvísin hafði teymt þá út af braut réttvísinnar. Þeir þingmenn sem sjálfir höfðu greitt atkvæði með ákærunum brugðust við með því að ákæra þá foringja sína sem höfðu haft forystu um málatilbúnaðinn.

Þessi atburður er talinn vera eitt af dæmunum um þá hnignun siðgæðis og þau óhæfuverk sem leiddu til þess að gullöld Aþenu lauk. Allar götur síðan hafa sambærilegir atburðir haft svipuð áhrif í smáum stíl eða stórum.

Augnabliksreiði er ekki stærsti vandinn í þessu samhengi þó að hún sé ekki góður förunautur. Annað hefur lengri og dýpri áhrif, ef marka má reynslu sögunnar, og það er þetta:

Þeir sem skynja að þeir bera ábyrgð á ómálefnalegri, órökrænni og ósanngjarnri niðurstöðu byrja smám saman að verja samvisku sína með því að ala á hatri gagnvart þeim sem þeir beittu óréttti og öllum sem málstað þeirra tóku.

Það er þetta eitur samviskuveikinnar sem á eftir að auka á upplausn stjórnmálanna.

# Eitur samviskuveikinnar

Steingrímur J. Sigfússon lýsti því að hann hefði haft sterka sannfæringu fyrir því að ákæra Geir Haarde. Síðan bætti hann við að vilji hans hefði staðið til að ákæra annan mann. Ekkert nafn var þó nefnt í því sambandi.

Erfitt er að skilja þetta á annan veg en að bakari hafi verið hengdur fyrir smið. Margir sýnast deila þeirri skoðun. Sérstaklega eftir þá innbyrðis ósamkvæmni í atkvæðagreiðslunni sem Sigurður Líndal hefur réttilega bent á að veiki ákæruna verulega. Formaður ákærunefndarinnar hefur greint frá því að hann hafi haft veður af því áður en hann gekk inn í þingsalinn að allar tillögur hans myndu falla. Fyrir þeirri niðurstöðu hafði forsætisráðherra enda fært sterk og gild rök.

Áður en atkvæðagreiðslan hófst steig formaðurinn í ræðustól og vísaði til þess að ákærurnar væru hluti af framkvæmd stjórnarsáttmálans. Vel má vera að sú tilvísun hafi ráðið úrslitunum. Jafnframt hefur formaðurinn upplýst að hann hafi í nokkra daga fyrir atkvæðagreiðsluna vitað af undirmálum þingmanna Samfylkingarinnar í málinu.

Þetta segir tvennt: Annars vegar að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar byggðist fremur á pólitík en refsiréttarsjónarmiðum. Hins vegar að þeir sem ábyrgðina bera eru þegar farnir að spýta pólitísku eitri til að verja samvisku sína.

Allt er þetta í samræmi við gömul lögmál um atburði af þessum toga.

# Gildran

Steingrímur J. Sigfússon virðist bera mesta ábyrgð á þeirri pólitísku niðurstöðu sem varð í ákærumálinu og sætir ámæli í samræmi við það. Sjálfstæðisflokkurinn er gagnrýndur af þeim sem vildu ákæra. Sundrung Samfylkingarinnar hefur hins vegar leitt til þess að hún er fordæmd úr öllum áttum.

Með því að vísa til stjórnarsáttmálans sem lokaröksemdar fyrir ákærunum var VG opinskátt og trúlega að yfirveguðu ráði að setja málið í pólitískt samhengi stjórnarsamstarfsins.

Forsætisráðherra hafði áður flutt magnaða ræðu gegn ákærum Steingríms J. Sigfússonar. Atkvæðagreiðslunni lýsti forsætisráðherra síðan réttilega sem sögulegri stund.

Þegar til kastanna kom lýstu allir þingmenn VG og helmingur þingmanna Samfylkingarinnar vantrausti á dómgreind og málflutning forsætisráðherra. Svo er önnur spurning hversu lengi þeir hrósa happi með þau málalok.

Á eftir lýsti Jóhanna Sigurðardóttir því yfir að þetta vantraust hefði engin áhrif. Fáir hafa mælst til þess að Jóhanna Sigurðardóttir segi af sér vegna niðurstöðu málsins.

Hitt er staðreynd að eftir að VG setti ákærurnar í beint samband við framkvæmd stjórnarsáttmálans getur forsætisráðherra ekki leyst sig undan ábyrgð á niðurstöðu Alþingis nema með því að segja af sér. Það var sú gildra sem VG leiddi forsætisráðherrann í og nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar skynjuðu greinilega.

Það er kaldhæðni örlaganna að Jóhanna Sigurðardóttir skuli sitja í þessari súpu og bera pólitíska ábyrgð á niðurstöðu sem er henni þvert um geð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


TOYOTA
Arnar Jónsson
Verkstæði Toyota
Toyota - Bara lausnir
Við eigum líf fyrir utan vinnuna. En okkar einbeitti þjónustuvilji, hæfni og kunnátta, fylgir okkur hvert sem við förum. Í stað þess að einblína á vandamálin finnum við lausnir.
Komdu við hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota þegar þú vilt fyrsta flokks þjónustu.
Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2
Kópavogur
Sími: 570-5070
www.toyota.is
Today
Tomorrow
Toyota

# BRJÁLUÐ




FRÁBÆRT VERÐ
Á FRYSTIKISTUM

5 ára ábyrgð

272 ltr.

89.900,-
~~105.900,-~~

**Frystikista Frigor TM-300**
272 ltr. stærð 89.5x102x64.5 sm.
Frystigeta 18 kg/24 klst
5245309



9.900,-
~~11.995,-~~

**Örbylgjuofn**
Hvítur 20 ltr. 800 w.
1840909



1.490,-

**Loftljós Charm**
Kúpull 30 sm.
6001311



1.290,-
~~2.279,-~~

**Kastari Kappa**
Hvítur, plast, E13.
6001415



2.290,-

**Stafræn baðvog**
Hámarksþyngd 150 kg.
8056564



3.990,-

**Baðherbergissett**
5 stk.
1840909



ekta dúnúlpur

9.990,-

**Dúnúlpa**
Herra/dömu.
5869816-34



32.990,-
~~49.995,-~~

Vegghengt salerni með öllu

Vegghengt salerni
Wc grind með kassa,
salernisskál, klósettsetu
og hvítum skolhnapp.
8078415

**BLÓMAVAL 40 ÁRA**
Afmælis kaffihlaðborð í Kaffi Garði Skútuvogi
laugardag - sunnudag kl. 13:30-16:30

AÐEINS
250kr

# TILBOÐ

## í Húsasmiðjunni




3 ltr.
**2.995,-**
~~3.695,-~~

**Jotaproff**
Gæða veggmálning gljástig 7.
7119866



**15.995,-**
~~22.999,-~~

ein bestu kaupin í dag
3 rafhlöður, ljós og bitasett

**Hleðsluborvél Hitachi**
3 rafhlöður, bitasett, ljós og taska.
5247480



10 stk.
**695,-**

**Perur Osram**
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.



**5.499,-**
~~6.995,-~~

**Vörutrilla**
150 kg.
5080150



**2.190 kr/m²**
~~2.990 kr/m²~~

**Vatnsklæðning**
Kúpt 21x110mm
50900



**7.999,-**

**Softshell jakki**
Dömu, S-3XL.
5863605-10

sparpera
**360,-**

**Sparpera Osram**
Dulux-S 9W.
6189206

**6.999,-**

**Softshell jakki**
Sport, herra.
5863582

sparpera
**599,-**

**Sparpera Osram**
Dulux-Value 11W.
6189468

**Kerrur í úrvali**



**Kerra Basic 550 EG**
Heildarburður 550 kg.
Innanmál kassa
L154 x B105 x H31 sm
5798018

**119.900,-**
~~139.990,-~~



**Mótorhjólakerra**
Heildarburður 750 kg.
Heildarmál 292 x 152 x 90 sm,
pallur 194x108 sm.
5798001

**119.900,-**
~~139.990,-~~



**129.900,-**
~~149.900,-~~

**Kerra Basic 750 EG**
Heildarburður 750 kg.
Innanmál kassa L201 x B108 x H33 sm
5798000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

AF NETINU

### Það sem hefði getað orðið



Kannski var það blessun að íslenska efnahagskerfið hrundi árið 2008 áður en nýfrjálshyggjumönnum tókst að koma orkuauðlindunum, menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu í einkahendur (eða einkavinahendur) – eins og hafði áður verið gert við kvótann og bankana.

Á Íslandi hefur verið nokkuð almennt samkomulag um að menntun og heilbrigðisþjónusta eigi ekki að vera ofurseld gróðafíkn, að samfélagsleg markmið liggi þar að baki.

En á því eru undantekningar. Ýmsir voru farnir að sjá menntamál sem féþúfu. Menntaskólinn Hraðbraut er kannski dæmi um það sem hefði getað orðið – skóli þessi naut sérstakrar velvildar hjá menntamálaráðuneytinu, þurfti ekki að endurgreiða ofgreidd gjöld frá ríkinu, en á sama tíma var eigandi skólans að dæla arði út úr skólanum í eigin vasa.

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

# Er ADHD ofgreint?

ADHD

**Steindór J. Erlingsson**
vísindasagnfræðingur



Að undanförnu hefur talsvert verið rætt í fjölmiðlum um athyglisbrest og ofvirkni (ADHD) og mögulega misnotkun á lyfjunum sem notuð eru til þess að meðhöndla geðröskunina. Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um að gagnrýna of mikla ávísun ADHD-lyfja eða verja ágæti lyfjanna til þess að bæta líf þeirra fjölmörgu einstaklinga sem þau nota. Við þurfum að opna þessa umræðu enn frekar og spyrja tveggja mikilvægra spurninga: 1) Í samanburði við hvað er ávísun ADHD-lyfja mikil hér á landi? 2) Er ADHD mögulega ofgreint?

1. Í grein eftir Helgu Zoëga, Matthías Halldórsson, fyrrverandi aðstoðarlandlækni, og fleiri, sem birtist á síðasta ári í Journal of Child and Adolescent Psychopharmacology, koma fram sláandi upplýsingar um geðlyfjaneyslu barna og unglinga hér á landi. Ávísun geðlyfja til þessa aldurshóps er sú mesta sem þekkist í Evrópu, en er að einhverju leyti sambærileg við það sem tíðkast í Bandaríkjunum. Eins og bent er á í greininni eigum við heimsmet í ávísun þunglyndislyfja til barna og unglinga. Ávísun geðrofslyfja hér á landi er einnig langt umfram það sem tíðkast í Evrópu, sem er varasöm þróun vegna alvarlegra aukaverkana geðrofslyfja.

Samkvæmt greininni hefur ávísun ADHD-lyfja aukist gríðarlega á undanförnum tveimur áratugum. Ef Ísland er borið saman við hin Norðurlöndin koma fram athyglisverðar tölur. Í samanburði við Finna nota Danir, skv. grein sem kom út í finnska læknablaðinu árið 2006, tvisvar sinnum meira af þessum lyfjum, Svíar þrisvar, Norðmenn átta en Íslendingar 22 sinnum meira. Þrátt fyrir áhyggjur sumra lækna og vísindamanna af langtímaáhrifum þessara lyfja kemur fram í skýrslu lyfjaframleiðendanna, sem opinberuð var í upphafi mars, að fyrirtækin sjá ekki ástæðu til þess að kanna málið nánar.

2. Í ljósi mögulegra neikvæðra afleiðinga af langvarandi neyslu ADHD-lyfja er mikilvægt að einungis þeir sem þurfa nauðsynlega á meðferðinni að halda fái hana. Það hlýtur því að vera talsvert áhyggjuefni þegar einn af höfundum skilgreiningarinnar á ADHD, bandaríski geðlæknirinn Allen Frances, viðurkenndi ítrekað fyrr á þessu ári í bandarískum fjölmiðlum að hún hefði stuðlað að „fölskum faraldri“. Frances segir ADHD-netið hafa of þrönga möskva. Það hafi „fangað marga ‚sjúklinga‘ sem hefði líklega vegnað mun betur utan geðheilbrigðiskerfisins“. Ástæða þess að Frances getur haldið þessu fram er að við greiningu á ADHD, eða öðrum geðröskunum, er stuðst við huglæga spurningalista en ekki hlutlæg líffræðileg próf.

Eins og Allen Frances gefur í skyn fylgja ýmis vandamál flokkun og greiningu geðraskana og rista þau raunar svo djúpt að Frances og Steven E. Hyman, fyrrverandi forstjóri bandarísku geðheilbrigðisstofnunarinnar, hafa líkt þeim við ástand líffræðinnar áður en Darwin setti fram þróunarkenninguna sína árið 1859. Má líkja sumum þeirra við þá staðreynd að fyrir daga Darwins var hægt að flokka höfrunga með fiskum og leðurblökur með fuglum því oftast var horft á yfirborðseinkenni, eins og geðlæknisfræðin gerir í greiningum sínum, en ekki undirliggjandi skyldleika.

Í septemberhefti Journal of Health Economics birtust tvær óháðar rannsóknir sem varpa skýru ljósi á þessa hættu. Í báðum rannsóknunum var kannað hvort aldur innan árgangs hefði áhrif á hvort börn væru greind með ADHD. Þegar horft er á einstaklinga sem eru að hefja skólagöngu sína eru yngstu börnin innan árgangsins, skv. annarri rannsókninni, 60% líklegri til þess að fá ADHD-greiningu en þau sem eldri eru. Þegar þessir einstaklingar eru komnir upp í 6. og 8. bekk er tvisvar sinnum líklegra að þeir séu á ADHD-lyfjum en þeir sem eldri eru innan árgangsins. Höfundar beggja rannsóknanna telja þetta skýra vísbendingu um að „ADHD-einkennin“ endurspegli einungis tilfinninga- og vitsmunalegan vanþroska yngstu nemendanna. Niðurstaða beggja rannsóknanna er því sú að u.þ.b. 20% þeirra barna og ungmenna í Bandaríkjunum sem fá ADHD-greiningu séu ranglega greind.

Ég tel brýnt að sambærileg rannsókn verði gerð hér á landi því ef rétt reynist þurfa yngstu börnin í hverjum grunnskólaárgangi ekki lyf heldur þarf skólakerfið að koma til móts við þarfir þessara einstaklinga. Einnig tel ég heilbrigðiskerfið skulda almenningi skýringu á því af hverju ávísun geðlyfja til barna og unglinga hér á landi er jafn mikil og raun ber vitni. Það er kominn tími til að við sem samfélag horfum upp úr pillulösunum og út fyrir greiningarprófin og spyrjum okkur hvort við séum á réttri leið.



# Nýtt Ísland = nýjar reglur í samningamennsku og heimilum fórnað?

Gengislán

Sigurður Ragnarsson
háskólakennari



Nýtt Ísland á meðal annars að byggja á trausti. En fær almenningur að sjá að þeir sem fara með völdin og ráða för í þessu landi ætli að ávinna sér traust? Það sýnist mér ekki. Dómur Hæstaréttar í gengismálinu svokallaða er dæmi um þetta. Dómurinn á að hafa fordæmisgildi fyrir húsnæðislán í erlendri mynt en á því eru nokkrir gallar og þ.á.m. að þeir sem tóku húsnæðislán í erlendri mynt sömdu aldrei um þessi kjör sem Hæstiréttur hefur nú kveðið á um. Langflestir sem tóku þessi lán voru einmitt að forðast svona vaxtakjör og gerðu því skriflegt samkomulag við sína fjármálastofnun, þ.e. sömdu um allt annað.

Með öðrum orðum, lántakar treystu því að með því að gera sérstakan samning myndu þeir tryggja hagsmuni sína með ákveðnum hætti og lögðu þar með traust sitt á að samningar myndu standa. En hvað gerist? Á sama tíma og fjármálastofnanir hvetja fólk til að taka lán í erlendri mynt taka þær vísvitandi stöðu gegn krónunni og gegna þar með lykilhlutverki í falli hennar. Þarna brugðust þessi fyrirtæki trausti viðskiptavina sinna og brutu gróflega á þeim. En allt í lagi, fólkið gerði samning við þessi fyrirtæki og þeir hljóta að standa? Eða hvað? Greinilega ekki.

Almenningur með þessi láni treysti á stjórnvöld og dómstóla að gæta hagsmuna þeirra og leysa málin með farsælum og sanngjörnum hætti en það virðist ekki vera á stefnuskránni. Eina manneskjan sem virðist tengd við raunveruleikann í núverandi stjórnarflokkum og sem berst af alvöru fyrir hagsmunum skuldara er Lilja Mósesdóttir og mættu aðrir stjórnarliðar taka sér hana til fyrirmyndar. Stjórnvöld hafa lítið gert fyrir skuldara annað en finna leiðir til að framlengja vandanum og útbúa lausnir sem snúast um að fólk samþykki að binda sig í ævilanga skuldaánauð. Það vefst ekki fyrir neinum að það eru fyrst og fremst bankarnir sem hagnast á aðgerðum og hugmyndum ríkisstjórnar og hagsmunir þeirra eru því settir hærra hagsmunum almennings. Nú eiga viðskiptabankarnir þrír 700 fasteignir skv. Fréttablaðinu hinn 20. september. Hvað verða þær margar þegar fram líða stundir?

> En eitt er víst, við getum ekki treyst þeim samningum sem við gerum, jafnvel þó að þeir samningar snerti eina mikilvægustu fjárfestingu sem fólk leggur í…

Og nú rær Hæstiréttur á sömu mið. Hvers vegna staðfesta ekki stjórnvöld og dómstólar að samningar skuli standa? Hvaða skilaboð eru þessir aðilar að senda frá sér? Getur fólk treyst því að samningar sem það gerir í framtíðinni við stofnanir og fyrirtæki standi? Af hverju ætti fólk að treysta því? Það er ótrúlegt að horfa upp á þá aðila sem bera ábyrgð á því að reisa við land og þjóð vinna málin með þessum hætti. Þessir aðilar eru að skrásetja sorglegar línur á spjöld sögunnar.

En eitt er víst, við getum ekki treyst þeim samningum sem við gerum, jafnvel þó að þeir samningar snerti eina mikilvægustu fjárfestingu sem fólk leggur í, þ.e. húsnæðiskaup. Ég kenni samningatækni og ég sé núna að ég þarf að breyta innihaldi kennslunnar því leikreglur hafa augljóslega breyst. Þeir sem byggja upp nýtt Ísland telja nefnilega að það þurfi ekki endilega að standa við samninga og það er í lagi að fórna þúsundum heimila því „svona er bara lífsins gangur“ eins og einn ráðherrann orðaði það. Hver verða áhrifin á það sem við köllum traust? Hver verða áhrifin á framtíð okkar?

AF NETINU

## Evrópska módelið



Evrópska módelið er samfélag sem viðurkennir það í orði og verki að einstaklingarnir eru mismunandi, koma frá mismunandi stöðum, hafa mismunandi húðlit, hafa mismunandi trú eða enga, eru af mismunandi kyni, hafa mismunandi kynhneigð. Þetta er fjölmenningarsamfélag þar sem lög og reglur gilda jafnt fyrir alla. Gagnvart ríkinu allir jafnir. Aðgangur að baðstöðum og diskótekum og annarri þjónustu jafn fyrir alla. Bannað að mismuna fólki. Þessi atriði ætti allt heiðvirt fólk að hafa í huga og ef við ætlum að reisa nýtt Ísland þá verður það vonandi á þessum grunni. Ekki á grunni einangrunarhyggju, rasisma, misréttis og aulaskapar.

blog.eyjan.is/baldurkr
Baldur Kristjánsson




Þegar þú greiðir niður yfirdráttinn þá lækkum við vextina hjá þér

Að greiða niður yfirdráttinn með samningi við Íslandsbanka er einhver besti sparnaður sem völ er á því þú lækkar vaxtakostnaðinn svo um munar.

Dæmi*

Yfirdráttur .................... 360.000 kr.
Mánaðarlækkun yfirdráttar ...... 15.000 kr.
Fjöldi mánaða ...................... 24

Vaxtakostnaður lækkar vegna þess að yfirdrátturinn minnkar og vegna þess að vaxtaprósentan lækkar.

Lægri vaxtaprósenta ............ 12.188 kr.
Lækkandi yfirdráttur ........... 43.125 kr.
**Sparnaður á tímabili ........... 55.313 kr.**

**Þú færð nánari upplýsingar á islandsbanki.is og hjá ráðgjafa í þínu útibúi.**

*Í dæminu er miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 12,50% í 9,25%.

Lækkaðu yfirdráttinn



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki




# Ekki misþyrma Jóni með leiðindum

**Afmæli Jóns Sigurðssonar**

**Svavar Gestsson**
fyrrverandi menntamálaráðherra



Hættan við afmælisár Jóns Sigurðssonar er aðallega sú að árið verði allt of fjarlægt venjulegu fólki. Þannig auki árið á fjarlægðina milli Jóns og almennings í landinu. Það má ekki verða. Árið á ekki að nota til að misþyrma Jóni Sigurðssyni með leiðindum.

Þegar hefur verið lagt í heilmikinn undirbúning til að minnast þess myndarlega að á næsta ári verða tvö hundruð ár liðin frá því að Jón Sigurðsson fæddist. Greinilegt er að sjónir fólks beinast einkum að eftirfarandi stöðum og þáttum:

1. Að Alþingi, sem sannarlega er sá staður sem best er til þess fallinn að minnast Jóns Sigurðssonar. Besta afmælisgjöfin til þjóðarinnar í tilefni afmælisins væri að sett yrði saman á næsta ári ný tillaga að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Það verkefni er í undirbúningi. Ég hef áður skrifað stutta grein um nokkrar mikilvægar breytingar sem ég tel að gera eigi á stjórnarskránni varðandi stjórnkerfi lýðveldisins. En auk þess á að setja í nýja skrá ákvæði um að þjóðin eigi auðlindirnar, eins og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, benti á í viðtalsþætti mínum á ÍNN nýlega. Þá ber að styrkja mannréttindaþáttinn og svo á að breyta uppbyggingu stjórnarskrárinnar, það er að setja manninn og frelsi hans fremst og stofnanirnar síðast en ekki öfugt.

2. Háskóli Íslands minnist hundrað ára afmælis síns á næsta ári og um leið 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar. Þar er margt skemmtilegt í undirbúningi sem meðal annars var kynnt fyrir áhugasömum á einkar fróðlegu málþingi á Skagaströnd fyrir nokkrum dögum. Besta afmælisminningin á vegum háskólans væri þó að efla skólann, sem meðal annars mætti gera með því að sameina að einhverju leyti þá skóla sem nú eru kallaðir háskólar. Í Danmörku er talið hæfilegt að hafa einn háskóla á hverja eina milljón íbúa. Á Íslandi eru sjö háskólar handa 330 þúsund manns; það eru innan við 50 þúsund manns á háskóla. Tuttugasti partur af því sem miðað er við á Norðurlöndum.

> Á næstu mánuðum munu æ fleiri halda því fram að Jón Sigurðsson hefði orðið á móti aðild Íslands að ESB; jafnmargir að minnsta kosti munu halda því gagnstæða fram. Jón mun þola hvorutveggja.

3. Sjónir manna beinast eðlilega til húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn á afmælisárinu. Þar hefur margt verið vel gert og því verður haldið áfram. Þar hefur Alþingi staðið sig frábærlega vel við að byggja upp staðinn og efla á alla lund. Þar þarf ekki miklu við að bæta frá því sem þegar hefur verið gert.

4. Hrafnseyri er staður í vanda. Þar hefur verið ákveðið að eyða tugum milljóna í endurbætur í ár og næsta ár. Staðinn þarf að efla og Hrafnseyri þarf að tengja við íslenska háskólasamfélagið með skipulegum hætti. Hrafnseyri er þjóðargersemi en ekki byggðasafn nánasta umhverfis. Þó gæti Hrafnseyri risið til vegs með því til dæmis að hafa þar yfirumsjón með rannsóknum á stórbrotinni náttúru Arnarfjarðar og nágrennis, svo dæmi sé nefnt.

Þannig þarf ekki endilega að efna til stórkostlegra nýrra fjárútláta vegna afmælisins, því margt er á dagskrá á Alþingi og í háskólum sem hentar til að minna okkur á forystuhutverk Jóns Sigurðssonar.

Á næstu mánuðum munu æ fleiri halda því fram að Jón Sigurðsson hefði orðið á móti aðild Íslands að ESB; jafnmargir að minnsta kosti munu halda því gagnstæða fram. Jón mun þola hvorutveggja. Hann hefur verið mikilvægur leiðtogi Íslands og táknmynd í 200 ár; það er ekki endilega víst að hann verði það næstu 100 ár. Hjá honum er vissulega ekki að finna leiðarvísa í kvenfrelsisbaráttu eða umhverfisbaráttu komandi áratuga eða til umræðna um stöðu innflytjenda, svo brýnustu verkefni samtímans séu nefnd. En hjá honum er að finna kjark og bjartsýni til að taka á móti framtíðinni sem er full af tækifærum.



# Versnandi starfsumhverfi

Vinnumarkaður

Sólveig Sigr. Jónasdóttir
upplýsingafulltrúi SFR



Í launakönnun SFR sem kynnt var í vikunni kemur í ljós að launabil á milli starfsmanna í almannaþjónustu og starfsmanna á almenna markaðnum er að aukast. Almenni markaðurinn virðist samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar vera að byrja að rétta úr kútnum meðan enn þrengir að starfsmönnum í almannaþjónustu. Í takt við þessar niðurstöður kemur ekki á óvart að vaxandi ónægju gætir meðal starfsmanna almannaþjónustunnar með laun sín, auk þess sem þeir upplifa minnkandi starfsöryggi og aukið álag.

Í sömu könnun kemur einnig fram að það dregur úr starfsöryggi félagsmanna SFR annað árið í röð, en tæp 30% SFR-félaga telja starfsöryggi minna nú en það var fyrir ári. Þetta er í takt við það sem starfsfólk á skrifstofum stéttarfélaganna sér meðal félagsmanna, en fyrirspurnir um réttindi starfsfólks vegna uppsagna og lækkunar launa hafa enn aukist síðustu mánuði. Helst er það starfsfólk í rannsóknar- og eftirlitsstofnunum sem telur starfsöryggi sitt minna nú en áður, en þar telja 40% það hafa versnað á milli ára. Starfsmenn upplifa vaxandi álag í starfi en meirihluti svarenda, eða 56%, telur að álag hafi aukist nokkuð eða mikið á síðustu mánuðum. Yngri starfsmenn finna meira fyrir auknu álagi en þeir sem eldri eru. Einkum er það starfsfólk í löggæslu, dómstólum og fangelsum sem telur að álag hafi aukist.

Í könnuninni var spurt að því hvort fólk teldi auðvelt eða erfitt að fá aðra vinnu þar sem það fengi svipuð kjör og það hefur í dag. Í ljós kemur að tveir af hverjum þremur félagsmönnum SFR töldu það erfitt, þar af voru tæp 27% svarenda sem töldu það mjög erfitt. Eldra fólk telur tækifæri sín á vinnumarkaði almennt lakari en yngra fólks, en á hinn bóginn vaxa tækifæri með aukinni menntun. Í ljósi þessara niðurstaðna er ljóst að versnandi starfsöryggi er líklegt til að hafa mjög neikvæð áhrif á starfsfólk í almannaþjónustu.

**Vaxandi óánægja með laun**

Þetta er í takt við þá niðurstöðu að vaxandi óánægja er meðal starfsmanna með launakjör. Munur á raunverulegum launum starfsmanna og því sem þeir telja vera „sanngjörn laun" eykst nú aftur, en heldur dró úr þeim mun í síðustu könnun. Til að meta sanngjörn laun voru félagsmenn beðnir að nefna þau heildarlaun sem þeim þættu sanngjörn fyrir vinnu sína. Samkvæmt könnuninni nú þyrftu laun að hækka um tæp 29% til að vera sanngjörn að mati svarenda, en hefðu þurft að hækka um 25% í síðustu könnun. Laun þess hóps sem hefur lægri laun en 250 þúsund þyrftu að hækka mest, eða um 39%. Laun þeirra sem hafa 450 þúsund eða meira þyrftu að hækka minnst, eða um 15%, til að verða sanngjörn að mati svarenda. Ljóst er að væntingar launafólks til leiðréttingar launa eru miklar. Margir hafa tekið á sig skerðingu vegna efnahagshrunsins, yfirvinna og aukagreiðslur í almannaþjónustunni hafa verið mikið skertar og laun lækkað að sama skapi.

**Konur óánægðari með laun sín en karlar**

Þrátt fyrir að konur hafi að jafnaði lægri laun en karlar gera þær ekki kröfur til jafnhárra launa og þeir.

Hlutfallslega eru kröfur þeirra um hærri laun þau sömu og karla, eða um 30%, en sú krafa viðheldur í raun þeim kynbundna launamun sem þegar er til staðar.

Í takt við aukinn mun á raunverulegum launum og sanngjörnum launum eykst óánægja með laun, bæði á meðal karla og kvenna. Skýr tengsl eru á milli ánægju með laun og þeirra launa sem fólk fær. Þannig voru þeir sem voru með lægri laun en 250 þúsund óánægðastir, en þeir sem voru með 450 þúsund eða hærri laun ánægðastir. Ánægjan er þó hvergi mikil í neinum tekjuhópi. Konur eru óánægðari en karlar með laun sín, en 52% kvenna eru óánægð með laun sín nú á móti 46% karla. Það er svipuð staða og fyrir ári, nema að nú er sú breyting á að konur hafa hækkað kröfuna um sanngjörn laun á milli ára.

Ljóðakvöld
Bókabúðar Máls og menningar

Sunnudaginn 3. október
kl. 20:00 á Súfistanum



Skáldin Anton Helgi Jónsson, Auður Ava Ólafsdóttir, Páll Biering og Þórdís Gísladóttir lesa úr nýútkomnum bókum sínum.

Þórdís Gísladóttir hlaut á dögunum bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir fyrstu ljóðabók sína, *Leyndarmál annarra*.








BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18




Við *ætlum* að gera betur
Arion banki

# Mikilvægt að skilja án þess að d

Á sextugsafmælisdegi félagsráðgjafans og fyrrum Alþingismannsins **Guðrúnar Ögmundsdóttur** koma út æviminningar hennar sem skráðar eru af **Höllu Gunnarsdóttur,** kollega Guðrúnar í baráttunni fyrir auknum réttindum kvenna. *Kjartan Guðmundsson* hitti stöllurnar á Mokka og spjallaði við þær um efnistökin, fjölskyldu sem teygist og litríkt lífshlaup innanlands sem utan.



**FEMÍNISTAR Á MOKKA** „Ég er mjög stolt yfir því að hafa tilheyrt hópum og hreyfingum sem fengið hafa breytingum áorkað til hins betra,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, sem situr hér á Mokka ásamt ævisagnaritara sínum, Höllu Gunnarsdóttur.

Þeir Bjarni og Pétur hjá bókaútgáfunni Veröld buðu mér í hádegisverð og sögðust vilja ræða um bókaskriftir. Ég hélt fyrst að þeir vildu fá mig til að skrifa bók um eitthvað allt annað og ætlaði aldrei að fatta að bókin ætti að vera um mig. Það hvarflaði hreinlega ekki að mér og ég var alveg í þessum „Ég, ef mig skyldi kalla“-gír. En svo kom rökstuðningurinn, að saga mín og uppeldi gerðu það að verkum að ég væri í raun gangandi dæmi um ákveðna tegund af lífi í Reykjavík, hvort sem litið væri til stjórnmála, tíðaranda eða bara alls sem í kringum mig er, og á endanum náðu þeir að selja mér hugmyndina,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir þegar blaðamaður sest niður með henni og Höllu Gunnarsdóttur á hinu gamalgróna kaffihúsi Mokka við Skólavörðustíg.

Síðar í mánuðinum, nánar tiltekið á sextugsafmælisdegi Guðrúnar hinn 22. október, kemur út bókin Hjartað ræður för, þar sem Halla gerir litríkum æviminningum Guðrúnar skil.

„Um leið og nafn Höllu var nefnt sem hugsanlegs höfundar bókarinnar hugsaði ég með mér að hún væri einmitt rétta konan í starfið,“ segir Guðrún og Halla tekur í sama streng. „Það eru svo mikil líkindi með okkur tveimur og á svo margan hátt. Til að mynda mætast hér í raun önnur og þriðja kynslóð íslenskra femínista og ég hef trú á því að það skíni í gegn í bókinni. Vinnan við bókina hefur verið mjög lærdómsrík, í það minnsta fyrir mig og örugglega fyrir Guðrúnu líka,“ segir Halla og Guðrún samsinnir því.

**Mokka leikur stórt hlutverk**

Upp úr dúrnum kemur að kaffihúsið neðst á Skólavörðustíg hefur leikið nokkuð þýðingarmikið hlutverk, bæði í vinnsluferli bókarinnar og lífi viðfangsefnisins Guðrúnar. Allt frá því í febrúar hafa stöllurnar hist þar á hverjum einasta föstudegi, stundvíslega klukkan tíu, og Halla rakið garnirnar úr Guðrúnu í þeim tilgangi að viða að sér efni, en auk þess hefur höfundurinn átt fjöldamörg samtöl við vini og vandamenn Guðrúnar til að næla sér í frekara kjöt á beinin.

„Mokka var upplagður staður fyrir þessa fundi okkar því í bókinni kemur fram að hingað kom Guðrún oft á sínum yngri árum. til dæmis að loknum starfsdegi í Ríkisútvarpinu í kringum 1970, og drap tímann þar til hún þurfti að mæta í hina vinnuna sína, sem „proppsari“ í Þjóðleikhúsinu. Þar var hún gjarnan kölluð mýsla, því hún fór svo hratt yfir,“ segir Halla og hlær.

„Hingað komu allir,“ bætir Guðrún við og augun flökta um nostalgíska húsmuni staðarins.

„Hér var heimavöllur allrar listaelítunnar. Þetta var staðurinn, með ákveðnum greini, og þú getur rétt ímyndað þér hversu miklu máli það skipti unga stúlku að vera í innstu klíku alls staðar. Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími og alltaf gaman. Oftast var tjúttað sleitulaust frá fimmtudegi til sunnudags, en brennivínsdrykkja þótti ekki nauðsynlegur fylgihlutur þess. Það var alveg nógu mikið fjör án drykkjunnar,“ segir Guðrún.

**Fæddist félagsráðgjafi**

Guðrún hefur aðhafst margt á þessum tæpu sextíu árum og segist Halla á köflum hafa átt fullt í fangi með að henda reiður á mismunandi störfum og stöðum sem söguhetjan hefur gegnt í gegnum tíðina.

Félagshyggjufræjunum var fyrst sáð á æskuheimili Guðrúnar, en hún segist hafa verið alin upp meðal krata sem trúðu því til að mynda statt og stöðugt að ungar konur ættu að ganga menntaveginn.

„Frá kratismanum var leiðin greið yfir í femínismann,“ segir Guðrún og tiltekur Kvennafrídaginn árið 1975 sem ákveðinn vendipunkt í lífi sínu. „Þá varð ég vitni að kraftinum og mikilvæginu sem felst í samstöðunni. En svo vaknaði ég líka til lífsins á ákveðinn hátt þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn, Ögmund Viðar, árið 1977. Barneignir kalla ósjálfrátt á vangaveltur varðandi hvað maður ætlar að verða þegar maður er orðinn stór. Ég var líka að vinna með fötluðum börnum á þessum tíma og samhliða því tók ég virkan þátt í Rauðsokkahreyfingunni, svo segja má að allt þetta hafi hjálpast að og ýtt mér af stað til Danmerkur, þar sem ég stundaði nám í félagsráðgjöf.“

Halla nefnir líka að sú skoðun sé algeng hjá þeim sem þekkja Guðrúnu að hún hafi í raun fæðst sem félagsráðgjafi. Menntunin hafi í raun einungis verið formleg staðfesting þess efnis.

„Þegar ég spurði fólk um helstu eiginleika Guðrúnar nefndu allir hversu næm hún er, hversu vel hún tekur fólki og hve ríka áherslu hún leggur á að skilja fólk, en alls ekki dæma það.“

> Ég velti því oft fyrir mér hvernig mínum börnum verður við að lesa sögu mömmu sinnar, og auðvitað hlýtur það að vera sérstakt.

**Í borgarstjórn og á þingi**

Að lokinni sex ára langri búsetu í Kaupmannahöfn, þar sem Guðrún tók virkan þátt í félagsstarfi stúdenta, fylgdist spennt með framþróun kvennabaráttunnar á Íslandi úr fjarlægð og kynntist eiginmanni sínum, Gísla Víkingssyni hvalasérfræðingi hjá Hafrannsóknastofnun, sneri hún aftur heim árið 1985.

Fljótlega hóf hún störf sem félagsráðgjafi á kvennadeild Landspítalans og kunni vel sig í því starfi þar til hún var kosin í borgarstjórn á vegum R-listans vorið 1994. Fimm árum síðar var svo komið að annarri sameiningu flokka á vinstri vængnum, þegar Guðrún settist á Alþingi fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Halla var ein þeirra sem kaus Samfylkinguna vorið 1999, þótt ekki hafi hún kosið Guðrúnu beint inn á þing vegna kjördæmaskipunar.

„Ég var nýorðin átján ára og þetta voru mínar fyrstu kosningar,“ segir Halla. Á þessum tíma vaknaði ég til vitundar um pólitík. Guðrúnu tengdi ég við þá baráttu sem hún var mest áberandi fyrir á þingi, það er í þágu samkynhneigðra og fleiri hópa sem áttu undir högg að sækja. Þannig kom hún mér fyrst fyrir sjónir en ekki endilega sem þessi mikla kvenréttindabaráttukona, sem ég átti eftir að læra um síðar. Nú hef ég fræðst mikið um hennar þátttöku í Rauðsokkahreyfingunni og upplifi mikil líkindi með þeirri baráttu og starfi mínu í Femínistafélagi Íslands mörgum árum síðar. Allt þetta álag, en samt svo mikill húmor og gleði. Að sjálfsögðu hafði ég lesið mig til um rauðsokkurnar, en það er allt annað að spjalla af einlægni við manneskju sem var á staðnum. Og sú manneskja segir bara: „Það þýðir ekkert að væla. Svona var þetta bara!,“ segir Halla og skellir upp úr.

„Það kostar einfaldlega slag, gusur og óhróður að bjóða sig fram til framvarðarsveitar í þungum málaflokki. Við eigum það sameiginlegt, ég og Halla, að hafa gengið í gegnum þetta allt,“ bætir Guðrún við.

**Hef unnið í fortíðinni**

Fjölskyldan er óhjákvæmilega einn stærsti áhrifavaldur í lífi hvers einstaklings og fara efnistök bókar Höllu ekki varhluta af því. Guðrún gengst fúslega við því að fjölskyldutengsl hennar á flesta kanta séu ögn ruglingslegri en gengur og gerist, en hún var tekin í fóstur sem barn og síðar tóku hún og Gísli dótturina Ingibjörgu Helgu, sem nú er átján ára, einnig í fóstur, svo dæmi séu nefnd.

„Ég kalla þetta teygjufjölskyldu eða flækjufamilíu,“ segir Guðrún og glottir, en í bókinni segir meðal annars frá sambandi hennar og blóðmóður hennar, Huldu, og einnig sambandi Guðrúnar við Jóhönnu kjörmóður hennar, sem var oft og tíðum stormasamt.

Aðspurð segir Guðrún ekki hafa átt í erfiðleikum með tilhugsunina um að opinbera svo persónulega hluti fyrir alþjóð. „Ég hef unnið vel í mínum málum, í minni fortíð og reynslu, og ég hef fyrir löngu farið í gegnum allan sársaukann og komið heilli út fyrir vikið. Auðvitað er harkalegt að uppgötva að foreldrar manns eru bara venjulegar manneskjur með öllum sínum kostum og göllum, en það er nauðsynlegur hluti lífsins. Ég velti því oft fyrir mér hvernig mínum börnum verður við að lesa sögu mömmu sinnar, og auðvitað hlýtur það að vera sérstakt. Ég hugsa kannski með mér að ákveðna hluti hefði ég átt að vera búin að segja

# æma



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þeim fyrir lifandis löngu, en líklega er það þannig að ég hef sagt þeim þetta allt áður, bara á minn eigin hátt, og þau skilja það,“ segir Guðrún.

Halla tekur í sama streng og segir Guðrúnu mjög lítið fyrir það að hengja sig í sársauka og gömul leiðindi. „Stundum þurfti ég til dæmis að þráspyrja Guðrúnu um Jóhönnu mömmu sína, til að gera mér nánari grein fyrir sambandi þeirra, en þar var engin afneitun á ferð heldur einbeittur vilji Guðrúnar til að horfa fram á veginn. Það er rauði þráðurinn í bókinni og líka í lífi hennar.“

**Nóg að gera í nýju starfi**

Guðrún lauk störfum sem alþingismaður árið 2007 og segist hún ekki hafa minnsta áhuga á að snúa aftur á þann vettvang. Síðustu árin hefur hún annast sérverkefni sem lýtur að erlendum nemum í framhaldsskólum landsins á vegum menntamálaráðuneytisins, en byrjaði fyrir skömmu í nýrri vinnu sem tengiliður vistheimila.

Sú staða var sett á fót samkvæmt lögum um misgjörðir á stofnunum eða heimilum og felur í sér að koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögum. Guðrún segir verkefnið viðamikið. „Þarna verð ég bæði sem styðjandi og greinandi, auk þess sem ákveðin frumkvæðisskylda felst í starfinu. Ég býst við að í það minnsta þúsund manns komi til með að sækja um bætur vegna illrar meðferðar á þessum heimilum og því verður nóg að gera, en reynsla mín ætti að hafa undirbúið mig vel undir verkefnið,“ segir Guðrún.

## Árin í kóngsins Köben

Guðrún stundaði nám í félagsráðgjöf í Danmörku á árunum 1979 til 1985 og kunni fjölskyldan afar vel við sig í kóngsins Köben. Um tíma bjuggu þau í fallegri íbúð á Vesturbrú, í nágrenni aðalbrautarstöðvar borgarinnar, en umhverfið var hins vegar ekki jafn huggulegt enda allt flæðandi í eiturlyfjum í hverfinu. Fylgifiskar eitursins, eins og mikil fátækt og vændi, voru áberandi allt um kring.

„Ég fann smám saman hvernig ég týndi gleðinni í þessu umhverfi,“ segir Guðrún. „Ég varð daprari með hverjum deginum og allt í einu var ég hætt að hlæja. Svona lagað tekur á. Að ganga um á hverjum degi í svona mikilli eymsku og sorg. Þegar ég svo flutti úr hverfinu, og síðar þegar ég hóf að vinna sem ráðgjafi fyrir konur sem leiðst höfðu út í eiturlyfjaneyslu og vændi, hafði ég skilning á aðstæðum þessa fólks og gat veitt stuðning sem maður getur ekki veitt sem varnarlaus íbúi.“



MYND/ÚR EINKASAFNI

**Kaupmannahöfn** Guðrún ásamt eiginmanninum Gísla Víkingssyni og Ögmundi Viðari syni sínum, sem nú býr í Svíþjóð og er doktor í lyfjafræði, í Danmörku í kringum 1980.

FJÁRmál

Fræðsla fyrir þig

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Næstu fræðslufundir

Reykjavík – 5. okt.
Verðtrygging og sparnaður
Borgartún 19
Fyrirlesari
Breki Karlsson

Reykjavík – 20. okt.
Greiðslur úr lífeyrissparnaði, hvað ber að hafa í huga?*
Borgartún 19
Fyrirlesari
Arnaldur Loftsson

Reykjavík – 6. okt.
Lífeyrismál á mannamáli
Borgartún 19
Fyrirlesari
Theódór Friðbertsson

Selfoss – 27. okt.
Verðtrygging og sparnaður
Hótel Selfoss
Fyrirlesari
Breki Karlsson

Borgarnes – 13. okt.
Lífeyrismál á mannamáli
Útibú Arion banka
Fyrirlesari
Theódór Friðbertsson

Akureyri – 28. okt.
Verðtrygging og sparnaður
Hótel Kea
Fyrirlesari
Breki Karlsson

*Skráðu þig í tíma, síðast komust færri að en vildu

Boðið er upp á táknmálstúlkun



FJÁRmál eru fyrirlestraröð og fræðsluátak á vegum Arion banka. Tilgangurinn er að koma til móts við þarfir viðskiptavina fyrir haldgóðar upplýsingar og örugga leiðsögn í nýju efnahagsumhverfi. Arion banki er bakhjarl Stofnunar um fjármálalæsi.

Stofnun um fjármálalæsi



Breki Karlsson
Forstöðumaður stofnunar um fjármálalæsi

Skráðu þig á arionbanki.is. Allir velkomnir - Ókeypis aðgangur.
Fundirnir hefjast kl. 17:30 og standa yfir í 90 mínútur.

Komdu og njóttu góðra veitinga í bland við fróðleik sem kemur sér vel.

Nánari upplýsingar veita þjónusturáðgjafar í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.

Arion banki

# DORMA eins árs




Fyrstir koma, fyrstir fá!



400
SÆNGURVERASETT
Á 2 FYRIR 1

# 3.900,-

2 sængurverasett

## Þrennutilboð



Sæng

+



Koddi

+



Sængurver

= 9.900,-

Allur pakkinn - vattfylling

eða

= 19.900,-

Allur pakkinn - dúnfylling




Ilmur mánaðarins
25% afsláttur
Macintosh Spice

YANKEE CANDLE®
*a passion for fragrance®*

Ilmstráin komin aftur!



# og nú er veisla !

MIKIÐ ÚRVAL



**2.900,-**
Sængurverasett



Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™

**20% afsláttur**

**Serta Daysleeper heilsurúm**

| Stærð cm. | Verð áður | Afmælisverð |
|---|---|---|
| 100x200 | 122.900,- | 98.320,- |
| 120x200 | 154.800,- | 123.840,- |
| 140x200 | 166.900,- | 133.520,- |
| 160x200 | 203.800,- | 163.040,- |
| 180x200 | 207.900,- | 166.320,- |

MJÚKUR OG ÞÆGILEGUR



**3.900,-**
Dúnkoddi

ELLEFU LITIR



**499,-**
Handklæði 50x100 cm

EINNIG TIL Í LEÐRI



**69.900,-**
Hægindastóll í tau

MIKIÐ ÚRVAL



**5.900,-**
Heilsukoddi - brýstijöfnun

UPPSELDUR VÆNTANLEGUR



**69.900,-**
Svefnsófi m. rúmfatageymslu



**20% afsláttur**
Stillanleg heilsurúm

**Interbed heilsurúm**



Fimm ára ábyrgð á rúmum!

**Afmælisverð**

| Stærð cm. | Verð kr. |
|---|---|
| 80x200 | 77.900,- |
| 90x200 | 79.900,- |
| 100x200 | 84.900,- |
| 120x200 | 95.000,- |
| 140x200 | 139.900,- |
| 160x200 | 149.000,- |
| 180x200 | 159.000,- |

HVÍTUR GÆSADÚNN



**13.900,-**
Dúnsæng

**OPIÐ**
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18

**DORMA**
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# Inn og út úr ríkiskassanum

Gjöld ríkissjóðs á næsta ári nema 514 milljörðum en tekjurnar 477 milljörðum. 36 milljarða halla verður fleytt fram til 2012. Spara þarf í starfsemi fjölmargra stofnana en nokkrar fá stóraukin framlög. Hér má sjá nokkur dæmi úr ríkisrekstrinum 2011.

## AÐHALDSAÐGERÐIR EFTIR MÁLAFLOKKUM

| | Lækkun ma.kr | Heildar velta | Lækkun % |
|---|---|---|---|
| Samgöngu-, efnhags- og atvinnumál | -8,6 | 82,0 | -10,5% |
| Heilbrigðismál | -5,4 | 115,4 | -4,7% |
| Almannatryggingar og velferðarmál | -6,5 | 132,8 | -4,9% |
| Menntamál | -2,7 | 47,8 | -5,6% |
| Æðsta stjórnsýsla | -1,8 | 27,2 | -6,7% |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | -1,4 | 20,9 | -6,8% |
| Menningar-, íþrótta- og trúmál | -1,3 | 15,3 | -8,5% |
| Húsnæðis-, skipulags- og veitumál | -0,2 | 4,9 | -3,8% |
| **Samtals** | **-28,0** | **446,3** | **-6,3%** |

## NOKKRIR NÝIR FJÁRLAGALIÐIR:

Harpan fær 424,5 milljónir

| | |
|---|---|
| Harpa | 424,5 |
| Stjórnlagaþing | 200 |
| Fjölmiðlastofa | 37,4 |
| Selasetur á Hvammstanga | 6,0 |
| Sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum | 251 |
| Umboðsmaður skuldara | 500 |



**HARPAN** Rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins er einn nýrra fjárlagaliða.

## ÁHRIF KREPPUNNAR Á SAMSETNINGU ÚTGJALDA




## BEINGREIÐSLURNAR HÆKKA

Greiðslur vegna mjólkur-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu, svokallaðar beingreiðslur, hækka um rúmar 300 milljónir milli ára. Samtals nema þær 10,6 milljörðum. Mest fer til mjólkurframleiðslunnar, 5,8 milljarðar, til sauðfjárframleiðslu renna 4,3 milljarðar og 483 milljónir í grænmetið. Beingreiðslurnar hækka í takt við breytingar á samningi ríkisins við bændur sem gerðar voru í fyrra.

Framlög til Bændasamtakanna og margvíslegra verkefna á sviði landbúnaðar lækka hins vegar um næstum 800 milljónir.

## FRAMLÖG TIL NOKKURRA STOFNANA

| | fjárlög 2010 | fjárlög 2011 | Breyting í % |
|---|---|---|---|
| Alþingi | 2.259,4 | 2.107,0 | -6,7% |
| Forseti Íslands | 188,3 | 174 | -7,6% |
| HÍ | 10.096,4 | 9.434,0 | -6,6% |
| HA | 1.376,5 | 1.287,0 | -6,5% |
| HR | 2.089.0 | 1.918,0 | -8,2% |
| Listaháskólinn | 641,8 | 616,6 | -3,9% |
| Rannsóknarmiðstöð Ísl. | 194,8 | 213,3 | +9,5% |
| MR | 482,8 | 458,2 | -5,1% |
| MA | 507,8 | 481,2 | -5,2% |
| LÍN | 8.985,0 | 8.272,0 | -7,9% |
| RÚV | 3.218,0 | 2.980,0 | -7,4% |
| Þjóðleikhúsið | 707,8 | 647,0 | -8,6% |
| Kvikmyndamiðstöð Ísl. | 524,0 | 519,1 | -0,9% |
| Sendiráð | 2.977,5 | 2.599,0 | -12,7% |
| Þróunarsamvinnustofnun | 1.380,3 | 1.235,0 | -10,5% |
| Hafrannsóknastofnun | 1.367,2 | 1.267,0 | -7,3% |
| Hæstiréttur | 115,8 | 110,6 | -4,5% |
| Héraðsdómstólar | 1.033,4 | 949,6 | -8,1% |
| Ríkissaksóknari | 134,3 | 127,3 | -5,2% |
| Ríkislögreglustjóri | 1.245,1 | 1.218,0 | -2,2% |
| Sérstakur saksóknari | 317,8 | 1.178,0 | +270% |
| Lögregan á höfuðborgarsv. | 3.129,5 | 3.060,0 | -2,2% |
| Landhelgisgæslan | 2.802,2 | 2.582,0 | -7,9% |
| Fangelsismálastofnun | 1.282,9 | 1.186,1 | -7,5% |
| Þjóðkirkjan | 1.367,4 | 1.278,0 | -6,5% |
| Barnaverndarstofa | 964,0 | 930,5 | -3,5% |
| Landspítalinn | 33.102,1 | 32.869,0 | -0,7% |
| SÁÁ | 654,0 | 615,9 | -5,8% |
| Ríkisskattstjóri | 2.446,3 | 2.413,3 | -1,3% |
| Skattrannsóknastjóri | 173,4 | 273,3 | +57,6% |
| Fjármálaeftirlitið | 1.021,5 | 1.327,0 | +29,9% |
| Samkeppniseftirlitið | 287,8 | 315,6 | -9,7% |

## NOKKRIR BÓTAFLOKKAR

| | fjárlög 2010 | fjárlög 2011 | Breyting í % |
|---|---|---|---|
| Ábyrgðasjóður launa | 1.833,0 | 1.809,0 | -1,3 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 27.801,0 | 24.894,7 | -10,5 |
| Fæðingarorlof | 9.620,0 | 8.688,0 | -9,7 |
| Bætur v. félagslegarar aðstoðar | 10.703,0 | 9.426,6 | -11,9 |
| Lífeyristryggingar | 48.652,0 | 47.258,0 | -2,9 |
| Sjúkratryggingar | 27.728,0 | 26.224,0 | -5,4 |
| Barnabætur | 10.100,0 | 9.200,0 | -8,9 |
| Vaxtabætur | 10.070,0 | 9.800,0 | 2,7 |




**GOTT OG SLÆMT** Steinrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra telur fjárlagafrumvarp næsta árs bæði neikvætt og jákvætt. Með því sé gripið til sársaukafullra aðhaldsaðgerða í ríkisrekstrinum en um leið séu framtíðarhorfur ágætar. Hann kynnti frumvarpið fyrir fréttamönnum í sal Þjóðminjasafnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## STÓRFELLDUR NIÐURSKURÐUR HJÁ HEILBRIGÐISSTOFNUNUM:

# Mest skorið niður hjá Þingeyingum

Niðurskurðurinn hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga nemur rétt tæpum 40 prósentum. Framlög til stofnunarinnar lækka úr 926 milljónum í 557 milljónir.

Niðurskurður til heilbrigðisstofnana er að meðaltali tæp 20 prósent.

St. Jósefsspítali þarf að draga saman um 36 prósent, Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum um 25 prósent og heilbrigðisstofnun Suðurnesja um ámóta.

Minnst þarf að skera niður á Heilbrigðisstofnun Vesturlands þar sem sparnaðarkrafan er þrjú prósent. Á Patreksfirði nemur niðurskurðurinn átta prósentum.

## AFLA Á RÍKISSJÓÐI AUKINNA TEKNA MEÐ NÝJUM, HÆRRI OG BREYTTUM SKÖTTUM:

# Ellefu milljarða nýjar tekjur

Taka á upp bankaskatt, hækka fjármagns-, fyrirtækja- og erfðafjárskatt og breyta ýmsum öðrum sköttum og opinberum gjöldum til að afla ríkissjóði ellefu milljarða í nýjar tekjur á næsta ári.

Ekki á að hrófla við tekjuskatti, virðisaukaskatti eða tryggingagjaldi.

Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs verði 477 milljarðar á næsta ári, og aukist um rúma 24 milljarða frá þessu ári, að frátöldum óreglulegum liðum.

Bankaskatturinn verður innleiddur að bresk-sænskri fyrirmynd með sambærilegum skatthlutföllum og þar tíðkast.

Erfðafjárskatturinn verður tvöfaldaður, en frítekjumarkið verður hækkað í leiðinni. „Við erum með einhvern lægsta og flatasta erfðafjárskatt sem finnst á byggðu bóli og teljum ekki óeðlilegt að hann sé færður eitthvað upp í áttina að því sem gerist í öðrum löndum þar sem hann er lægstur," sagði Steingrímur við kynningu fjárlaganna í gær.

Þá stendur til að breyta útfærslu auðlegðarskatts, – eignaskatts á stóreignafólk – hlutfall hans og afmörkun fjárhæða.

Ná á 1,3 milljörðum í auknar tekjur með breytingum á áfengis- og tóbaksgjaldi og jafnvel einnig fyrirkomulagi fríhafnarverslunar.

Farið verður í kerfisbreytingar á bifreiðagjöldum sem miða að því að færa alla skattlagningu yfir á losun. Breytingin mun skila lítilsháttar tekjuaukningu, en Steingrímur segir að sjónarmið um kerfisbreytingu búi einkum að baki.

Að síðustu fær fólk heimild til úttektar úr séreignarsjóðum og þarf að greiða tekjuskatt af þeim úttektum. Áætlað er að það skili ríkissjóði þremur milljörðum.

### Þannig á að ná ellefu milljörðum í viðbót

| Skattur | Hækkun | Auknar tekjur í milljónum |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | úr 18 í 20% | 1.500 |
| Tekjuskattur fyrirtækja | úr 18 í 20% | 500 |
| Erfðafjárskattur | úr 5 í 10% | 1.000 |
| Auðlegðarskattur | óráðið | 1.500 |
| Áfengis- og tóbaksgjald | óráðið | 1.300 |
| Kolefnisgjald | 50% hækkun | 1.000 |
| Bifreiðagjald | einkum kerfisbreytingar | 200 |
| Bankaskattur | nýr skattur | 1.000 |
| Tekjuskattur af úttektum úr séreignarsparnaðarsjóðum | | 3.000 |
| **Samtals** | | **11.000** |

## LANGTÍMAÁÆTLUN 2011 - 2014 Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs

| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 477,4 | 533,2 | 599,4 | 629,3 |
| Gjöld | 513,8 | 526,8 | 550,5 | 579,9 |
| Heildarjöfnuður | -36,4 | 6,4 | 48,9 | 49,4 |
| **Heildarjöfnuður, hlutfall af VLF(%)** | **-2,1** | **0,4** | **2,6** | **2,5** |
| | | | | |
| **Frumjöfnuður** | **16,9** | **62,7** | **1,2,9** | **103,4** |
| **Frumjöfnuður, hlutfall af VLF(%)** | **1,0** | **3,4** | **5,4** | **5,2** |
| Fjármagnsjöfnuður | -53,3 | -56,4 | -54,1 | -54,0 |
| Fjármagnsjöfnuður, hlutfall af VLF(%) | -3,1 | -3,1 | -2,8 | -2,7 |

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

**TAKIÐ ÞÁTT Í OPNUNARLEIK NETTÓ Í MJÓDD OG BYLGJUNNAR!**

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á NETTO.IS
ÞÚ GETUR UNNIÐ GJAFABRÉF
AÐ VERÐMÆTI 10.000 KR.

## FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

**Hvítlauks-lambalæri**
*frá Kjötsel*



**50% afsláttur**

**999** kr/kg
*verð áður 1.998*



**999** kr/kg
*verð áður 1.668*

**40% afsláttur**

**Lambahryggur**
*frá SS -frosinn*

# HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG GLÆSILEGA
# NETTÓ Í MJÓDD!

**Nýjar íslenskar kartöflur**

**1,5 kg/pk.**



**AÐEINS 49** kr/kg

**Samlokubrauð**
*frá Nettó*




**AÐEINS 99** kr/stk.

markhonnun.is

**TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

# Skömmum rigndi yfir þingið

**Atburðir frá janúar 2009 endurtóku sig við setningu Alþingis í gær. Fjöldi fólks var saman kominn á Austurvelli og lýsti andúð sinni á stjórnmálamönnum. Forseti, þingmenn og gestir gengu undir fúkyrðaflaumi og eggjahríð frá Dómkirkjunni að bakdyrum Alþingis.**

Hátt á annað þúsund manns mættu til harðra mótmæla á Austurvelli í gær þegar Alþingi var sett með guðsþjónustu í Dómkirkjunni klukkan hálf tvö. Mótmælendur brutu rúður í Dómkirkjunni og hentu eggjum að þingmönnum og öðrum þeim sem gengu til guðsþjónustu og neyddist fólk til að fara bakdyramegin inn í Alþingishúsið.

Mótmælendur hentu eggjum og öðrum matvælum í Alþingishúsið. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar, gat ekki skilgreint hvort mótmælin væru friðsamleg eður ei.

„Ætli þetta sé ekki eitthvað mitt á milli,“ segir hann. Friðrik segir hátt í hundrað lögreglumenn hafa verið niðri á Austurvelli. Lögreglan brýndi fyrir mótmælendum að ef ekki færi allt friðsamlega fram yrði hún tilneydd að beita piparúða, en ekki kom til þess. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn sagðist skilja að fólk væri reitt og nauðsynlegt væri í svona málum að finna sameiginlega línu á milli mótmælenda og lögreglu.

„Út með ruslið“, „Vanhæf ríkisstjórn“ og „Vanhæft Alþingi“ ómaði yfir Austurvelli frá klukkan eitt og stóðu mótmælin í rúma þrjá klukkutíma. Einstaka mótmælendur köstuðu glerflöskum og lítill hópur fólks kveikti bál. Fyrsti þingfundur var settur klukkan fjögur og tók þá fólk að tínast burt.

sunna@frettabladid.is



**MARGMENNI MÓTMÆLIR Á AUSTURVELLI** Hátt á þriðja þúsund manns mætti til mótmæla þegar Alþingi var sett klukkan tvö í gær. Flestir efndu til friðsamlegra mótmæla en þó var eggjum og öðrum matvælum kastað af afli á húsið, þingmenn og lögreglu. Um hundrað lögreglumenn mættu til mótmælanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BÁLIÐ BRENNUR** Töluvert var um litlar brennur í mótmælunum þar sem fólk kveikti í rusli og öðru tiltæku en lögreglan náði að slökkva eldana jafn skjótt og þeir voru tendraðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI



**GENGIÐ ÚR KIRKJU** Nokkrir kirkjugestir urðu fyrir eggjakasti á leið sinni úr guðsþjónustunni í gær FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## AF AUSTURVELLI

„Þetta er í fyrsta sinn í sögunni sem heill þingflokkur mætir ekki á þingsetningu. Þau hin eru inni að borða snittur og skála með fína liðinu í erlendu sendinefndunum.“

„Það væri yfirgangur við þjóðina að boða ekki til kosninga strax.“

*Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar*

„Við skiljum fólk.“

*Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn*

„Það á að draga þetta út á eyrunum og reykhreinsa Alþingi. Einhver annar verður að reka þetta land.“

*Lúðvík Lúðvíksson, mótmælandi*

„Það vantar hundrað alvöru íslenska víkinga hingað á völlinn til þess að sýna fólkinu sem stjórnar þessu landi að svona hlutir gangi ekki. Það þýðir ekki að byggja upp nýtt Ísland með sama gamla hugsunarhættinum.“

*Daði Savic, mótmælandi*

„Öryggisverðir Landsbankans, ekki lögreglan, slógu mig í gólfið og hentu mér út,“

*Alma Guðmundsdóttir, mótmælandi*



**BEYGLUÐ BÚSÁHÖLD** Margt er líkt með ástandinu sem ríkti á Austurvelli í gær og því sem var í janúar 2009 þegar búsáhaldabyltingin stóð sem hæst. Fólkið segir ríkisstjórnina enn á ný vanhæfa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GENGIÐ INN BAKDYRAMEGIN** Forseti, biskup og þingmenn neyddust til að fara bakdyramegin inn í Alþingishúsið eftir guðsþjónustu í Dómkirkjunni til að forðast eggjakast og fúkyrði almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Norræn ráðstefna

**Norrænar konur gegn ofbeldi**, regnhlífarsamtök 230 norrænna kvenna-athvarfa, og **Stígamót** boða til ráðstefnunnar

# Nauðganir

## Hótel Loftleiðum 22.–23. okt. 2010

Fundarstýra: Kolbrún Halldórsdóttir fyrrum umhverfisráðherra
Ráðstefnan fer fram á dönsku, norsku og sænsku
Skráning fer fram á **www.kvennafri.is** – Ráðstefnugjald 10.000 kr.

## Föstudagur 22. okt.

Kl. 13.00–15.00 Opið hús hjá Stígamótum, Hverfisgötu 115

Kl. 16.00–17.00 Skráning og afhending gagna á Hótel Loftleiðum

Kl. 17.00–17.15 Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta býður gesti velkomna

Kl. 17.15–17.30 Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra setur ráðstefnuna

Kl. 17.30–18.50 Staðan í nauðgunarmálum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og á Grænlandi

## Laugardagur 23. okt.

Kl. 9.00–09.30 Astri Aas Hansen statssekretær i Dómsmála-ráðuneyti Noregs: „Norges bekjempelse av voldtekter og mulige forbedringer av rettsystemet“

Kl. 9.30–10.10 dr. Eva F. Diesen: „Framgångar och motgångar i polisens utredningar om sexualbrott“ - om omfattende svensk undersøkelse av rettsvesenets håndtering av voldtekter

Kl. 10.10–10.30 Kaffi

Kl. 10.30–11.00 Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann rithöfundur: „Hvorfor anmelder hun ikke?“

Kl. 11.00–12.00 Staðan í nauðgunarmálum í Svíþjóð, Færeyjum og á Íslandi

Kl. 12.00–14.00 Hádegisverður

Kl. 14.00–15.20 Vinnustofur – fyrri umferð

Kl. 15.20–15.40 Kaffi

Kl. 15.40–17.00 Vinnustofur – seinni umferð

Nánari upplýsingar um vinnustofur á **www.kvennafri.is**

# Alþjóðleg ráðstefna

á vegum **Skottanna** regnhlífarsamtaka 20 íslenskra kvennasamtaka

# Kynferðis-ofbeldi

## Háskólabíói við Hagatorg 24.okt. 2010 kl. 10–17

Fundarstýra: Kolbrún Halldórsdóttir fyrrum umhverfisráðherra
Ráðstefnan fer fram á ensku
Skráning fer fram á **www.kvennafri.is** – Ráðstefnugjald 3.000 kr.

## Sunnudagur 24. okt.

Kl. 10.00–10.15 Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrum forseti og verndari Skottanna setur ráðstefnuna

Kl. 10.15–10.45 Umboðskona Sameinuðu þjóðanna í ofbeldis-málum, frú Rashida Manjoo

Kl. 10.45–11.15 Janice Raymond prófessor, Coalition against Trafficking in Women: „Resisting the Demand for Prostitution and Trafficking“

Kl. 11.15–11.30 Menningaratriði

Kl. 11.30–12.00 Frú Zvjezdana Batkovic frá CARE International NWB: „Young Men´s Initiative“

Kl. 12.00–13.30 Hádegisverður og menningaratriði

Kl. 13.30–14.00 Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs og meðlimur í „We Must Unite“, sem er hópur 14 heimsþekktra karlleiðtoga, á vegum Ban Ki-moon´s aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem hafa skuldbundið sig til þess að setja baráttuna gegn kynferðisofbeldi í forgang í störfum sínum

Kl. 14.00–14.30 Dr. Esohe Aghatise: „Gender Violence in Africa: Prostitution and Trafficking in Select African Countries“

Kl. 14.30–15.00 Ruchira Gupta, forseti Apne Aap Women Worldwide, Indlandi

Kl. 15.00–15.30 Kaffi

Kl. 15.30–16.00 Taina Bien Aime, framkvæmdastýra samtak-anna EQUALITY NOW!: „Grassroots Activism to End Women’s Rights Violations“

Kl. 16.00–16.30 Margarita Guille, í stjórn alþjóðasamtaka kvenna-athvarfa: „Shelters and Womenat Risk in Latin America, Why Do We Need to Network?“

Kl. 16.30–17.00 Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna „The Burning Iissues in the Fight Against Gender Based Violence in Iceland“

Skottur
Samstarfsvettvangur íslenskra kvennasamtaka

# KRÓNAN

fyrir þig og þína

50% afsláttur

**1749** kr. kg
Verð áður ~~3498~~ kr.
Ungnauta mínútusteik

50% afsláttur

**1749** kr. kg
Verð áður ~~3498~~ kr.
Ungnauta roast beef

## GERÐU FRÁBÆR KAUP

30% afsláttur

**1399** kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr.
Lambalærissneiðar

20% afsláttur

**1598** kr. kg
Verð áður ~~1998~~ kr.
Lambakótilettur

**798** kr. kg
Lambasúpukjöt af nýslátruðu

## Helgartilboð á ilmandi bakkelsi!

**49** kr. stk.
Stjörnurúnstykki, fín og gróf

**79** kr. stk.
Croissant

**149** kr. stk.
Sérbakað vínarbrauð

**149** kr. stk.
Snúður m/súkkulaði eða glassúr

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

25% afsláttur

1798 kr. kg

Verð áður ~~2398~~ kr.
Ungnauta snitsel

20% afsláttur

2398 kr. kg

Verð áður ~~2998~~ kr.
Lambainnralæri, kryddað og ókryddað

Nýtt!

869 kr. kg

Heill kjúklingur með lime og rósmarín, skorinn í tvennt

50% afsláttur
af nammibarnum á laugardögum

589 kr. stk.

Krónuís, bragðarefur, 1,33 l

69 kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max, Appelsín og Mountain Dew, 33 cl

329 kr. pk.

Lay's snakk, 4 tegundir, 200 g

50% afsláttur
af heilsunammi á laugardaginn

124 kr. kg

Verð áður ~~248~~ kr.
Rautt greip

99 kr. kg

Verð áður ~~198~~ kr.
Græn melóna

215 kr. kg

Verð áður ~~429~~ kr.
Ferskjur

95 kr. pk.

Verð áður ~~189~~ kr.
Fljótshóla gulrætur, 600 g

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16




1992 SÓDÓMA REYKJAVÍK LEIKSTJÓRN: ÓSKAR JÓNASSON




2000 ENGLAR ALHEIMSINS LEIKSTJÓRN: FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON




1982 MEÐ ALLT Á HREINU LEIKSTJÓRN: ÁGÚST GUÐMUNDSSON

# Sódóma best íslenskra mynda

Flestum svarendum í skoðanakönnun Fréttablaðsins þykir **Sódóma Reykjavík**, fyrsta mynd Óskars Jónassonar frá 1992, bera af öðrum íslenskum kvikmyndum. *Kjartan Guðmundsson* leit á niðurstöðurnar og ræddi við Óskar um gerð bestu myndarinnar.

Nú eru liðnir þrír áratugir frá frumsýningu fyrstu íslensku kvikmyndarinnar á hinu svokallaða íslenska kvikmyndavori, en samfelld kvikmyndagerð hófst hér árið 1980. Af því tilefni leitaði Fréttablaðið álits 800 þátttakenda, sem valdir voru með slembiúrtaki úr þjóðskrá, á því hver sé besta íslenska kvikmyndin.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tóku 72,3 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Eins og venja er vekur ýmislegt athygli í niðurstöðum könnunarinnar. Sódóma Reykjavík, fyrsta kvikmynd Óskars Jónassonar, er hlutskörpust með 12,3 prósent atkvæða en næsta mynd, Englar alheimsins eftir Friðrik Þór Friðriksson, hlýtur 9,8 prósent atkvæða. Elsta myndin í efstu tíu sætunum er Stuðmannamyndin Með allt á hreinu frá 1982, sem varð í þriðja sæti, en nýjasta myndin er Mamma Gógó í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar, sem frumsýnd var á nýársdag á þessu ári.

Friðrik Þór Friðriksson leikstýrði flestum myndunum á topp tíu, alls fjórum talsins, Englum alheimsins, Börnum náttúrunnar, Djöflaeyjunni og Mömmu Gógó. Þá leikur Björn Jörundur Friðbjörnsson stór hlutverk í bæði Sódómu Reykjavík og Englum alheimsins, myndunum sem urðu í fyrsta og öðru sæti, svo fátt eitt sé nefnt.

**Karlkynið meira fyrir grínið**

Sé niðurstöðum könnunarinnar skipt eftir kyni kemur í ljós að karlmenn setja Sódómu Reykjavík í efsta sæti með 16,1 prósent atkvæða og Með allt á hreinu í annað sætið með 11,5 prósent atkvæða, en grín og glens er fyrirferðarmikið í þessum myndum. Af öllu alvarlegra tagi eru þær myndir sem kvenfólkið setur í efstu tvö sætin, Engla alheimsins með 10,6 prósent atkvæða og Börn náttúrunnar með 9,6 prósent atkvæða. Mögulega er þessi munur á smekk kynjanna athugunarefni fyrir félags- og sálfræðinga, en ekki verður farið nánar út í þá sálma á þessum vettvangi.



**ÁSTSÆL MYND** Stefán Sturla Sigurjónsson í hlutverki Brjánsa sýru í Sódómu.




1991 BÖRN NÁTTÚRUNNAR LEIKSTJÓRN: FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON




2006 MÝRIN LEIKSTJÓRN: BALTASAR KORMÁKUR




1986 STELLA Í ORLOFI LEIKSTJÓRN: ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR




# Ríkiskaup hafa valið Þekkingu hf.

**sem sölu- og þjónustuaðila í rammasamningi um rekstur og hýsingu tölvukerfa fyrir ríkisstofnanir, ríkisfyrirtæki og sveitarfélög.**

Nú geta ríkisfyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög leitað beint til Þekkingar hf. og fengið alhliða eða sérsniðna þjónustu á sviði reksturs og hýsingu tölvukerfa.

Samningurinn tryggir ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum m.a. hagstæð kjör á hýsingu, gagnageymslu, afritun, kerfisleigu, vöktun á netþjónum, viðhaldsþjónustu tölvubúnaðar ásamt ýmsum öðrum lausnum og sérfræðiþjónustu frá Þekkingu.

**Hafið samband, það kostar ekkert að kanna málið,**
**S. 460-3100 eða sala@thekking.is**

## Um Þekkingu hf.

Þekking hf. er í hópi stærstu fyrirtækja landsins sem sérhæfa sig á sviði reksturs og hýsingu tölvukerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir.
Þekking hf. er vottað samkvæmt ISO27001 öryggisstaðlinum og með yfir 10 ára reynslu á sínu sviði. Á meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins ásamt fjölda sveitarfélaga og stofnana.

**Veldu örugga og hagkvæma þjónustu fyrir fyrirtækið þitt!**

ÞEKKING
TÖLVUDEILDIN ÞÍN!

BSI ISO 27001 IS 536492

Ríkiskaup hafa valið Þekkingu hf. í flokk A sem sölu- og þjónustuaðila í rammasamningi fyrir rekstur og hýsingu tölvukerfa fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Samningurinn nær yfir hýsingu, þjónustuver, viðveru tæknimanna, gagnahýsingu, afritunarþjónustu, útstöðvaþjónustu, póstþjónustu og streymun. Þekking er einnig söluaðili í rammasamningum fyrir Microsoft leyfissamninga og sérfræðiþjónustu.

Hafnarstræti 93-95 / 600 Akureyri / Hlíðasmára 11 / 201 Kópavogi / Sími 460 3100 / www.thekking.is

7




1992 SÓDÓMA REYKJAVÍK LEIKSTJÓRN: ÓSKAR JÓNASSON

8




1983 NÝTT LÍF LEIKSTJÓRN: ÞRÁINN BERTELSSON

9




1996 DJÖFLAEYJAN LEIKSTJÓRN: FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON

10




2010 MAMMA GÓGÓ LEIKSTJÓRN: FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON

## ÓSKAR JÓNASSON HEF ALLTAF HAFT MIKLA TRÚ Á SÓDÓMU

Þessi niðurstaða kemur mér nokkuð á óvart, því Sódóma hefur ekki beinlínis verið talin mjög listræn mynd í gegnum tíðina. Við gerð hennar var höfuðáherslan lögð á skemmtanagildið. En mér þykir vænt um þessa mynd og hef alltaf haft mikla trú á henni,“ segir Óskar Jónasson, leikstjóri kvikmyndarinnar sem kom best út í könnun Fréttablaðsins, og bætir við að vinsældir Sódómu meðal almennings hafi ekki farið fram hjá honum síðustu átján ár. „Ég get óvíða farið án þess að fólk vitni í samtöl úr myndinni eða gauki að mér frösum, en það er bara skemmtilegt.“

Sódóma Reykjavík fjallar um lúðann Axel og leit hans að sjónvarpsfjarstýringu móður sinnar, sem leiðir hann um undirheima Reykjavíkur með kostulegum afleiðingum. Óskar segir handrit myndarinnar að hluta byggt á atvikum sem hann sjálfur lenti í og húmornum sem myndaðist meðal fólksins sem hann umgekkst á þessum tíma.

„Ég var í hljómsveit og stundaði næturlífið og upplifði ýmislegt í svipuðum dúr og það sem gerist í myndinni. Hugmyndin var alltaf að fylgja Axel eftir í eina nótt, en það var ekki fyrr en á lokastigum að fjarstýringin kom inn í dæmið. Mér þótti ákveðið tilgangsleysi í þessu ferðalagi aðalpersónunnar og datt í hug að fjarstýringin yrði gulrótin sem væri sniðugt að elta,“ segir Óskar, en téð fjarstýring varð nokkuð ráðandi afl í söguþræði myndarinnar og varð meðal annars til þess að Sódóma hlaut titilinn Remote Control erlendis. Þar fékk myndin víðast hvar góða dóma, og nefna má að Entertainment Weekly gaf henni hæstu einkunn. Í dómi tímaritsins sagði að Ísland, sem hingað til hefði verið best þekkt í heimi alþýðumenningarinnar fyrir tilgerðarlegar rokkhljómsveitir, reki af sér slyðruorðið með Remote Control.

Óskar segir góðan anda hafa ríkt við gerð myndarinnar sumarið 1991. „Það var mikið fjör og ég man eftir einu tilfelli þar sem seinka þurfti æfingu vegna þess að einhver var að sofa úr sér í Hverfissteininum. Ég nefni engin nöfn en sá aðili er vel þekktur í þjóðfélaginu í dag,“ segir Óskar.

Af öllum litríkum persónum í Sódómu segir Óskar að sér þyki vænst um brjálæðinginn Brjánsa sýru, sem Stefán Sturla Sigurjónsson túlkaði eftirminnilega. „Brjánsi var byggður á nokkrum kakterum sem ég hafði kynnst á skuggalegum börum borgarinnar. Við fórum í pílagrímsferðir til að hitta þessa aðila, hittum til dæmis þann sem Brjánsi er helst byggður á á Hlemmi. Hann var á spítti, veifandi hnífi og nýbúinn að brjóta bjórglas í andliti vinar síns, sem vildi ekki fara á slysavarðsstofuna þrátt fyrir brotið kinnbein og innfallið auga. Á köflum leið manni ekki allt of vel í þessum vettvangskönnunum,“ segir Óskar og skellir upp úr.



**SÓDÓMA** Leikstjórinn Óskar Jónasson með frummyndina af fuglinum sem síðar prýddi plakatið fyrir Sódómu Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

N1
N1 DEILDIN
VELKOMIN TIL LEIKS!
Keppni í fyrstu umferð N1 deildar kvenna heldur áfram í dag. Við óskum stelpunum og stuðningsfólki þeirra góðrar skemmtunar í vetur. Megi besta liðið vinna!

| | | |
|---|---|---|
| Fram – Haukar | Framheimili | kl. 13:30 |
| Fylkir – ÍBV | Fylkishöll | kl. 13:00 |
| FH – HK | Kaplakrika | kl. 16:00 |
| Grótta – Valur | Seltjarnarnesi | kl. 16:00 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# Gerðu verð-samanburð!



2.290

Vnr. 74804108

**Rafhlöðuskrúfjárn**

EINHELL rafhlöðuskrúfjárn, 4,8V.






2.990

4 l

Sadolin

Vnr. 89071140

**Innimálning**

SADOLIN innimálning, gljástig 10, 4 l, ljósir litir.

sodastream

Vnr. 94990000

**Soda Stream**

SODA STREAM tæki. Eitt 60 lítra gashylki og eins lítra plastflaska fylgja.



13.990

Eitt gashylki dugar í um 60 lítra af kranavatni

***AÐEINS ÞESSA HELGI!***
***Tökum gamla Soda Stream tækið upp í kaup á nýju tæki að andvirði kr. 3.500****

**Tökum aðeins eitt gamalt Soda Stream tæki upp í eitt nýtt tæki frá BYKO. Gamla gashylkið verður að fylgja tækinu þegar því er skilað inn.*



29.900

Vnr. 67090228

**Byssuskápur**

Byssuskápur fyrir 3 byssur. 4 mm veggþykkt. 5 cm þykkt í hurð. Utanmál: 1250x240x200 mm.

18 stk.



Vnr. 41119018

**Glasasett** 1.990

Glasasett, 18 stk.



Vnr. 65103082

**Brauðrist** 3.490

Brauðrist, króm.



Vnr. 52220136-7

**Loftljós** 2.990

MURANO loftljós, kúpull, 30 cm, E27, 60W.

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is



**Í GJÓGV** Þorpið á Austurey er myndrænt og fagurt sem sjá má.

# Frændþjóð í Færeyjum

Það er sem tíminn hafi staðið í stað þegar ljósmyndir *Vilhelms Gunnarssonar* frá Færeyjum eru skoðaðar. Hann sótti eyjarnar heim á dögunum.



**BÖRN AÐ LEIK** Spáð og spekúlerað á götum í Gjógv.



**EIÐSVÍK** Villingadalsfjalls gnæfir yfir vegfaranda.



**Í HÖFUÐSTAÐNUM** Töluvert ólíkt yfirbragð er í miðborg Þórshafnar og miðbæ Reykjavíkur.

# LAGERSALA
## Síðustu dagar í dag og á morgun

66° NORÐUR

**50 - 80% afsláttur**

KRAKKAR 2-14 ára



**Baldur peysa**
3.800 kr.

KRAKKAR 2-14 ára



**Embla jakki**
4.500 kr.

KRAKKAR 2-14 ára



**Loki jakki**
3.800 kr.

KRAKKAR 2-14 ára

fleiri litir



**Bragi heilgalli**
7.000 kr.

KRAKKAR 2-14 ára

einnig í bláu



**Urður hettupeysa**
3.000 kr.

DÖMUR



**Rok jakki**
7.000 kr.

HERRAR



**Esja jakki**
4.500 kr.

**Dömu og herra flísfatnaður**
4.000 – 7.000 kr.

**Barna flísfatnaður**
3.000 – 4.500 kr.

**Barna húfur og vettlingar**
800 kr.

www.66north.is

**Faxafeni 12 (2.hæð):** Lau. 11 – 16 I Sun. 12 – 16
**Glerárgata 32, Akureyri:** Lau. 11 – 16

# Himnarnir hrundu

**Caroline Seyani** missti móður sína þegar hún var fimmtán ára gömul. Föður sinn þekkti hún aldrei. Hún er einn skjólstæðinga Rauða kross Íslands í Malaví og *Fréttablaðið* birtir hér brot úr sögu hennar. Sigríður Björg Tómasdóttir tók saman.



**URÐUM AÐ BJARGA OKKUR** Caroline Seyani segir vinnusemi sem móðir hennar innrætti henni hafa veitt sér styrk til að bugast ekki eftir að móðir hennar lést og börnin þurftu að sjá um sig sjálf. Mynd/Þorkell Þorkelsson

Caroline Seyani er fædd í ágúst 1987. Hún ólst upp hjá móður sinni en frétti það fyrst eftir andlát hennar að faðir hennar var kaþólskur prestur sem hafði verið í sambandi við móður hennar um skeið, þrátt fyrir skírlífisákvæði kaþólsku kirkjunnar. Á æskuárum hennar voru sjö manns á heimilinu: móðir hennar, Clara og Doreen systur hennar og frændsystkinin Josephine, Catherine og Edward, börn móðursystur hennar sem dó árið 1998. Þegar Caroline var ellefu ára gömul varð móðir hennar að flytja með fjölskylduna frá borginni Blantyre, þar sem hún vann fyrir sér sem saumakona, í þorpið Chiradzulu til að sjá um móður sína. Eldri systir móður hennar var þá dáin.

### Móðirin fékk krabbamein

„Það má gera sér í hugarlund hvaða merkingu lífið hafði fyrir mig, systkini mín og frændsystkini eftir að hafa misst svo marga nákomna ættingja. Svo veiktist mamma í ársbyrjun 2001, eftir nokkurra mánaða þjáningu greindist hún með leghálskrabbamein. Þrátt fyrir krabbameinsmeðferð breiddist meinið út og hún lést 20. nóvember 2002 vegna blóðmissis. Við tóku erfiðir tímar hjá mér og ættingjum mínum. Ég var í gagnfræðaskóla. Clara var gift og Doreen dáin. Einungis börn voru eftir á heimilinu, ég, frændsystkinin Josephine, Catherine og Edward og Dennis sonur Doreen. Áfallið var hræðilegt. Sorgin var að buga ömmu, sem lést ári síðar. Það var eins og himnarnir hefðu hrunið yfir okkur. En við urðum að bjarga okkur. Vinnusemin sem móðir mín hafði innrætt mér veitti mér þann styrk sem ég þurfti til að komast af. Við unnum hörðum höndum á maísakrinum okkar og uppskeran var tíu pokar, sem dugði okkur fram á næsta ár. Þorpshöfðinginn tók eftir iðjusemi okkar og var svo vænn að gefa okkur áburð á akurinn okkar.

Stærsta vandamálið fyrir mig var hvernig ég gæti haldið áfram skólagöngu án þess að eiga fé fyrir skólagjöldum. Á meðan á regntímanum stóð lifðum við á einstaka verkum sem okkur buðust, sem aðallega fólust í að reyta arfa í görðum nágrannanna. Peningana notuðum við fyrir nauðþurftum heima og til að greiða skólagjöldin. Á hverju misseri var ég rukkuð um skólagjöldin, sem lagðist þungt á mig. Ég seldi að lokum nokkur húsgögn til að eiga fyrir þeim. Gjöldin voru um 34 dollarar [andvirði um 3.800 íslenskra króna] og var þá skólabúningur innifalinn. Það var stórfé fyrir munaðarleysingja eins og mig. Ég held að einkunnirnar mínar hefðu orðið miklu betri hefði lærdómsumhverfi mitt verið betra. Sem betur fer voru Catherine og Josephine enn í barnaskóla á þessum tíma en í þá þarf ekki að greiða skólagjöld.

### Stóðst gylliboð karla

Gagnfræðaskólaárin voru mjög erfið en móðir mín lést rétt eftir að ég hafði tryggt mér pláss í skólanum. Fjárhagsvandræðin gerðu það að verkum að ég hefði getað látið freistast til þess að taka upp samband við menn til að safna peningum fyrir skólanum og nauðþurftum. Talsverður þrýstingur var á mér í þessum efnum, einn vinur minn sagði mér meira að segja frá því að nokkrir ungir menn væru að gefa mér auga og ég ætti að slá til. Ég sagði nei! Einhverjir vinir mínir hljóta að hafa hvatt þessa menn því ég fékk mörg ástarboð upp úr þessu og lét næstum undan. En mér tókst að minna mig á systur mínar og frænkur sem höfðu orðið mæður allt of ungar og ekki einu sinni gifst feðrum barna sinna. Allt vegna þess að þær voru sviknar í sambönd við menn sem vildu bara setja þær á lista yfir konur sem þeir hefðu náð í!“

Caroline lauk námi en fékk ekki nægilega góðar einkunnir fyrir háskóla. Hún dró fram lífið við sult og seyru en ákvað svo að læra blaðamennsku í eitt ár í Blantyre og fékk aðstoð við það frá systur sinni og manni hennar. Hún flutti svo til þorpsins Nkalo í ársbyrjun 2009 en þar hafði móðurarfur hennar orðið uppspretta deilna sem hún vildi ekki taka þátt í. Hún fór út í rekstur með frænku sinni og þær opnuðu verslun í Blantyre.

### Starfar fyrir Rauða krossinn

Þar komst hún á nýjan leik í kynni við Rauða krossinn en hún hafði fengið heimsókn frá starfsfólki hans skömmu eftir að móðir hennar lést. Þau höfðu gefið henni og frændsystkinum hennar áburð og henni dagbók til þess að hún gæti setið við skriftir eins og hana dreymdi um.

„Ég er mjög þakklát Rauða krossinum í Malaví fyrir að hafa uppi á mér og hvetja mig til dáða. Ég tek núna þátt í starfi þeirra. Eftir að ég sagði þeim frá lífi mínu og baráttunni vildu þau fá mig til starfa fyrir sig. Ég tek nú þátt í starfi sem miðar að því að styrkja ungar stúlkur og upplýsa þær um hætturnar sem fylgja ótímabærum þungunum og giftingum og alnæmi.

Vegna þess að ég er sprottin úr sama umhverfi og þær getur lífshlaup mitt orðið þeim hvatning. Þó að ég sé flutt til Blantyre hitti ég stúlkur í Nkalo hálfsmánaðarlega ... Ég er þakklát Rauða krossinum fyrir að leyfa mér að deila reynslu minni. Ég vona að þessi stutta saga um baráttu okkar hér muni einnig nýtast Rauða krossinum á Íslandi til að safna fé fyrir starfið hér.“

## GENGIÐ TIL GÓÐS FYRIR BÖRN OG UNGMENNI

Í dag verður gengið til góðs á vegum Rauða krossins í sjötta sinn. Í söfnuninni í ár er litið til langtíma samstarfsverkefna Rauða kross Íslands sem eiga undir högg að sækja varðandi fjármögnun, en þar sem þörfin er engu að síður eins aðkallandi og brýn og þar sem náttúruhamfarir og átök geisa.



Verkefni félagsins í Malaví fyrir börn og ungmenni sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis og í Síerra Leóne sem snýst um stríðshrjáð börn og endurhæfingu barnahermanna eru á oddinum í söfnun dagsins.

„Stærstu verkefnin okkar í Afríku eru þessi í Malaví og Sierra Leone og söfnunarféð fer í þau,“ segir Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossi Íslands. „Í Malaví erum við að byggja leikskóla og athvörf fyrir börn fram að skólaaldri sem hafa misst foreldra sína úr alnæmi. Við styðjum líka við eldri börn en alls hefur Rauði kross Íslands hjálpað til við að byggja sjö atvhörf þar í landi. Í Sierra Leone snýst verkefnið um að aðstoða ungmenni við að sjá sér farborða og að veita sálrænan stuðning vegna borgarastyrjaldarinnar sem þar hefur geisað.“

Dagurinn í dag snýst ekki eingöngu um að leita eftir fjárstuðningi heldur einnig til að fá fólk til að sýna samstöðu í verki með því að gerast sjálfboðaliðar eina dagstund. Þannig geta allir tekið þátt í söfnuninni – ýmist með því að ganga eða gefa. Sólveig segir yfirleitt hafa gengið vel að fá sjálfboðaliða. Flestir skrái sig samdægurs í einni af söfnunarstöð Rauða krossins sem settar hafa verið upp um allan bæ og allt land. Í gærmorgun höfðu þó ríflega 700 skráð sig á netinu en markmiðið er að fá um þrjú þúsund sjálfboðaliða. Söfnunin fer fram milli klukkan tíu og sex í dag. Sjálfboðaliðar fá afhentan bauk í söfnunarmiðstöðinni sinni og við tekur svo um klukkutíma ganga í hverfinu. Sólveig bendir á að gott sé að vera búinn að taka til smámynt eða seðla til að stinga í bauk sjálfboðaliðanna.

VIÐ SÖFNUM FYRIR ÍSLENSKU KIRKJUORGELI Í GUÐRÍÐARKIRKJU

Gorgelhátíð Guðríðarkirkju

Guðríðarkirkja í Grafarholtinu fékk Björgvin Tómasson til að smíða orgel í kirkjuna. Við þessa smíði hafa 4 menn fulla atvinnu en nú er verkið stopp og verkstæðinu verður lokað ef ekkert verður að gert. Kirkjan blæs til menningarviku 3. til 10. október sem kallast Gorgelhátíð Guðríðarkirkju. (Vísar í Gormánuð og orgelhátíð).

Miðasala v ið innganginn eða í síma 577 7770 frá kl. 10 – 16 alla daga. Kirkjustétt 8, í Grafarholti.

Gjafapípur til sölu.Söfnunarsími 903 3030 styrkir verkefnið um 3000 kr. Sjá nánar á www.grafarholt.is

Miðaverð 2.500 kr.



FERÐASAGA GUÐRÍÐAR — Sunnudagur 3. okt kl 20.00

Ævi og ævintýri hinnar víðförlu og mögnuðu víkingakonu Guðríðar Þorbjarnardóttur sem sigldi alla leið til Ameríku í kringum árið 1000.
Leikkona: Þórunn Erna Clausen // Leikstjóri: María Ellingsen

NÚ ER ÞAÐ SVART — Mánudagur 4. okt kl. 20:00

Karlakórinn Fóstbræður, KK og Davíð Ólafsson syngja tregatónlist úr öllum áttum.
Gestasöngvari: Stefán Helgi Stefánsson.

SÍGILDIR SÖNGVAR — Þriðjudagur 5. okt. kl. 20:00

Diddú og Drengirnir ásamt Páli Óskari og Moniku Abendroth.

FJÖRKVÖLD OG TÖÐUGJÖLD — Miðvikudagur 6. okt kl. 20:00

South Riverband fagnar hausti með krafti og kæti.

STÓRTENÓRAKVÖLD — Fimmtudagur 7. okt kl. 20:00

Stórtenórakvöld með flottustu tenórum landsins.
Fram koma Gunnar Guðbjörnsson, Gissur Páll Gissurarson, Snorri Wium, Garðar Thór Cortes, Hlöðver Sigurðsson og Einar Clausen. Við píanóið situr Helga Bryndis Magnúsdóttir.

SKEMMTIKVÖLD — Föstudagur 8. okt. kl. 20:00

Skemmtikvöld með hljómsveit Magga Kjartans. Fram koma Bjarni Ara, Raggi Bjarna, Óperuídívurnar Davíð og Stefán og Karlakór Kjalnesinga.

FEMINSKAR ENGLARADDIR — Sunnudagur 10 okt. kl. 14:00

Stúlknakór Reykjavíkur og stúlknakórfrá Berlín syngja.

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

OKTÓBER 2010



**París í nýju ljósi** Sigríður Björg Tómasdóttir kynnti sér hjólreiðamenninguna í höfuðborg Frakklands.

SÍÐA 8

**Veisla fyrir augu og eyru** Hljómsveitin Hjaltalín heldur tónleika í Teater Grob leikhúsinu í Kaupmannahöfn.

SÍÐA 2






SHARP
Pioneer
OLYMPUS
Nintendo
SAMSUNG
ERUM FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2. hæð
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15
...Ég líka!
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




# ÍSLENDINGAR HARÐASTIR AF SÉR

Fjallgönguæði hefur gripið Íslendinga undanfarin misseri og æ fleiri sem vilja spreyta sig á hrikalegustu fjöllum Alpanna, þar sem Mont Blanc hefur mest aðdráttarafl í upphafi. Jökull Bergmann fjallaleiðsögumaður fór með margan víkinginn á toppinn í sumar sem leið.

Segja má að eldskírn allra fjallamanna sé að taka vertíð í Alpaklifri og þá er markið oftast sett á Mont Blanc, sem er hæsta fjall Vestur-Evrópu (4.810 m). Þar hafa Íslendingar síst verið eftirbátar annarra þjóða síðan um 1980, en oftast hafa ferðir þangað verið farnar í tengslum við Íslenska Alpaklúbbinn. Töluvert hefur færst í aukana að hinn almenni íslenski göngumaður fari í Alpana en það er tilkomið vegna hnúkatískunnar svokölluðu, því æ fleiri Íslendingar sækjast eftir að ganga á Hvannadalshnúk,“ segir Jökull Bergmann, sem einn íslenskra fjallaleiðsögumanna hefur starfsleyfi og réttindi til að klífa fjöll með Íslendinga í Ölpunum.

FRAMHALD Á SÍÐU 6



HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI
Vönduð vara, gott úrval, áratuga reynsla.
SEPTEMBER TILBOÐ

OSO HOTWATER
Norskir ryðfríir hitakútar
Stærðir: 5-300 lítrar
WÖSAB
Olíufylltir rafmagnsofnar
Stærðir: 250W-2000W
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Vera Einarsdóttir skrifar

# HRÆÐSLUPÚKI Á FERÐ

Ég og eiginmaðurinn höfum ákveðið að segja kreppunni stríð á hendur og panta borgarferð sem er fyrirhuguð um miðjan mánuðinn. Við, eins og eflaust fleiri, erum komin með leiða á eilífu aðhaldi í fjármálum og ákváðum að skrapa saman sparikrónunum og lyfta okkur aðeins upp.

Ferðinni er heitið til Stokkhólms og kom aldrei annað til greina. Ég bjó þar í grenndinni sem barn og



langar í raun ekki annað. Það skýrist þó ekki eingöngu af nostalgískri fortíðarþrá heldur líka af því að ég er að jafnaði nokkuð laus við það sem kallast útþrá og líður langbest heima hjá mér eða í það minnsta þar sem ég þekki til. Þá finnst mér satt best að segja alger óráðsía að láta sér detta það í hug að setjast upp í risavaxna áldós með vængjum og þeytast eitthvert út í buskann. Ég hef í raun aldrei skilið hvernig svona flugvélaferlíki virka og skvetti oftast duglega í mig til að komast í gegnum ferðalagið, þá sjaldan ég læt mig hafa það að fljúga. Þessi hræðsla er engin ný bóla og hefur fylgt mér allt frá barnæsku. Eftir að ég varð mamma og hef fyrir eigin fjölskyldu að sjá hefur ástandið síður en svo batnað.

En hvað um það! Við hjónin ætlum að gerast svo djörf að fljúga yfir hafið og hlökkum hvað sem öðru líður mikið til. Við ætlum að rölta um gamla bæinn, skoða konungshöllina, spóka okkur í lystigörðum, fara á Vasa-safnið, kíkja á bóhemana á Söder og borða eins og við getum í okkur látið. Það er næsta víst að við heimsækjum H & M og ekki veitir af enda eru sokka- og nærfataskúffurnar orðnar heldur tómlegar eftir nokkurra ára einangrun á Íslandi.

Stokkhólmur er án efa borgin mín enda kann ég því vel að þekkja til og geta gert mig skiljanlega. Vissulega hef ég séð örlítið meira af heiminum en hann heillar ekki á sama hátt. Ef ég tek upp á því að bregða mér út fyrir landsteinana á ný er ekki ólíklegt að Svíþjóð verði enn og aftur fyrir valinu. Hugmyndaflug mitt nær ekki mikið lengra og það truflar mig ekki neitt. Það er þó aldrei að vita nema ég skelli mér einhvern tímann á flughræðslunámskeið og fari að kanna ókunn lönd og heimsálfur. Slík plön eru þó ekki komin á dagskrá.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* Roald Viðar Eyvindsson *roald@frettabaldid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Nordicphotos/getty
**Pennar** Emilía Örlygsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*






Kaupmannahöfn er falleg borg þar sem nóg er fyrir stafni að hafa. NORDICPHOTOS/GETTY

# SPILA Í LITLU LEIKHÚSI

**Hljómsveitin Hjaltalín kemur fram á lokakvöldi kvikmyndahátíðarinnar CPH:DOX í Kaupmannahöfn: Meðlimir nýta tækifærið og heimsækja vini og vandamenn.**

Hljómsveitin Hjaltalín heldur tónleika í Kaupmannahöfn hinn 14. nóvember. Tónleikarnir eru haldnir í tengslum við heimildarmyndahátíðina CPH:DOX sem fer fram dagana 4. til 14. nóvember og er sú stærsta sinnar tegundar í Skandinavíu.

Tónleikarnir fara fram í Teater Grob sem er lítið leikhús neðarlega á Nørrebrogade. Leikhúsið hefur verið starfrækt í tíu ár en hefur ekkert fast húsnæði undir starfsemi sína og hefur því nokkrum sinnum flutt sig um set frá stofnun þess.

Á meðal þeirra heimildarmynda sem sýndar verða á hátíðinni er íslenska myndin Backyard, en Hjaltalín er einmitt á meðal þeirra hljómsveita sem koma fram í myndinni. Tónleikar Hjaltalín verða á lokakvöldi hátíðarinnar og verður vídeóverk eftir Sögu Sigurðardóttur og Hildi Yeoman frumsýnt við sama tækifæri. „Þar sem hljómsveitin kemur fram á kvikmyndahátíð eiga tónleikarn-



Kann vel við Dani Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður Hjaltalín, viðurkennir að erfitt sé að koma Dönum í stuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ir að vera svolítið sjónrænir líka og þess vegna verður vídeóverk sýnt á tónleikunum,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður Hjaltalín. Leikhúsið er lítið og notalegt en er að sögn Steinþórs sjaldan nýtt undir tónleikahald.

Aðspurður segir Steinþór Dani vera gott fólk en viðurkennir að þeir geti verið erfiðir áhorfendur því illa gangi að fá þá til að sleppa fram af sér beislinu. „Það getur verið erfitt að koma Dönum í stuð. Ég veit ekki af hverju það er, ætli það liggi ekki í rótunum.“

Hjaltalín hefur áður haldið tónleika í Danmörku og segir Steinþór Kaupmannahöfn skemmtilega borg þar sem nóg sé fyrir stafni að hafa. Hann segir hljómsveitarmeðlimi oftast nýta tækifærið þegar þeir dvelji í landinu og heimsækja vini og vandamenn sem búi þar. „Ég veit ekki hvort við munum hafa tíma til að skoða okkur mikið um í þetta sinn. Við verðum í Bretlandi deginum fyrir tónleikana þar sem hljómsveitin tekur upp tónlist fyrir útvarpsstöðina BBC 4 þannig þetta verður stutt stopp,“ segir Steinþór að lokum. Hægt er að kynna sér dagsskrá hátíðarinnar nánar á heimasíðu hennar www.cphdox.dk. *- sm*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

BORÐA, BIÐJA, ELSKA
MEÐ ÚRVAL ÚTSÝN

Bókin Borða, biðja, elska hefur notið mikilla vinsælda um allan heim undanfarið og kvikmynd byggð á bókinni, með Juliu Roberts í aðalhlutverki, ætlar sömuleiðis að slá í gegn. Úrval Útsýn kynnir um þessar mundir sérstaka ellefu daga ævintýraferð til Indlands en ferðin er hugsuð í anda bókarinnar, fyrir konur sem vilja njóta lífsins og kynnast sjálfum sér og öðrum betur. Brottfarardagur er 27. janúar og fararstjórar eru Bjargey Aðalsteinsdóttir og Þóra Guðmundsdóttir.



HAUST & VETUR 2010/11

sumarferdir.is

# Tenerife

*- vinsælustu gistingarnar eru hjá okkur!*



SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar



## FISKMARKAÐUR Á SUNNUDAGSMORGNUM

**Anna Kristjánsdóttir vélstjóri**

Anna Kristjánsdóttir vélstjóri bjó í nokkur ár í Stokkhólmi og heldur mikið upp á þá borg. Uppáhaldsborgin hennar er samt sem áður Hamborg í Þýskalandi. „Þangað er skemmtilegast að koma sem gestur,“ segir Anna sem hefur komið til Hamborgar í nærri óteljandi skipti enda sigldi hún þangað aðra hverja viku í nokkur ár, og hefur auk þess einnig ferðast þangað á eigin vegum.

Og hvað er það sem heillar? „Það er til dæmis skemmtanalífið og höfnin auk þess sem mikil saga fylgir borginni,“ svarar Anna. Hún viðurkennir að kannski sé fátt um að vera fyrir ferðamenn sem komi í miðri viku en þeir sem stoppi lengur geti til að mynda kíkt á fiskmarkaðinn á sunnudagsmorgnum og farið út á lífið en skemmtanalífið í borginni er fjölskrúðugt.

„Þá er fjöldinn allur af skemmtilegum söfnum í borginni en borgarminjasafnið er í uppáhaldi.“

Anna hefur ekki komið til Hamborgar í nokkur ár en gæti vel hugsað sér að fara þangað aftur, sérstaklega í Gay Pride-gönguna. „Hún á að vera sér á parti í borginni. Þeir eru alls staðar með þetta teknódót sem er alls staðar annars staðar og fer í mínar fínustu,“ segir hún glettin.







## BIKINÍ OG SUSHI Á MIAMI

**Jóhanna Vala Jónsdóttir fegurðardrottning**

„Mér þykja margar borgir æðislegar en um þessar mundir stendur Miami á Flórída upp úr þeim öllum. Þar finnst mér ómissandi að vakna á sólríkum morgni og fara út að hlaupa, en hoppa svo í bikiníið og beint út á strönd og fara því næst í ljúffengan hádegismat á SushiZamba.“

# TÍMI TIL AÐ LEYNAST, LIFA OG LEIKA

Það er draumi líkast að geta horfið á vit ævintýra í ókunnri stórborg og fela sig meðal heimsborgara sem líða um framandi stræti, forvitnilegar byggingar og sýnishorn af útlenskri náttúru. Andrúmsloftið er áfengt af kitlandi forvitni og endalaus tækifæri til nýrra og spennandi upplifana. Ferðalög komust á snoðir um nokkrar af eftirlætisborgum valinkunnra ferðalanga.



## MEÐ HEIMÞRÁ TIL NEW YORK

**Heiða Ólafsdóttir leik- og söngkona**

Leik-, söng- og útvarpskonan Heiða Ólafsdóttir er ekki í nokkrum vafa þegar hún er spurð að því hver uppáhaldsborgin hennar sé. „Það er án efa New York enda er borgin engu lík,“ segir Heiða, sem bjó þar frá 2007 til 2009 og lærði leiklist í Circle in the Square Theatre School.

Fjölbreytnin er það sem heillar Heiðu hvað mest. „Maður fer kannski sömu leið í lestinni á hverjum degi en sér alltaf nýtt og áhugavert fólk til að fylgjast með.



Þá er hægt að fá allt sem hugurinn girnist og borða hollt á öllum götuhornum eða verða sér úti um amerískan hamborgararass ef maður vill það frekar.“

Heiða bjó í fyrstu í Brooklyn innan um mikinn fjölda blökkumanna og var kölluð „snowflake“ enda skar hún sig úr með sitt ljósa síða hár. „Síðan flutti ég til Spanish Harlem sem var mikil upplifun en fékk svo tækifæri til að búa miðsvæðis á Manhattan, sem var tvímælalaust toppurinn.

Heiða segir að sér hafi þótt gaman að kynnast fólkinu í borginni öðruvísi en sem túristi og fær reglulega heimþrá. „Ég hef einu sinni farið í heimsókn síðan ég flutti heim og ligg satt að segja á Netinu og skoða flug.“ Heiða á þó ekki heimangengt um sinn enda að fara að frumsýna Buddy Holly í Austurbæ í næstu viku.



## ÆVINTÝRI Í MONTPELLIER

**Valgerður Guðnadóttir sópransöngkona**

„Litla borgin Montpellier í Suður-Frakklandi er mér mjög kær en þar bjó ég frá 2004 til 2005 og lærði frönsku mér til gamans í háskólanum,“ segir Valgerður Guðnadóttir sópransöngkona. „Það var skyndihugdetta að fara út og prófa eitthvað nýtt og eftir smá dvöl á litlu, skrýtnu og skemmtilegu hóteli fengum við íbúð með mörgum svölum og herbergjum. Þar bjuggum við saman í eins konar kommúnu, ég, systir mín og kærasti og dóttir mín kom líka til mín.“

Montpellier er háskólabær, með litlum þröngum götum, sérhæfðum verslunum í miðaldastíl, mörkuðum og miðbæ sem er skemmtilegur í laginu, eins og skjöldur. „Það er stutt niður á strönd og alltaf gott veður enda borgin í Suður-Frakklandi. Það er



mjög gaman að vera ungur háskólanemi þarna eða eins og ég, að skreppa út til að láta gamla drauma rætast.“







ego dekor
LEÐURSÓFASETT 503
3ja sæta 220cm
Verð: 189.900,-
Stóll
Verð: 99.900,-
KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 205cm
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-
Stóll
TILBOÐSVERÐ: 86.400,-
VISION LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 240cm
Verð: 205.000,-
Stóll
Verð: 108.000,-
COOL LEÐURTUNGUSÓFI
Stærð: 324x170cm
Verð: 339.000,-
NÝ SENDING AF SÓFUM
AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-
BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-
SICILY TUNGUSÓFI
Stærð: 268X165cm
TILBOÐSVERÐ: 188.100,-
CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Aukinn fjallgönguáhugi Íslendinga hefur ekki farið fram hjá Jökli.

„Eftir Hvannadalshnúk vilja margir setja markið hærra. Þá verður Mont Blanc oft fyrir valinu því fjallið sameinar kosti þess að vera hátt, aðgengilegt og ekki of tæknilega erfitt. Ekki ósvipað Hvannadalshnúki fylgir því ekkert klifur heldur mestmegnis ganga og svolítið brölt á snjó og á ís,“ segir Jökull, sem í sumar fór margar ferðir með Íslendinga á Mont Blanc og önnur Alpafjöll, en hæstu tindar þeirra eru í Frakklandi, Sviss og Ítalíu.

„Flestir falla kylliflatir eftir að hafa sigrað Mont Blanc og sækja í brattari fjöll. Því færist það nú í aukana að fólk leiti til mín að komast á erfiðari tinda eins og Matterhorn í Sviss, sem er hörkuklifur á eitt formfegursta og mest myndaða fjall veraldar, en margir þekkja það af umbúðum Toblerone-súkkulaðisins. Þá fá margir Alpaklifrarar dellu fyrir því að safna 4.000 metra tindum, en alls eru um áttatíu slíkir í Ölpunum,“ segir Jökull og bætir við að sigurtilfinning ráði ríkjum þegar slíkum toppum sé náð, því öll fjallamennska snúist um að komast á tinda og njóta ferðarinnar.


MATTERHORN Norðurveggur Matterhorns er einn sex erfiðustu norðurveggja Alpanna.


MINNA SÚREFNI Íslendingar í hæðaraðlögun og þjálfun fyrir göngu á Mont Blanc.


FJALLAFEGURÐ SÓLARLAG Á Zinal Rodhorn sem er með fegurstu fjöllum Alpanna.

MYNDIR/JÖKULL BERGMAN

### Rómantísk og fjandsamlegt

Ferð með Jökli á tinda Alpafjalla hefst á súrefnisaðlögun vegna hæðarmismunar og þjálfun í ís- og klettaklifri.

„Það fer enginn óvanur í fjallgöngu á Mont Blanc og flestir sem ætla þangað hafa lokið íslenska toppapakkanum og eru í mjög góðu formi en búa ekki yfir tæknilegri fjallamennsku. Því er byrjað á vikulöngu þjálfunarprógrammi svo hægt sé að komast á erfiðari fjöll. Sem leiðsögumaður fer ég fremstur í flokki og tryggi fólkið upp, en því betur sem það er þjálfað, þeim mun hraðar og öruggar kemst það yfir, og þeim mun erfiðari leiðir get ég farið með það,“ segir Jökull, sem hefur alltaf jafn mikla ánægju af fjallamennsku.

„Fjallamennska er lífsstíll og forréttindi sem atvinna. Hún getur líka verið hrikalega erfið í brjáluðu veðri og hættum, en er á sama tíma virkilega gefandi þegar vel gengur. Umhverfið er rómantískt og ævintýralegt, en afar fjandsamlegt og aðstæður allar hrikalegar. Því er hársbreidd milli þess að allt sé æðislegt eða allt svo skelfilegt, og fólk deyr unnvörpum í Ölpunum þegar það kann ekki skil á þeim hættum sem ber að varast,“ segir Jökull og fer með sláandi staðreyndir.


FJALLAMENN Jökull með Halldóri Hafsteinssyni sem er einn þeirra sem sækir í brattari og erfiðari fjöll Alpanna.

„Á Mont Blanc-svæðinu eru tvær þyrlur í fullu starfi við að bjarga fólki. Þær fara eins og lyftur upp og niður fjöllin dag hvern með slasaða, og þá deyja alltaf einhverjir í Ölpunum á degi hverjum, en hafa ber í huga að tugþúsundir manna eru á öllu svæðinu. Flestir sem láta þar lífið eru á eigin vegum, með litla reynslu og þekkingu, fara of langt, týnast eða falla fram af klettum,“ segir Jökull og upplýsir um gamla hefð í Ölpunum.

„Þar hafa allir rétt á að fara til fjalla á eigin vegum og ekkert er gert til að stoppa menn. Menn hafa því 100 prósent rétt á að mæta dauða sínum á eigin ábyrgð, en þessu er þveröfugt farið með ábyrgð fjallaleiðsögumanna. Þeirra starfi fylgir aldalöng hefð, það er lögverndað og gífurleg menntun að baki. Því gilda sömu viðurlög um að þykjast vera leiðsögumaður og læknir, og hámarks refsing er 50 þúsund evra sekt og þriggja ára fangelsi. Í Ölpunum starfar því sérstök fjallalögga sem sækir menn í þyrlum og sendir beint í steininn séu þeir að pósa sem fjallaleiðsögumenn í skálum með kúnna, sem er auðvitað skiljanlegt þegar eitt skref til vinstri og eitt til hægri getur þýtt bráðan dauða,“ segir Jökull.

### Íslendingatúrar eftirsóttir

Jökull segir staðreyndir sem þessar ekki eiga að letja fólk til fjallaferða í Ölpunum, en mikilvægt sé að fólk geri sér grein fyrir því að fjallamennska sé ekki áhættulaus. Slys séu enda sjaldgæf og miklum mun ólíklegri í för með faglærðum leiðsögumönnum, því áhættumat sé meðal stærstu þátta þeirra vinnu.

„Í Ölpunum eru gerðar aðrar kröfur um fjölda gesta á hvern leiðsögumann og á Mont Blanc má bara vera með tvo í sinni línu. Þess vegna vinna með mér margir leiðsögumenn sem allir eru æstir í að komast í Íslendingatúra. Meðal fjallaleiðsögumanna Alpanna er alkunna að hægt sé að draga Íslendinga mun lengri og erfiðari leið en nokkra aðra þjóð. Sjálfur hef ég orðið var við þetta ytra, en svarið felst í því hversu Íslendingar eru vanir að vera úti í vondum veðrum,“ segir Jökull og nefnir dæmi frá því í sumar.





BREITHORN Íslendingur þverar Breithorn í Sviss.


ÁTÖK Íslenskir víkingar í þjálfun fyrir meiri átök.



# Vín&veisla

október 2010



## *Súpur fyrir sælkera*

**Forréttir að hætti mateiðslumeistara ársins**

## *Gómsætt villigæsasalat*

**Jóhann Jónsson veiðimaður nýtir villibráð á ýmsa vegu**



**SÚKKULAÐI OG RAUÐVÍN GERA OKKUR GOTT** Færa má fyrir því mörg rök að sleppa því að borða súkkulaði. Einnig má þó færa fyrir því nokkur rök að borða súkkulaði í hófi. Fallega skreyttur konfektmoli úr dökku súkkulaði er ekki bara bragðgóður heldur inniheldur hann æskileg efni sem gera okkur gott. Í dökku súkkulaði er að finna járn, magnesíum, kopar og B-vítamín, þótt í litlum mæli sé. Þá eru í dökku súkkulaði efni sem kalla fram gleði, að ekki sé minnst á andoxunarefnin sem hafa hjartaverndandi áhrif. Einhver þessara sömu efna er að finna í rauðvíni og því má með góðri samvisku bjóða gestunum upp á súkkulaði og rauðvínsglas.



**BRAUÐ OG VÍN FARA VEL Í BRAGÐLAUKA** Mennirnir hafa neytt brauðs með víni frá örófi alda. Brauðið er orkuríkt og inniheldur fæðuefni sem eru manninum nauðsynleg og vínið var algengur svaladrykkur. Þar sem erfitt var að komast í hreint vatn var víninu gjarnan blandað við drykkjarvatnið til að drepa bakteríur. Eins fer vel í bragðlaukana að drekka rauðvín með brauði, hvort sem það er bragðmikið súrdeigsbrauð eða hvítar hveitibollur. Í raun er óþarfi að bera fram smjör eða osta með brauðinu en þó getur verið gott að dýfa munnbita ofan í ólífuolíu.



**FLEST VÍN HENTA MEÐ OSTI** Ítalski osturinn sem við köllum Parmesan er harður og bragðsterkur ostur, framleiddur úr kúamjólk. Hann á vel við með rauðvíni og er oft hafður með þegar smökkuð eru óþroskuð rauðvín. Hann er yfirleitt rifinn eða sneiddur, oft út á pastarétti, salöt og pitsur. Hvítmygluostar eða brie eiga einnig mjög vel við með rauðvíni og líka hvítvíni. Brie er mjúkur og rjómakenndur og góður á saltar kexkökur. Þegar velja á vín með ostum er ágæt þumalputtaregla að hvítvín með eikarkeim henta síður með ostum og sama á við um rauðvín með miklum tannínum og sterkum kryddkeim.

vín&veisla fylgir laugardagsblaði Fréttablaðsins | **Útgefandi:** 365 miðlar |
**Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason






**Í BRUSSEL** Belgía er mekka bjórmenningar að sögn Arnars.

# Vilja efla ölmenningu

**Fágun nefnist félag áhugamanna um gerjun. Arnar Baldursson er formaður þess.**

Eitt af baráttumálum okkar er að heimabruggun léttvíns og bjórs til eigin nota verði gerð lögleg á Íslandi eins og hún er í nágrannalöndunum. Allir vita að fólk er að búa til berjavín, öl og ýmsar tegundir sér til ánægju og það er tvískinnungur að hafa hlutina með þeim hætti sem þeir eru nú,“ segir Arnar Baldursson, formaður Fágunar, félags áhugamanna um gerjun.

Arnar segir vefinn www.fagun.is hafa verið í loftinu síðan í maí 2009 en í byrjun hafi bjóráhugamenn stofnað Facebook-síðu í mars 2008. Síðan hafi starfsemin undið upp á sig. „Það varð ákveðin sprengja í fyrrahaust,“ segir Arnar og telur skýringuna sumpart þá að kreppan hafi leitt fólk út í að brugga sjálft. Einnig hafi opnun ölbrugghúsa á Íslandi aukið áhuga landsmanna á „öðruvísi“ bjór. Hann segir síðuna ekki bara tengda áfengum drykkjum heldur séu þar líka fræði um matargerð þar sem gerjun kemur við sögu, til dæmis við osta- og brauðgerð.



**FORMAÐUR FÁGUNAR** „Ég vona að okkar starf leiði til þess að innflytjendur verði með breiðara úrval af bjór í boði,“ segir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vefurinn www.fagun.is er ekki eini vettvangur félagsmanna heldur segir Arnar ýmislegt fleira gert til auka þekkingu þeirra. „Nokkur hópur hittist reglulega á Vínbarnum í smökkun og félagsmenn hafa líka komið hver til annars að taka þátt í bruggdegi. Í maí á þessu ári vorum við með bjórkeppni þar sem alvöru dómarar lögðu mat á framleiðslu félagsmanna, það var mjög skemmtilegt.“

Nokkrir félagsmenn í Fágun rækta sína eigin humla að sögn Arnars en á hann von á að félagsstarf Fágunar skili sér í betri framleiðslu hjá hinum opinberu brugghúsum í landinu?

„Já, ég vona líka að okkar starf leiði til þess að innflytjendur verði með breiðara úrval af bjór, til dæmis í öðrum tegundum en lagerbjór sem er í miklum meirihluta í áfengisverslunum. Flestir okkar eru að brugga öl en munurinn felst í gerjuninni. Lager er botngerjaður og lageraður við lágt hitastig á meðan öl er toppgerjað og lagerað við hærra hitastig. Ölið er yfirleitt bragðmeira.“

Spurður út í ferðalög félagsmanna í Fágun upplýsir Arnar að tveir hópar hafi farið til Belgíu í haust en þar sé mekka bjórmenningarinnar. „Svo höfum við tvisvar farið í Ölvisholt brugghús.“

**HVAÐ ER ÞETTA TANNÍN?** Tannín er efni sem verður til í hýði, steinum og stilkum í rauðvínsþrúgum. Það gefur rauðvíni ákveðinn eiginleika í bragði (til dæmis er þurrleikinn í víninu tengdur tanníni) og hefur mikið að segja um hvort vínið á eftir að batna með tímanum eða ekki.

Því lengur sem vínið er látið gerjast með hýðinu og jafnvel stilkunum, þeim mun tannínríkara verður vínið. Galdurinn er að láta vínið ekki gerjast of lengi, of tannínríkt vín verður mjög þurrt og oft fráhrindandi.

Annað sem gefur víninu tannín eru eikartunnur sem vín eru oftast geymd í. Eikin inniheldur tannín sem vínið dregur í sig á meðan það er að þroskast í tunnunum. Hvort það verður þurrt, þungt eða jafnvel mjúkt vín veltur oft á tíðum á því hvaðan eikin er fengin, hvort hún kemur frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Slóvakíu eða öðrum svæðum.



Tannínríkt vín verður oftast betra með tímanum. Á meðan vínið eldist mildast tannínið í víninu og aðlagast betur ávaxtaeiginleikum vínsins og þar af leiðandi verður vínið betra. Ekki er óalgengt að hágæðavín verði oft betra 30 ára gamalt en þegar því var fyrst tappað á. Ef vínið er hins vegar of tannínríkt verður það með tímanum óhæft til drykkjar. *Heimild: smakkarinn.is*


ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA
HAFIÐ GEFUR...
HAFIÐ TEKUR...
BRIM
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
ZIK ZAK KVIKMYNDIR OG VESTURPORT KIDFILM KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS POLISH FILM INSTITUTE & NORDISK FILM OG TV FOND „BRIM"
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
BÖRKUR JÓNSSON G. MAGNI ÁGÚSTSSON VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR & EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR INGVAR LUNDBERG & KJARTAN KJARTANSSON MARGRÉT EINARSDÓTTIR ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR SLOWBLOW
OTTÓ G. BORG ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
JÓN ATLA JÓNASON ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST GRÍMAR JÓNSSON & VESTURPORT ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

# 3 RAUÐVÍN | 1 HVÍTVÍN



LÍFRÆNT RÆKTAÐ



### ADOBE SYRAH RESERVA

Vínið er lífrænt ræktað í Rapel Valley í Chile. 20% af víninu er látið þroskast á franskri og amerískri eik í 6 mánuði. Það er dimmfjólurautt og í nefi má finna kirsuber og þroskaðar plómur. Mikil fylling, kraftmikið og kryddað. Passar vel með nautasteikinni, lambinu og með villibráð. Verð 1.990 kr.

LÍFRÆNT RÆKTAÐ



### ADOBE CABERNET SAUVIGNON RESERVA

Í Central Valley í Chile eru kjör aðstæður til að rækta Cabernet Sauvignon og þaðan koma þrúgurnar sem eru lífrænt ræktaðar fyrir Adobe Cabernet Sauvignon. 20% af víninu er látið þroskast á franskri og amerískri eik í 6 mánuði. Það hefur djúpan rúbínrauðan lit og í nefi eru áberandi rauð ber eins og þroskuð jarðaber og brómber og smá vottur af vanillu. Þétt fylling og ferks sýra. Vínið passar vel með nautasteikinni, lambinu, villibráð og grillmat. Verð 1.990 kr.

LÍFRÆNT RÆKTAÐ



### ADOBE MERLOT RESERVA

Eins og Adobe Syrah, kemur Adobe Merlot frá Rapel Valley í Chile og er lífrænt ræktað. 20% af víninu er látið þroskast á franskri og amerískri eik í 6 mánuði. Vínið er dökkfjólurautt, rauð ber og plóma eru áberandi í nefi ásamt vanillu. Einstaklega mjúkt og þægilegt með miðlungs tannín. Það passar vel með lambakjötinu, svínakjöti, kálfi, grillmat og með ýmsum pottréttum. Verð 1.990 kr.

LÍFRÆNT RÆKTAÐ



### ADOBE CHARDONNAY RESERVA

Þetta Chardonnay Reserva er lífrænt ræktað í Casablanca Valley í Chile. 90% af víninu er látið þroskast á stáltönkum en 10% er þroskað á amerískri og franskri eik í 5 mánuði. Vínið hefur tæran ljóssítrónugulan lit og í nefi má greina sítrus, lime og greip ásamt suðrænum ávöxtum eins og ananas og svo vott af eik. Vínið er létt ferskt og aðgengilegt og hentar vel eitt og sér, með fiski og með smáréttum eins og t.d. tapas. Verð 1.990 kr.

# CHILE







## Stöðugt loftslag gerir Chile kjörið til vínræktunar

Chile er 4.300 km á lengd og að meðaltali 175 kílómetrar á breidd. Af þeim sökum er loftslagið fjölbreytilegt en stöðugt. Í Chile er heimsins þurrasta eyðimörk, Atacama, í norðri, í miðju landsins er Miðjarðarhafsloftslag og þar býr stærstur hluti íbúa auk þess sem þar er landbúnaður stundaður. Í suðri rísa svo ísilögð fjöll við enda Andes-fjallgarðsins.

Á sumrin sést varla ský á himni. Sólin vermir jarðveginn en á nóttunni leggst kalt sjávarloft yfir. Af þeim sökum er landið kjörlendi til vínræktunar.



**HÁMARKS GÆÐI** Notkun tilbúinna efna er í lágmarki við ræktun vínviðarins á vínekrum Emiliana. MYND/HAUGEN.IS

# Víngarður Emiliana lifandi uppspretta

**Víngerðarhúsið Emiliana í Chile framleiðir breitt úrval af lífrænt ræktuðum og lífeflt ræktuðum vínum. Það var stofnað árið 1987 af Guilisasti-bræðrunum.**

Fyrir meira en áratug lögðu bræðurnir José og Rafael Guilisasti upp með þá hugsjón að umbreyta hefðbundnu víngerðarhúsi í Chile í 100% lífrænt víngerðarhús. Markmiðið var að búa til vín sem væru samkeppnishæf á heimsmælikvarða á sama tíma og borin væri virðing fyrir hringrás náttúrunnar. Nú, áratug síðar, hefur sú hugsjón orðið að fjölbreyttu safni hágæðavína.

Víngerðarhús bræðranna, Emiliana, framleiðir breitt úrval af lífrænt ræktuðum og lífeflt ræktuðum (e. biodynamic) vínum með sterkan karakter. Öll starfsemi Emiliana snýst um framúrskarandi gæði. Þess er vandlega gætt með ströngum stöðlum í framleiðslu og þeirri hugmyndafræði að leita samhljóms milli hámarksgæða og virðingar fyrir umhverfinu, en litið er á víngarðinn sem lifandi uppsprettu. Það er gert með lífefldri, lífrænni og sjálfbærri ræktun og með því að lágmarka notkun tilbúinna efna við ræktun vínviðarins.

Á aðeins fjórum árum, frá 2005-2009, hefur sala lífrænt ræktaðra vína frá Emiliana áttfaldast og dreifingin farið úr 25 í 50 lönd. Fyrirtækið heldur tryggð við starfsfólk sitt, umhverfi og samfélag. Emiliana á 768 hektara af vínekrum, lífrænum og lífefldum, vottuðum af IMO (Sviss) og Cemeter (Þýskalandi). Eins á Emiliana 344 hektara í vottunarferli eða samtals 1.112 hektara í Casablanca-dal, Maipo-dal, Cachapoal-dal, Colchagua-dal og Bio-Bio dal. Emiliana var fyrsta víngerðarhúsið í Chile til að öðlast ISO 14001 vottun fyrir umhverfisstjórnun ásamt því að fá vottunina ISM For Life, vottun fyrir félagslega ábyrgð.

Emiliana-vínin, fáanleg hér, eru Adobe-vínin, öll lífrænt ræktuð, og Emiliana-vínin, með Integrated Management vottun.”



**LÍFRÆN RÆKTUN** Litið er á víngarðinn sem lifandi uppsprettu og virðing borin fyrir umhverfinu.



**Ljóðakvöld Bókabúðar Máls og menningar** verður haldið annað kvöld klukkan 20. Skáldin sem lesa upp eru öll með nýútgefna ljóðabók í farteskinu. Þau eru Anton Helgi Jónsson, Auður Ava Ólafsdóttir, Páll Biering og Þórdís Gísladóttir.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum







Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Fanney Karlsdóttir friðarfræðingur gengur til góðs meðan ófætt barn hennar bíður með að koma í heiminn.



# Bíddu, unga ástin mín

Barnið átti að koma í heiminn í gær, en af því að ég gaf kost á mér sem sjálfboðaliði fékk ég áskorun um að semja við barnið að fæðast eftir klukkan 18 í kvöld og vonandi gengur það eftir. Helgarplönin eru því bæði óljós og niðurnegld, og draumur að eignast barnið í kvöld en nota daginn til að ganga til góðs,“ segir Fanney Karlsdóttir friðarfræðingur um áform helgarinnar, en síðustu vikur hefur hún unnið sleitulaust að undirbúningi landssöfnunarinnar Göngum til góðs sem fram fer í dag til styrktar verkefnum Rauða kross Íslands í Afríku.

Fyrir skemmstu kom Fanney heim úr námi í Ástralíu þar sem hún lagði stund á friðarfræði og átakalausnir, og er hún því vel í stakk búin að semja við ófætt barn sitt um töf á komutíma.

;HELGIN | 6

Hér má sjá Fanneyju Karlsdóttur tilbúna í slaginn með bumbuna og baukinn að vopni í dag, en barnið átti að koma í heiminn í gær, 1. október. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Fallegir haustlitir

Birki sængurfatnaður er ofinn úr 360 þráða
Pima bómull sem er einstaklega mjúk & endingargóð

Bjóðum 20% afslátt af Birki í dag, laugardag
Verð áður kr 13.490, nú kr 10.792.

Opið í dag 11 - 14.

Lín DESIGN

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

**Jólaþorpið í Hafnarfirði** er löngu orðið sígilt. Undirbúningur er þegar hafinn og eru þeir sem hafa hug á þátttöku beðnir um að skrá sig á www.visithafnarfjordur.is




Sundæfing og Sundnámskeið

- Sundæfingar fyrir 5 ára og eldri
- Sundnámskeið fyrir 3-4, 5 og 6 ára
- Skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna
- Fjörfiskar og sundskemmtun fyrir 8-12 ára

**Sundhöllin – Suðurbæjarlaug – Ásvallalaug**

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu SH
www. sh.is, í tölvupósti á sh@sh.is,
eða í síma 555 6830

**Sundfélag Hafnarfjarðar • Ásvallalaug • www.sh.is • sh@sh.is**




„Ég varð alveg heilluð af glerinu og vil helst ekkert annað gera en vinna úr því," segir Steindóra, sem hér er við iðju sína í Gallerí Kletti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Barn númer hundrað sem fæddist á Sólvangi

**Listakonan Steindóra Bergþórsdóttir er borinn og barnfæddur Hafnfirðingur og býr nú í jaðri Víðistaðatúns. Hún vinnur og verslar í heimabænum og krækti sér vitaskuld í hafnfirskan eiginmann.**

„Ég þekki ekkert annað en að búa í Hafnarfirði en ég vann um sex ára skeið í Reykjavík og það var ótrúleg kjarabót að komast aftur í Fjörðinn því það kostar bæði tíma og peninga að keyra á milli. Nú hef ég vinnustofuna, hina vinnuna og heimilið í sama bæjarfélagi," segir Steindóra Bergþórsdóttir ánægjuleg og heldur áfram. „Hér fæ ég líka allt sem mig vanhagar um. Ég fer í Kringluna eða Smáralind einu sinni á ári – í mesta lagi."

Steindóra er glerlistakona sem á tvær einkasýningar að baki og margar samsýningar. Hún rekur Gallerí Klett að Helluhrauni 16, ásamt tveimur öðrum. Eftir Myndlista- og handíðaskólann fór hún að kenna myndmennt í skólum og byrjaði þar að gera tilraunir með gler.



Konungurinn í skóginum er úr gleri og koparþynnum.

„Ég varð alveg heilluð af glerinu og vil helst ekkert gera annað en vinna úr því," segir hún brosandi. Hún kveðst nota sérstakt listgler sem sé þeirri náttúru gætt að litir í því gangi saman enda hafi þeir sama þenslustig.

„Ég hef líka verið að búa til verk úr bræddu gleri og kopar," bætir hún við. „Það er spennandi."

„Hin vinnan" hjá Steindóru reynist vera launaútreikningur hjá hafnfirsku fyrirtæki, hönnun á auglýsingum og hinu og þessu. Þar kemur listaeðlið að notum líka.

Steindóra er gift Sæmundi Stefánssyni, kennara við Iðnskólann í Hafnarfirði, sem einnig er Gaflari í húð og hár. Þau hjón hafa vitað hvort af öðru síðan í grunnskóla, lentu í sama bekk í Flensborg, fóru bæði í Menntaskólann í Reykjavík og hafa fylgst að síðan. Búskapinn byrjuðu þau í húsi við Krosseyrarveg sem var sextíu fermetrar í allt, á tveimur hæðum. „Við þurftum eiginlega að fara út á tröppur til að skipta um skoðun," rifjar Steindóra upp hlæjandi. „En ég segi nú Sæmundi í gríni að hann sé ekki jafn ekta Hafnfirðingur og ég, því hann hafi fæðst á Landspítalanum. Ég var hins vegar barn númer 100 sem fæddist á Sólvangi. Þar var bæði elliheimili og fæðingardeild um tíma og það var ósköp krúttlegt. Dóttir okkar, Björg, kom í heiminn þar 1975 en deildin var lögð niður fljótlega á eftir og síðan fæðast engin börn í Hafnarfirði nema í heimahúsum."

*gun@frettabladid.is*



Skál eftir Steindóru úr Bullseye-listgleri.


Full búð af flottum skóm



kr. 18.995
kr. 16.995
kr. 13.995
kr. 15.995
kr. 13.995

EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420







Gaflaraleikhúsið hefur unnið dag og nótt við endurbætur á leikhúsinu við Strandgötu 50. Frá vinstri: Lárus Vilhjálmsson, Björk Jakobsdóttir, Ágústa Skúladóttir og Gunnar Björn Guðmundsson. Á myndinna vantar Gunnar Helgason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ævintýralegt leikhús

**Nýr leikhópur, Gaflaraleikhúsið, hefur flutt inn í Strandgötu 50 þar sem Hafnarfjarðarleikhúsið var áður. Hópurinn keppist nú við að koma húsinu í stand og stefnir að því að sýna ýmis skemmtileg verk í vetur.**

„Þetta er auðvitað enn svolítið hrátt, enda tókum við bara við húsinu í vikunni og eigum eftir að gera heilmikið til að koma því í skikkanlegt horf," segir Lárus Vilhjálmsson, meðlimur í Gaflaraleikhúsinu sem hefur hreiðrað um sig í húsnæðinu við Strandgötu 50 í Hafnarfirði og vinnur nú að því bæði dag og nótt að koma húsnæðinu í gott stand fyrir komandi vetur.

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar auglýsti húsnæðið til leigu í sumar og segir Lárus það hafa verið kveikjuna að stofnun leikhópsins. „Við höfum öll unnið saman í leikhúsi í gegnum tíðina og þekkjumst því vel. Þegar húsið var auglýst í sumar datt okkur í hug að það gæti verið skemmtilegur vettvangur til að starfa saman á, sóttum um og urðum hlutskörpust," útskýrir Lárus, en alls sóttu sjö hópar um húsið, þar á meðal Hafnarfjarðarleikhúsið sem hefur haft afnot af því síðustu ár.

Auk Lárusar skipa þekkt nöfn úr leikhúsheiminum Gaflaraleikhúsið: Ágústa Skúladóttir, Björk Jakobsdóttir, Gunnar Björn Guðmundsson og Gunnar Helgason og standa fyllilega undir nafni að hans sögn. „Við erum flest Gaflarar og hin í hjarta sínu," segir hann en tekur þó fram að það sé alls ekki skilyrði fyrir þátttöku. „Nei, auðvitað er alveg í góðu að fólk komi annars staðar frá, eina krafan er að það sé skemmtilegt."

Inntur eftir því hvaða verk séu á döfinni hjá leikhópnum segir Lárus standsetningu hússins efsta á dagskrá og hlær. „Þessa daga erum við því að kemba allar útsölur í leit að hentugum húsgögnum og höfum verið að koma ljósum og öðrum tækjabúnaði fyrir," segir hann brosandi en bætir svo alvörugefinn við að fyrirhugað sé að setja upp tvö verk á næsta ári, barnaleikrit í leikstjórn Gunnars Helgasonar og annað ætlað allri fjölskyldunni sem byggi á þjóðsagnakenndri persónu. Meira vill hann ekki gefa upp að sinni. „Svo verðum við líkast til með einhverja skemmtidagskrá í nóvember til að fagna þessum frábæru tímamótum og munum að sjálfsögðu taka vel á móti Hafnfirðingum og öllu áhugafólki um leikhús, en við viljum búa til leikhús þar sem allir geta skemmt sér, bæði börn og fullorðnir."

*roald@frettabladid.is*










**Erum með eitt mesta úrval landsins af afmæliskökum!**

Þú getur bæði skoðað úrvalið og pantað á **www.bakari.is** eða í **síma 555-0480**

BÆJARBAKARÍ

**Bæjarbakarí ehf - Bæjarhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 555-0480 - www.bakari.is**

## Taílenskir dagar við Fjörukrána

TAÍLENSKIR DAGAR STANDA FRAM Á SUNNUDAG Á HÓTEL VÍKING VIÐ FJÖRUKRÁNA.



Taílenskir dagar hófust síðastliðinn fimmtudag og standa fram á sunnudag á Hótel Víking við Fjörukrána í Hafnarfirði.
Þar verður taílensk menning og þjóðlíf kynnt á fjölbreyttan hátt, með sérstökum taílenskum réttum á hlaðborði og lifandi taílenskri tónlist með söng og dansi meðan á borðhaldi stendur. Í kvöld verður dansleikur að taílenskum sið fram eftir nóttu.
Á milli klukkan 18 og 20 í dag og á morgun mun Ferðaskrifstofan Óríental kynna margbreytilegar ferðir sem eru í boði til Taílands og nágrannalanda. Ferðamálaráð Taílands stendur einnig að þessum kynningum og mun mikið úrval ferðabæklinga og kynningargagna liggja fyrir, auk þess sem starfsfólk Óríental verður á staðnum til að svara fyrirspurnum beint og kynna ákveðnar ferðir.
John Seksan er Taílendingur sem búsettur hefur verið hér í nokkur ár og rekur, við góðan orðstír, veitingastaðinn Rauða riddarann í Kópavogi. Hann er vel menntaður og fjölhæfur tónlistarmaður. Hann mun ásamt nemendum og samlöndum sjá um allan listgjörning á Taílenskum dögum.



Bókasafn Hafnarfjarðar (þýska bókasafnið) tekur þátt í Þýskum dögum sem haldnir verða á Grand Hótel um helgina. Aðrir sem koma að dögunum eru Þýsk-íslenska viðskiptaráðið, þýska sendiráðið, Germanía, Cuxhavenfélagið, Grand Hótel Reykjavík, Þýsk-íslenska tengslanetið og Þýskudeild HÍ.

www.hafnarfjordur.is

# Geta farið hvert sem er

**Í Hafnarfirði ekur sérstakur Frístundabíll um göturnar seinni partinn alla virka daga. Markmiðið með honum er að minnka akstur einkabíla og að auka öryggi barna á leið til og frá tómstundaiðkun þeirra.**

Frístundabíllinn í Hafnarfirði er akstursþjónusta fyrir börn og ungmenni 6 til 20 ára í tengslum við tómstundaiðkun þeirra. „Markmiðið var að búa til öruggan og umhverfisvænan ferðamáta fyrir krakkana. Hugmyndin varð til árið 2006 hjá okkur tveimur pöbbum sem erum íþróttasinnaðir og eltum börnin okkar út um allt. Hún varð svo að veruleika hinn 25. janúar síðastliðinn þegar bíllinn fór af stað,“ segir Pálmar Sigurðsson, skrifstofu- og starfsmannastjóri hjá Hópbílum, en hinn pabbinn er Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ.

Frístundabílinn er í raun fjórir bílar sem eru á ferðinni frá 14.00 til 19.40 alla virka daga. „Við hlutum Hafnarfjörð í fjögur hólf og bílarnir keyra inni í hverfunum og nota allar stoppistöðvar plús viðbótarstöðvar sem eru svona vínkstöðvar. Svo hittast þeir alltaf á 20 mínútna fresti við Íþróttahúsið Strandgötu og börnin geta skipt um bíl ef þau ætla að fara yfir þveran bæinn. Þetta eru litlir kálfar, allir útbúnir öryggisbeltum og með þjónustufulltrúa sem tekur á móti krökkunum og passar upp á að allt sé í lagi. Hann hjálpar börnunum síðan á milli bíla og segir þeim hvar þau eiga að fara úr og svo framvegis. Bílstjórinn sér um öruggan akstur og að halda áætlun en þjónustufulltrúinn passar upp á allt annað,“ segir Pálmar.



Pálmar og Guðmundur eru mjög ánægðir með hvernig til hefur tekist með Frístundabílinn og börnin ekki síður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kortið kostar 10.000 krónur og gildir í eina önn, sem er fjórir mánuðir. Börnin geta notað það til að fara með bílnum hvert sem er og ekkert endilega í skipulagt frístundastarf. „Þau geta notað bílinn til að gera hvað sem er, þegar þau eru búin í skólanum geta þau bara stokkið upp í hann og heimsótt afa og ömmu í hinum enda bæjarins eða farið heim með vinum sínum. Þetta er bara örugg opin leið fyrir krakkana að fara á milli.“

Pálmar segir að þetta hafi gengið rosalega vel og móttökurnar verið frábærar. Á vorönninni í fyrra notuðu 650 börn bílinn að staðaldri. „Það var mjög flott byrjun og skemmtilegt að fara yfir tölfræðina. Þetta voru 42.000 skutl, sem sparaði foreldrum hvers barns tæpar 25.000 krónur í bensíni og 33 klukkustundir í keyrslu á fjórum mánuðum.“

Núna er Frístundabíllinn í samstarfi við sundlaugarnar í Hafnarfirði svo þeir sem eru með kort fá frítt í sund á aksturstíma bílsins. „Krökkunum finnst skemmtilegt eftir skóla eða æfingar að hittast og taka frístundabílinn og fara í sund saman. Við ætlum okkur svo að halda áfram að þróa þetta metnaðarfulla samfélagsverkefni enn frekar í samstarfi við bakhjarla, það býður upp á ýmsa möguleika,“ segir Pálmar. *emilia@frettabladid.is*





Pakkhúsið til vinstri og Sívertsenshúsið til hægri.



Hafnarborg varðveitir listaverkasafn Hafnarfjarðar.

# Söfnin í firðinum



**Byggðasafn Hafnarfjarðar er minja- og ljósmyndasafn Hafnarfjarðarbæjar. Byggðasafn Hafnarfjarðar er með sýningaraðstöðu í nokkrum húsum. Hér eru taldar upp helstu byggingarnar sem hýsa menningararf Hafnfirðinga.**

## Pakkhúsið

Í Pakkhúsinu eru að öllu jöfnu þrjár sýningar í gangi í einu, fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning. Á sýningunni „Þannig var...“ er saga Hafnarfjarðar og nágrennis rakin frá landnámi til okkar daga með aðstoð sagnfræðilegra texta, ljósmynda, teikninga, kvikmynda og fjölda muna sem glæða söguna lífi.

## Bungalowið

Bungalowið var byggt sem íbúðarhús fyrir skosku bræðurna Harry og Douglas Bookless árið 1918 en þeir ráku umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði á fyrri hluta 20. aldar. Eftir daga Bookless-bræðra tók Hellyer Bros Ltd. frá Hull við eignum fyrirtækisins og rak útgerð. Húsið var opnað eftir endurbætur árið 2008 og er þar að finna sýningu um tímabil erlendu útgerðanna í Hafnarfirði.

## Sívertsenshúsið

Sívertsenshúsið er elsta hús Hafnarfjarðar, byggt á árunum 1803-1805 af Bjarna Sívertsen. Hann var mikill athafnamaður í Hafnarfirði á árunum 1794-1830 og rak þá útgerð, verslun og skipasmíðastöð í bænum. Húsið hefur verið gert upp í upprunalegri mynd og er þar sýnt hvernig yfirstéttarfjölskylda í Hafnarfirði bjó í byrjun 19. aldar, auk þess sem varpað er ljósi á merkilega sögu Bjarna Sívertsens og fjölskyldu hans.

## Beggubúð

Í Beggubúð er verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar. Húsið,sem byggt var árið 1906, stóð áður við aðalverslunargötu bæjarins en var flutt á lóð safnsins, gert upp og opnað sem sýningarhús árið 2008.

## Siggubær

Erlendur Marteinsson sjómaður byggði Siggubæ árið 1902. Dóttir hans, Sigríður Erlendsdóttir, var tíu ára gömul þegar hún flutti í húsið og bjó þar allt til ársins 1978, þegar hún fluttist á elli- og hjúkrunarheimilið Sólvang. Bær hennar er varðveittur sem sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar.

## Góðtemplarahúsið

Góðtemplarahúsið, sem í daglegu tali er kallað Gúttó, var byggt 1886 og þótti stórt, rúmaði um 300 manns en þá bjuggu um 400 manns í Hafnarfirði. Góðtemplarahúsið var fyrsta eiginlega samkomuhús Hafnfirðinga og var lengi miðstöð allrar menningar í bænum. Í Góðtemplarahúsinu er að finna sýningar er snúa að íþrótta- og félagssögu Hafnarfjarðar.

## Strandstígurinn

Á strandstígnum meðfram höfninni í Hafnarfirði er Byggðasafn Hafnarfjarðar með sýningaraðstöðu fyrir ljósmyndasafn sitt. Þar eru settar upp ljósmyndasýningar er varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bæinn byggði.

## Hafnarborg

Hafnarborg varðveitir listaverkasafn Hafnarfjarðar og er rekin af Hafnarfjarðarbæ. Í safninu eru þrír sýningarsalir auk sýningaraðstöðu í kaffistofu og í anddyri. Ár hvert eru um tuttugu myndlistarsýningar settar upp ísafninu. Tónleikahald er stór liður í starfsemi Hafnarborgar og aðstaða er til ráðstefnu og fundarhalds.

*Upplýsingar um opnunartíma safnanna má finna á www.visithafnarfjordur.is*



Siggubær var byggður árið 1902.




**Framfarafélag Borgfirðinga** heldur í dag kynningarfund á ylrækt. Þórhallur Bjarnason, garðyrkjubóndi á Laugalandi, segir frá ylrækt í héraðinu og vannýttum möguleikum innan sem utan húss. Fundurinn fer fram í Logalandi og hefst klukkan 14.





400 manns mynduðu friðarmerkið á Klambratúni fyrir ári. Í kvöld á að endurtaka leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Friðarmerki á túni

**Mannlegt friðarmerki verður myndað á Klambratúni í kvöld klukkan 20. Sams konar friðarmerki eru mynduð um allan heim á þessum degi, fæðingardegi Mahatma Gandhi.**

Klambratún verður vettvangur mannlegs friðarmerkis í kvöld klukkan 20 en þá ætlar fjöldi fólks með kyndla að raða sér upp í friðarmerki.

Að myndun friðarmerkisins stendur fjöldi samtaka, meðal annars Kvenfélagasamband Íslands, Samtök hernaðarandstæðinga, UNIFEM, UNICEF og fleiri. Sendiherra Indlands flytur ræðu og hægt verður að kaupa kyndla á staðnum á 500 krónur.

Á síðasta ári tóku um 400 manns þátt og héldu blysum á lofti sem merki um ósk sína um heim án ofbeldis.

Í fréttatilkynningu frá samtökunum sem að framtakinu standa segir meðal annars: „Ofbeldi er grundvallarvandamál okkar tíma. Það er ekki aðeins líkamlegt og birtist í stríði og barsmíðum - það birtist einnig sem efnahagslegt ofbeldi, sálrænt, trúarlegt, kynferðislegt og kynþáttabundið ofbeldi.“ *- rat*

Framhald af forsíðu

„Það kæmi sér vel ef barnið hefði skilning á þessum samningi, en vissulega er ég farin að finna fyrir því að barnið vilji út. Ég fór reyndar viku fram yfir áætlaðan fæðingartíma þegar ég átti son minn fyrir sex árum og er því vongóð um að þetta barn láti líka aðeins bíða eftir sér,“ segir Fanney, sem ól son sinn í Peking þar sem hún þá starfaði hjá íslenska sendiráðinu.

„Sú fæðing endaði með keisara en okkur þótti viðeigandi að eignast íslenskan keisara í Kína og fjölga mannkyninu í fjölmennasta ríki heims. Ég var því ekkert að drífa mig of mikið heim,“ segir Fanney og skellir upp úr.

Hún segist hafa séð fram á dauðan tíma í september og ákveðið að gefa kost á sér í sjálfboðastarfið. „Ég er vön að hafa nóg að gera og hef enga þörf fyrir að hvíla mig, enda full vellíðunar, hress og kraftmikil fram á síðasta meðgöngudag. Mér var falið að búa til kynningarefni fyrir söfnunina og lagði áherslu á að efla þátttöku framhaldsskólanema í söfnunni í ár, en í því fólst líka að halda sjálf kynningar í sumum þeirra. Ég veit því að samstarfsfólk mitt hjá Rauða krossinum hefur beðið og vonað að ég missti ekki vatnið í miðjum klíðum, og reyni að halda í mér eins lengi og þarf,“ segir hún kát.



„Það kæmi sér vel ef barnið hefði skilning á þessum samningi, en vissulega er ég farin að finna fyrir að barnið vilji út,“ segir Fanney. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fanney er friðarstyrkþegi Rotary-hreyfingarinnar, en styrkurinn er veittur til meistaranáms í alþjóðamálum með sérstaka áherslu á friðarfræði og átakalausnir. Og hvað gera friðarfræðingar? „Þeir reyna auðvitað að bjarga heiminum og það má gera með ýmsum hætti,“ segir Fanney, sem var framkvæmdastjóri Kópavogsdeildar Rauða krossins um árabil og var í starfsnámi hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. „Vinna friðarfræðinga fer einmitt fram hjá slíkum stofnunum, en einnig í friðargæslu, hjá stjórnvöldum og í einkageiranum, og markmiðið er alltaf að stuðla að heimsfriði og leysa átök,“ segir Fanney, og í sjálfboðastarfinu nú reynir einmitt á þann skóla Fanneyjar.

„Með því að ganga til góðs reynir Rauði krossinn að bæta heiminn. Nú er safnað fyrir fátækustu ríki Afríku, eins og hjálparstarfið í Malaví og í Síerra Leóne fyrir endurhæfingu barnahermanna, og reynt að byggja upp betra samfélag eftir mikil átök,“ segir Fanney, sem þrátt fyrir mikið annríki hefur einnig dúllað sér við að gera allt tilbúið heima fyrir nýjasta fjölskyldumeðliminn.

„Vaggan, fötin og taubleiurnar bíða klárar heima og mikil tilhlökkun að takast á við móðurhlutverkið. Keisari er ekki fyrir fram ákveðinn nú og það er skemmtileg áskorun að fara sjálf af stað og koma barninu í heiminn.“ *thordis@frettabladid.is*


Rýmingarsala

í Grænni lautu Laugarvegi 25

Allt á að seljast 40% afsláttur af öllu

Full búð af vörum, fyrstur kemur fyrstur fær

Opið 10-17 í dag

sími 533 5500



# Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Hjá Actavis á Íslandi starfa yfir 600 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Störf í töfludeild

Í töfludeild fer fram lyfjablöndun sem felur í sér vigtun, blöndun og frumvinnslu hráefna. Einnig sér töfludeild um framleiðslu á töflum og hylkjum. Í starfinu felst samsetning á vélum, skýrslugerð og skjalfesting. Unnið er á þrískiptum vöktum.

**Ef þú ert...**

- hress og jákvæð/ur
- stundvís
- samviskusöm/samur og getur tileinkað þér nákvæm vinnubrögð
- verklagin/n
- með grunnþekkingu í ensku
- góð/ur í að vinna í hópi

**...þá bjóðum við**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafelag

## Sérfræðingur í geymsluþolsdeild

Geymsluþolsdeild tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og sér um geymsluþolsmælingar á framleiðsluvörum fyrirtækisins, útreikninga og frágang á niðurstöðum. Niðurstöður geymsluþolsrannsókna eru teknar saman í skýrslur þar sem þær eru metnar og ályktað er um stöðugleika vörunnar sem um ræðir.

**Helstu verkefni:**

- Gerð skýrslna þar sem niðurstöður geymsluþolsrannsókna eru teknar saman
- Mat á geymsluþolsniðurstöðum m.t.t gildandi krafna
- Vinna við uppbyggingu og framþróun í geymsluþolsdeild

**Við leitum að einstaklingi;**

- með háskólamenntun á sviði raunvísinda
- sem tileinkar sér nákvæm og öguð vinnubrögð
- með góða samskiptahæfni og skipulagshæfileika
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

## Fulltrúi í gæðamálum - Quality Systems Representative

Quality Systems deild Actavis Group sér um samræmingu gæðamála innan Actavis samstæðunnar, metur stöðu gæðamála og aðstoðar við gæðaumbætur.

**Helstu verkefni:**

- Ritstýra gæðahandbók samstæðunnar (Actavis Corporate Manual) og taka þátt í uppfærslum á innihaldi hennar
- Fylgja eftir niðurstöðum úr úttektum á gæðakerfum dótturfyrirtækja
- Svara fyrirspurnum sem berast deildinni
- Safna saman og halda utan um gæðamælikvarða frá dótturfélögum
- Samþykkja reikninga

**Við leitum að einstaklingi;**

- með háskólamenntun (æskilegt en ekki nauðsynlegt)
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem býr yfir hæfileikum í textagerð
- með mikla skipulagshæfileika
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum

## Hráefnasérfræðingur á þróunarsviði

Hráefnasérfræðingur sér um val og rýni á hráefnum til nota í þróunarverkefni Actavis. Aðrar deildir á þróunarsviði meta gæði, tæknilega eiginleika, einkaleyfastöðu o.fl. fyrir hvert lyf, en hlutverk hráefnasérfræðingsins er að halda utan um þær niðurstöður og leggja mat á heildarmyndina.

**Helstu verkefni:**

- Rýni á hráefnum og gögnum þeim tengdum
- Utanumhald um hráefnasýni og mælingar á þeim
- Leit að vísindagreinum og upplýsingum úr gagnagrunnum og úrvinnsla þeirra gagna

**Við leitum að einstaklingi;**

- með háskólamenntun á sviði raunvísinda; efnafræði kostur
- með góða færni í leit og öflun vísindaupplýsinga
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem sýnir frumkvæði, sjálfstæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is og **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com

Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **10. október nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

# Vilt þú vinna með okkur?

**Ert þú jákvæður, kraftmikill og vinnusamur einstaklingur?**

Við leitum að sölufulltrúum í söluver Vodafone í hlutastarf eða fullt starf til að selja heildarfjarskiptaþjónustu til heimila. Í boði er sveigjanlegur vinnutími og góð laun fyrir duglega einstaklinga.

## Hæfniskröfur:

- Þjónustulund og kurteisi
- Kappsemi og metnaður
- Sölureynsla er æskileg

**Umsóknir óskast sendar um vodafone.is fyrir 8. október næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson deildarstjóri söluvers, bjorng@vodafone.is**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

*power to you*



## Traust lögmannsstofa sem starfar aðallega á sviði innheimtu óskar eftir að ráða til sín öflugan ritara í fullt starf.

Leitað er að jákvæðum, ábyrgðafullum og traustum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.

**Starfssvið:**
- Utanumhald innheimtumála.
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina.
- Ýmis gagnaskráning og önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á innheimtuferli og innheimtukerfi lögmanna (IL+) nauðsynleg.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Þjónustulund og glaðleg framkoma.

Til greina kemur að ráða lögfræðing sem gæti sinnt mætingum samhliða ofangreindum verkefnum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á box@frett.is merkt: Ritari/lögfræðingur.
Umsóknarfrestur er til og með **15. október nk.**

Capacent Ráðningar

# AÐSTOÐARMAÐUR LÖGFRÆÐINGA

**Málflutningsstofa í Reykjavík óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í fjölbreytt og krefjandi verkefni. Hér er um framtíðarstarf að ræða.**

**Starfssvið**
- Móttaka viðskiptavina og símsvörun
- Umsýsla málsskjala og skjalaumsjón
- Bréfaskriftir og svörun erinda
- Umsjón og greiðsla reikninga
- Önnur verkefni í samráði við lögmenn stofunnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af ritarastörfum
- Bókhaldsþekking æskileg
- Mjög góð íslenskukunnátta áskilin
- Almenn tölvufærni (Word, Excel)
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VILTU BREYTA TIL?

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað í nóvember 2001 og er staðsett í Höfðatúni. Félagið er sameign íslenska ríkisins og flestra sveitarfélaga í landinu. Tilgangur félagsins er að reka framsækið og öflugt upplýsingakerfi fyrir bókasöfn á Íslandi.

**Spennandi forritarastarf í boði fyrir réttan aðila sem hefur áhuga á krefjandi sérfræðivinnu og þjónustu í almannaþágu.**
Forritarinn verður í leiðandi hlutverki við þróun upplýsingakerfa. Ný og spennandi verkefni standa fyrir dyrum.

**Menntunar- og reynslukröfur:**
- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verk- eða kerfisfræði
- Starfsreynsla af forritun og hugbúnaðargerð
- Grunnþekking á verkefnastjórnun og þekking á starfsemi bókasafna kostur
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

**Lykileiginleikar starfsmannsins eru:**
Skipulagshæfileikar og ögun í vinnubrögðum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem og mikil hæfni og vilji til að vinna í hópi. Viðkomandi verður einnig að búa yfir mikilli lipurð í mannlegum samskiptum og ríkri þjónustulund.

Þekking og forritunarreynsla af Unix/Linux, Oracle, SQL, Jquery, JSP, API, CCS og Access Visual Basic æskileg.

Umsjón með ráðningunni hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Auðarskóli Dölum

**Við Auðarskóla í Dölum vantar vegna forfalla umsjónarkennara í 6. bekk.**

Auðarskóli er samrekinn skóli í þægilegu og friðsamlegu umhverfi við Breiðafjörðinn. Áhugasamir hafi samband við Eyjólf Sturlaugsson skólastjóra í síma 899 7037 eða á netfangið eyjolfur@dalir.is

## Leikskólinn Fossakot

Leikskólinn Fossakot auglýsir eftir leikskólakennara eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki til starfa núna eða eftir samkomulagi.

Um er að ræða 2 stöðugildi. Fossakot er einkarekinn 3ja deilda leikskóli sem opnaði 1997. Fossakot leggur áherslur á skapandi starf, frjálsan leik, jákvæðan aga og náttúrutengsl í starfinu. Fossakot er við Fossaleyni 4 í Grafarvogi.

Nánari upplýsingar veitir Guðríður Guðmundsdóttir leikskólastjóri í síma 586-1838 og 694-9934. Einnig er hægt að sækja um á netfanginu fossakot@alla.is

## Ert þú rafeindavirki eða tæknimenntaður og vilt vinna sjálfstætt?

Þá er þetta tækifæri fyrir þig, til að kaupa þitt eigið fyrirtæki og vera þinn eiginn herra.
Tækniþjónusta Suðurlands er starfandi á stór Árborgarsvæðinu, í sunnlenskum sveitum, í Reykjavík og víðar.
Hjá fyrirtækinu er starfandi 1 maður sem er jafnframt eigandi.
Fyrirtækið sérhæfir sig í heildarlausnum fyrirtækja og heimila varðandi Sjónvarpsmóttöku, Útvarpsmóttöku, Öryggiskerfi, Hljóðkerfi, Myndavélakerfi ofl.
Næg verkefni hafa verið frá stofnun fyrirtækisins og útlitið gott með framhaldið.
Fyrirtækið getur selst í heilu lagi eða hægt er að kaupa t.d. viðskiptavild ásamt símanúmeri.
Nánari uppl. veitir Vilmundur í síma 6944922.

Capacent Ráðningar

# METNAÐARFULL OG ÖGRANDI TÆKIFÆRI

TERIS

Teris er framsækið upplýsingatæknifyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Teris kappkostar að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir og vera upplýsingatæknisvið þeirra. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru sparisjóðir, bankar og önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi. Starfsemi Teris er vottuð samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO/IEC 27001:2005 um stjórnun upplýsingaöryggis.

**Vegna aukinna verkefna óskar TERIS eftir að ráða í eftirtalin störf:**

### STARFSMAÐUR Í NOTENDAÞJÓNUSTU

Starfið felst í almennri þjónustu við notendur tölvukerfa Teris.
Góð almenn menntun er skilyrði. Reynsla af bankastörfum er æskileg en ekki skilyrði. Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt hæfileikum til að starfa með öðrum eru nauðsynlegir eiginleikar svo og hæfni til að koma upplýsingum/þekkingu til skila á skipulagðan og aðgengilegan hátt.

### .NET FORRITARAR

Leitum að reynslumiklum, jákvæðum og skemmtilegum snillingum í .NET forritun í fjölbreytt og spennandi verkefni.
Ögrandi verkefni fyrir kröfuharða viðskiptavini í skemmtilegu umhverfi.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# STÖÐVARGÆSLA Á ÞJÓRSÁR- OG SOGSSVÆÐI

Landsvirkjun

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styður við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða þrjá starfsmenn til stöðvargæslu við aflstöðvar og veitumannvirki fyrirtækisins. Tveir starfsmenn verða staðsettir á Þjórsársvæði en einn á Sogssvæði. Æskilegt er að viðkomandi starfsmenn hefji störf eigi síðar en 1. desember nk.**
Aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell eru á Þjórsársvæði. Aflstöðvar Landsvirkjunar við Írafoss, Ljósafoss og Steingrímsstöð eru á Sogssvæði. Bæði svæðin heyra undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Starfsstöðvar viðkomandi starfsmanna verða í þjónustumiðstöð við Búrfellsstöð og á Írafossi.

**Starfssvið:**
Störfin eru fólgin í eftirliti og viðhaldi aflstöðvanna og veitumannvirkja þeirra ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

**Æskileg starfsreynsla:**
- Reynsla af störfum við aflstöðvar og raforkuvirki
- Uppsetning og forritun iðntölva og skjámyndakerfa
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum á sviði gæða- og öryggisstjórnunar

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.**

**Hæfniskröfur:**
- Iðn- og/eða tæknifræðimenntun á rafmagns- eða vélasviði
- Staðgóð tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og geta til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Í boði er:**
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Öryggisfulltrúi

**Laus er til umsóknar staða öryggisfulltrúa. Öryggisfulltrúi sinnir öryggisgæslu og tengdum störfum í verslun IKEA.**
**Í öryggisdeildinni starfa 6 starfsmenn í fullu starfi auk nokkurra hlutastarfsmanna.**
**Um vaktavinnu er að ræða.**

**Helstu verkefni:**
- Almenn öryggisgæsla (vöruvernd, rýrnunareftirlit)
- Eftirlit með öryggi starfsmanna
- Framfylgni á ákvæðum vinnuverndarlöggjafar
- Eftirlit með öryggiskerfum hússins
- Vinnsla á upplýsingum úr hússtjórnarkerfi
- Skýrslugerð vegna slysa, atburða og uppákomna í húsinu og á lóð þess
- Veita fyrstu hjálp sé hennar þörf

**Hæfniskröfur:**
- Tæknileg þekking/menntun
- Þekking á skyndihjálp
- Reynsla af öryggisstörfum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Heiðarleiki og áreiðanleiki
- Stundvísi
- Drífandi
- Hreint sakavottorð

Áhugasamir hafi samband við starfsmannasvið varðandi frekari upplýsingar um starfið eða sendi inn umsókn á job.ikea.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2010. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

# GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

## Sölumenn óskast á fasteignasölu!

Óskum að ráða vana sölumenn til starfa, löggilding ekki skilyrði. Um er að ræða ábyrgðarmikið starf í góðum hópi fagfólks með mikla reynslu af fasteignaviðskiptum.

Í starfinu felst inntekt og sala fasteigna ásamt öllu því er tengist fasteignaviðskiptum og þjónustu við viðskiptavini. Árangurstengt launakerfi. Spennandi verkefni framundan.

**Uppl. veitir Sigurður, sigurdur@gardatorg.is sími 898-3708**
**Traust og farsæl fasteignasala í 10 ár**

# Netsérfræðingur

NORRIQ Iceland leitar að nýjum liðsmanni sem hefur afburða þekkingu á netkerfum, öryggisstöðlum og samskiptastöðlum s.s. TCP/IP, SiP…

**Helstu verkefni**
- Að vinna með stjórnendum viðskiptavina við að hámarka afköst og öryggi netkerfa.
- Innleiðing útbúnaðar og miðlægs umsjónarkerfis hjá viðskiptavinum.
- Tæknileg ráðgjöf við hönnun netkerfa og öryggislausna samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Frekari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu okkar www.norriq.is

Allar fyrirspurnir og umsóknir sendast á work@norriq.is

NORRIQ

# VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR Í FRAMLEIÐSLUDEILD

ÖSSUR
*Life Without Limitations®*



## Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins?

Össur leitar að metnaðargjörnum og drífandi einstaklingum til starfa í verkfræðideild á framleiðslusviði Össurar. Störfin fela í sér afar fjölbreytt verkefni og mikil samskipti við starfsmenn annarra sviða og/eða starfsstöðva víða um heim.

**HLUTVERK**
- Hönnun á framleiðslubúnaði
- Vinna að stöðugum endurbótum á framleiðslulínum fyrirtækisins
- Undirbúningur og innleiðing á framleiðslu nýrra vara

**HÆFNISKRÖFUR**
- Verkfræðingur eða tæknifræðingur
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Reynsla af vélhlutahönnun
- Reynsla af notkun SolidWorks eða sambærilegra forrita
- Reynsla af forritun iðntölva er kostur
- Þekking á rafbúnaði er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast job@ossur.com fyrir 11.október næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1550 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.

Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Leikskólakennarastaða á leikskólanum Æskukoti á Stokkseyri.

Um er að ræða ráðningu til eins árs í 100% stöðu deildarstjóra og er miðað við að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ísrún Albertsdóttir leikskólastjóri í síma 483-1472 eða með því að senda fyrirspurnir á isrun@arborg.is leikskólinn Æskukot starfar samkvæmt umhverfisvottunarstefnu og hefur hlotið alþjóðlegu viðurkenninguna Grænfánann. Jafnframt starfar leikskólinn eftir viðmiðum Heilsustefnunnar þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra þ.m.t að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi undir stjórn leikskólastjóra.

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Jákvæðni og áhugasemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Ef ekki fæst leikskólakennari eða annar uppeldismenntaður starfsmaður til starfa er áhugasömum sem hafa hug á því að starfa með börnum bent á að sækja um starf í leikskólanum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags Umsóknarfrestur er til 15. október 2010.

Hringdu í **699 6165**

**Bóas Ragnar Bóasson**
Sölustjóri

[+354] 699 6165
boas@domusnova.is
boas.domusnova.is

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - Axel Axelsson - Löggiltur fasteignasali - www.domusnova.is


# DOMUSNOVA
Fasteignasala

Ágætu viðskiptavinir / kaupendur og seljendur það er mér sönn ánægja að tilkynna ykkur að ég hef hafið störf á Domusnova fasteignasölu...




Við seljum fyrir þig !
Hringdu í **823 5050**

**Lárus Óskarsson**
Sölumaður

[+354] 823 5050
larus@domusnova.is
larus.domusnova.is

Turninum 12 hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi - Axel Axelsson - Löggiltur fasteignasali - www.domusnova.is

**Auglýsingasími**
# 512 5050




Allt sem þú þarft...

# ÚrvalsEignir
**5 30 30 30**

# Úrvalseignir kynna tvær úrvalseignir

## Opin hús sunnudag kl 14-16
## eigandinn verður á staðnum

## Dvergasteinar - 825 Stokkseyri







Fallegt 202 fm. einbýlishús á 2.053 fm girtri lóð. Byggt var við húsið og það uppgert fyrir 5 árum. Þá var m.a. rafmagn endurnýjað, lagnir og þ.m.t. hitakerfi sem og sjónvarpslagnir o.s.frv. og þá var allt ytra byrði hússins, gluggar og hurðir endurnýjað. Af efri hæðinni er útsýni til allra átta og yfir nýbyggingu hússins eru stórar svalir með fallegu útsýni til fjalla.
**Eignin er laus við kaupsamning.**

## Dvergasteinar 4 - 825 Stokkseyri







Vel byggt 202 fm. einbýlishús á 1.713 fm lóð með gestahúsi. Þak hússins er koparklætt og var húsið byggt af Landsbanka Íslands. Fyrir 7 árum var húsið allt endurnýjað á innan á mjög vandaðan hátt. Allar vistverur eru stórar með rósettum og gifslistum. Einstakt hús sem býður upp á mikla möguleika.
**Eignin er laus við kaupsamning.**

Stokkseyri er vinlegur bær um 45 mín. keyrsla frá Reykjavík og 10 mín. keyrsla frá Selfossi.
Stokkseyri er sérstaklega fjöldskylduvænn bær en þar hefur nýlega verið byggður grunnskóli og nýr leiksskóli.

Úrvalseignir, Stórhöfði 15, Reykjavík • Sími: 530 3030 - Fax: 530 3031 • Hjalti Pálmason löggiltur fasteignasali • www.urvalseignir.is - urvalseignir@urvalseignir.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Systurnar Lilja og Lovísa Vattnes í Efnalaug og fataleigu Garðabæjar hafa staðið að undirbúningi götumarkaðar sem haldinn verður á Garðatorgi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Markaðsstemning á Garðatorgi í dag

**Götumarkaður verður haldinn á Garðatorgi 3 í dag milli klukkan 11 og 16.**

Það eru systurnar Lovísa og Lilja Vattnes í Efnalaug og fataleigu Garðabæjar sem hafa staðið að undirbúningi götumarkaðarins með það að markmiði að lífga upp á stemninguna á torginu. „Við erum mjög ánægðar með viðbrögðin hjá fyrirtækjum og einstaklingum, þetta hefur alveg farið fram úr björtustu vonum um þátttöku," segja þær glaðlega en fjölbreyttur varningur verður í boði.

Meðal þeirra sem taka þátt eru Okkar bakarí, Dominos, unglingastarf Stjörnunnar, Lionsklúbburinn Eik og fjöldi einstaklinga, að ógleymdum öllum þeim fyrirtækjum sem starfrækt eru á Garðatorgi. Einnig verður söfnunarstöð vegna Göngum til góðs hjá Garðabæjardeild Rauða kross Íslands á Garðatorgi.

Börnin geta fengið andlitsmálningu milli klukkan 11 og 13 og þá verður Kvennakór Garðabæjar með kökubasar og tekur lagið.

Sjálfar verða systurnar með eigin bás og ætla að selja dýrindis gúllassúpu. „Svo verðum við með Shanghai-rúllur ásamt fötum úr skápunum okkar," segja þær glaðlega.

- sg

## Stjörnur verða í Stjörnuporti

LANGUR LAUGARDAGUR ER Í MIÐBORGINNI Í DAG MEÐ ÝMSUM UPPÁKOMUM.

Verslanir á Laugaveginum eru opnar lengur í dag, á löngum laugardegi, eða til klukkan 17. Þá hefur nýtt bílastæðahús við Laugaveg 94 fengið nafnið Stjörnuport og þar munu stjörnur stíga á svið klukkan 15.

Ingó úr Veðurguðunum mun spila nokkur lög en forsýning á söngleiknum Buddy Holly, þar sem Ingó fer með aðalhlutverk, verður klukkan 19 í Austurbæ í kvöld. Einnig kemur fram í Stjörnuportinu tónlistarfólkið Bjartmar Guðlaugsson og Lára Rúnarsdóttir.

Gestir miðborgarinnar þurfa þó ekki að drífa sig heim klukkan 17. Einhverjar verslanir verða opnar fram eftir en vegna vaxandi straums ferðamanna hafa verslanir í miðborginni, einkum þær sem selja íslenska hönnun og minjagripi, opið lengur.

Langir laugardagar eru auglýstir sérstaklega af Miðborginni okkar, vettvangi miðborgarmála á Facebook.

- rat



Ingó kemur fram á Stjörnutorgi, Laugavegi 94, klukkan 15 í dag ásamt fleiri tónlistarmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
















# Þarf að bæta aðstöðuna

**Gengið verður um Fossvogsdal til minningar um skurðlækninn Margréti Oddsdóttur á morgun. Þá verður stofnaður minningarsjóður í hennar nafni sem er ætlað að bæta þjónustu við konur með brjóstakrabba.**

Minningarsjóður skurðlæknisins Margrétar Oddsdóttur verður formlega stofnaður á morgun og stendur til að fagna því með Margrétargöngu en Margrét hefði orðið 55 ára þennan dag. Hún lést eftir baráttu við brjóstakrabbamein hinn 9. janúar í fyrra. Sjóðnum er ætlað að styðja við brjóstaskurðlækningar við Landspítalann.

Margrét starfaði sem sérfræðilæknir á Landspítalanum frá árinu 1994 til dauðadags. Hún var ráðinn fyrsti yfirlæknir við skurðlækningadeild Landspítalans árið 2003, eftir sameiningu allra skurðlækningadeilda sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þá var hún skipuð dósent í almennum skurðækningum við læknadeild Háskóla Íslands og prófssor frá árinu 2002.

„Margrét var sterkur karakter og það var mikill kraftur í henni. Hún var brautryðjandi á sínu sviði og störf hennar einkenndust af vinnugleði og krafti," segir Jarþrúður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur á almennri göngudeild en hún vann með Margréti á sínum tíma. Á göngudeildinni sinnir Jarþrúður fjölda kvenna sem hafa farið í aðgerð vegna brjóstakrabbameins.

Jarþrúður segir sjóðnum ætlað að styrkja og bæta þjónustu við konur með brjóstakrabbamein. „Komum á göngudeild eftir aðgerðir vegna brjóstakrabbameins hefur fjölgað um 300 prósent frá árinu 2006. Það skýrist meðal annars af því að starfsemin er umfangsmeiri en áður. Lífslíkur kvenna með brjóstakrabbamein hafa batnað mikið síðustu ár og áratugi. Það veldur því að vaxandi áhersla er lögð á lífsgæði krabbameinsgreindra kvenna, meðal annars með endursköpunaraðgerðum á brjóstum," segir Jarþrúður.

Í fyrra voru rúmlega 200 konur greindar og meðhöndlaðar með skurðaðgerð. 35 prósent þeirra gengust undir brottnám og helmingur þeirra, eða 37 konur, fóru í svokallaða heilbrjóstauppbyggingu sem þýðir að brjóstið er fjarlægt en konan vaknar engu að síður með brjóst. „Þetta bætir lífsgæði þessara kvenna til muna og er í raun alger bylting," segir Jarþúður. Hún segir aðgerð til lækningar á krabbameini og aðgerð til að leiðrétta það lýti sem hún veldur æ oftar fara saman. „Þessi þróun kallar á meiri og betri aðstöðu fyrir bæði sjúklinga og meðferðaraðila en hún er því miður ekki eins og best verður á kosið. Göngudeildin er ekki sérhönnuð fyrir þessa umfangsmiklu og auknu starfsemi og skortur á fjármagni er vandamál sem allir þekkja," segir Jarþrúður. Hún segir það afar erfitt að greinast með brjóstakrabbamein bæði fyrir konur og aðstandendur þeirra og því skipti aðstaðan miklu máli. „Stundum þurfum við að sinna sjúklingum á göngum og þá höfum við jafnvel ekki getað fengið ódýran búnað eins og stafræna myndavél sem væri afar gagnleg til að fylgjast með framvindu meðferða eins og uppbyggingu brjósta og geirvarta og tattúveringar vörtubaugs svo dæmi séu nefnd."

Að undirbúningi stofnunar Minningarsjóðs Margrétar Oddsdóttur standa fulltrúar lækna og hjúkrunarfræðinga sem annast skurðmeðferð brjóstakrabbameins, fulltrúar góðgerðafélagsins Bætum einstök brjóst og ættingjar Margrétar. Ágætlega hefur gengið að safna framlögum en það er von undirbúningshópsins að sjóðurinn vaxi frekar. Tekið er við framlögum á slóðinni www.brjost.is.

Margrétargangan hefst klukkan 15. Farið verður af stað frá Snælandsskóla og endað í safnaðarheimili Kópavogskirkju.

*vera@frettabladid.is*



Komum á göngudeild hefur að sögn Jarþrúðar fjölgað um 300 prósent frá árinu 2006 sem skýrist meðal annars af umfangsmeiri starfsemi. Það kallar á betri aðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA
síðustu dagar.
VATTKÁPUR ÚLPUR DÚNÚLPUR
20 - 70% afsl. og margt fleira.
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

Opnum í dag á nýjum stað á Laugavegi 82
Atson Leðurvörur
seðlaveski lyklakippur kortahylki hanskar buddur töskur belti golfskormöppur eyrnalokkar möppur
20% afsláttur af öllum vörum í tilefni dagsins
Opið 12-17 á löngum Laugardegi

;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HEILSA
Þriðjudaga

no limits in details
Fákafeni 11 - www.boconcept.is
BoConcept urban design

Sóleyjarrimi 5
112 Reykjavík
50 ára og eldri - íbúð með útsýni
Stærð: 99,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 24.245.000
Opið Hús
Opið hús sunnudaginn 3.okt. kl. 16 -17
Verð: 0
ATH: Skipti á raðhúsi-eða parhúsi í Grafarvogi.
Falleg 99 fm endaíbúð fyrir 50 ára og eldri með miklu útsýni á efstu hæð í lyftuhúsi við Sóleyjarima.
Rafmagnsopnanir eru til staðar í anddyri og bílskýli fylgir íbúð.
Opið hús sunnudaginn 3.október kl 16:00 - 17:00.
Bjalla 61 Katrín og Hreinn
Allar aðrar upplýsingar veitir Hannes Steindórsson s. 699-5008
RE/MAX Lind
Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is
Anton Máni Svansson
Sölufulltrúi
615 0005
antonmani@remax.is
Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is
RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Basil & Lime Ristorante
Alvöru Oktoberfest
3 rétta matseðill
kr. 2990.-
með einum líter...
kr. 3990.-
Gestakokkur er Axel Hoppe „Schnitzel king" frá Bavaria
Tilboð á krana
Oktoberfest..matur...ekki bara mjöður
Klapparstíg 38 -101 Reykjavík
Sími: 555-3696


Avensis Station DIESEL. Ek. 120þ. Árg. ,06. Flottur Bíll. V. 2.690. S. 891 8970.


Til sölu Yaris T-sport, 2007, ek 30xxx, xenon, 17"álfelgur, 1800cc, ásett 2.690þús, fæst á 2.190þús. Viktor s. 898-3523.


**120þús**
Nissan Double Cap bensín, árg. ,95. Ek. aðeins 167þús. Sk.'11. Talsvert ryðgaður en kram gott. Uppl. í s. 845 6839.


TILBOÐ Dihatsu Terios ,08 4x4 ekinn 35þ. verð 2.690þ. TILBOÐ 2.190þ. lán mögulegt. S. 698 4828.


Skoda Octavia 4x4 station, diesel, beinskiptur. Bíll sem eyðir litlu. Ekinn um 59 þús. 2008 árgerð. Ásett verð 3.150 þ. Fæst á 2.700 þ. Uppl. í síma 660 0288.


Til sölu Toyota Avensis 1600, árg. 1999, beinskiptur ek. 182þ. heilsársdekk. Ekkert ákvílandi. Verð 590þ. Uppl. í síma 699 7317.


**Tilboð á stationbíl**
Mitsubishi Galant ,99. Nýskr. 10.99 Ek. 138 þ. ssk. Góður og fallegur bíll. Verð. 490þ. Uppl. í síma 650 5073/898 8835.


VW golf árg. ,99, á götuna ,00, ekinn ca 120þús, góður bíll, verð 500þús. Uppl. í síma 665 8276.


Hyondai H1 sendibíll, árg. ,98, ek. 115 þ.km. Bíll í góðu standi. Uppsett verð 350 þús. Uppl. í s. 694 1200


Subaru Impresa 2.l ssk. ek.49.000 km árg.2006 ný dekk, verd 1.700.000 kr. Simi 693 2991.


Dodge Ram 1500 árg' 96. Er með 35" breytinguna, 4x4,loftpúðar á aftan,ek.163 þús, 8cylendra,bensín,rafm í rúðum,central,þjóf kerfi,cd of fleira. Sk' 11. Verð 650.þús, bein sala. Uppl. í síma 696-3535.


HONDA CR-V ÁRG 1999 EK. 109 Þ. KM. SJÁLFSKIPTUR . SKOÐAÐUR. TVEIR DEKKJAGANGAR Á FELGUM. ENGIN SKIPTI. SNYRTILEGUR BÍLL. VERÐ 890 ÞÚSUND. S 895 8956.


SUBARU FORESTER 4WD SJÁLFSK, ÁRG. 2003. SKOÐAÐUR, EK. 158 Þ.KM. GOTT ÚTLIT. NÝ MICHELIN HEILSÁRDEKK. SK. ÓDÝRARI. VERÐ 1190 Þ. S. 895 8956.


Til sölu Ford Transit Connect dísel árg. ,05. Ekinn 72 þús. VSK bíll. Vel með farinn og óskemmdur. Verð kr. 1.190.000,- Uppl. í síma 821 1893.

Opel Astra 1600 árg. ,97. Með bilaða tímareim. V. 50 þús. S. 898 1633.

Honda CRV árg. ,98. Sjsk, sk ,11. ek.176þús. Bíll í toppstandi. Verð 525 þús. kr. Uppl. í síma 899 1525.

**BMW 760**
Árg. 2003. Ek. 130. Eðalvagn, einn með öllu. Gott stgr. verð. Uppl. í s. 663 9664.

MMC (Mitsubishi) árg. ,92 ek. 101 þús. k.Til sölu Colt árg. ,92 verð 300Þ. góður bíll í góðu standi. Uppl. 892 1339.

Óska eftir ssk., skoðuðum bíl, ekki eldri en árg. ,00. Má vera fjölnota eða skutbíll. í Skiptum fyrir Hondai Cupe sportbíl, árg. ,00 og 300 þús. S. 552 4153 / 868 1146.

Trooper árg. ,99. 209 þ. km. Þarfnast lagfæringar. Skipti möguleg. V. 550 þús. S. 863 6455.

## 0-250 þús.

VW Golf 94 til sölu, ek. 134 þús. Góður bíll, kúplingsdiskur lélegur, sk. 2011, verð 220 þús. s. 8473598.

Óska eftir notuðum bíl, 200 þús stgr. Áhugasamir hafið samb. í s. 867-0210

## 250-499 þús.


**!!! Sparibaukur 390þús!!!**
Renault clio ll 1.4 árg. 2001 ekinn 130þ. bsk. sk 11 mjög gott eintak uppls 777-3077.


Renault Scenic 99. Ssk.Ek 88000. Nýskoðaður. Ný heilsársdekk. Kr. 390þús. S: 863 3747.


**Sjálfskiptur tilboð 450 þús!**
Mitsubishi Carisma 1600 Sport árg'00 ek.140 þús,sjálfskiptur,skoðaður 2011,góður bíll sem eyðir litlu! ásett verð 580 þús TILBOÐ 450 ÞÚS er til sýnis og sölu á höfðahöllinni Tangabryggju 14-16 s.567 4840


**Tilboð 280 þ.**
Toyota Carina E 1,8 árg.'96 ek. 240. ný skoðuð. 5 gíra, beinskiptur og dráttarkrókur. Verð 280þ. Uppl. í s. 659 3459.


**Tilboð 250 þ.**
VW Golf árg. „96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Uppl. S. 659 3459.


Opel astra, árg. ,99" sjálfskiptur, nýskoðaður, heilsársd, ek. 203þús., fallegur og góður bíll. V.330 þús. staðgreitt. Uppl. í síma 820 4640.

Subaru Legacy árg 99 vagon. NÝ TÍMAREIM; Sjálfsk, ek.184.þkm,dráttarkúla, sko 2011. Fæst á 470.000 stgr. s.893-5201

Til sölu M.Lancer Station 4x4, árg.1998, ek.173þ., bsk. Nagladekk á felgum, skoðaður 2011, verð 350þ., uppl. í síma 664 1306.

## 500-999 þús.


Bmw 318 IA árg. 04/'99 sjsk. ek. 189þ. Nýsk. nýsm., CD og vetrard. Fallegur bíll í toppstandi. V. 990 þús. Tilboð 790 stgr. S. 820 4469.


VW Polo 1.4, árgerð 2002, ek. 129 þús. ný kúpling. Verð: 750 þús. S. 867 8747.

opel zafira'00arg,ek.153þus.bsk. 1,8vel sk.11 v:530þ.simi:6917752

Range Rover 2.5 Diesel. Arg 1998. Nyskodadur-Godur bill Verd 790.000-STGR Uppl i sima 8966758

## 1-2 milljónir

til sölu ecoline e150 4x4 ,01 hár toppur 32"dekk 4 stolar+bekkur tv og fleira ásett 1800þús 1500stgr uppl í s8941252

## 2 milljónir +


Benz AMG áhugamenn ATH ! Til sölu vel með farinn MB E55 AMG Kompressor, árg 2003, ek 162þús km(mest í Þýskalandi) 100% Toppstand, Hlaðinn aukabúnaði, glæný TOYO sumardekk & nýleg heilsársdekk fylgja. Tölvukubbur, 510 hö !!! Ásett 5.590 milj. TILBOÐ : 4.2 millj. STGR ! Uppl. í s: 8664796 og 8676663

Til sölu Land Cruiser 90LX. Árg.2001. Common Rail. 35" breyttur. Ekinn 171þ. km. Verð 2.600 þ. Engin skipti. S: 8656503

## Bílar óskast

Óska eftir Toyota RAV4 árg 2000-2005 Staðgr. S: 8925959, rafsja@islandia. is Bjarni

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Óska eftir Grand Cherokee eða Dodge Durango ,05 eða yngra í sléttum skiptum fyrir Toyota Rav ,02 ek. 107 þús. og Toyota Hiace ,01 ek. 122 þús. S. 663 4836.

Óska eftir að kaupa vel með farinn en ódýrann Subaru Legacy. Uppl. í s. 895 9366.

50-100þús. kr Smábíll óskast. Má þarfnast lagfæringar. S:864-9296.

**Óska eftir Land Cruiser 120**
Diesel ,06 eða yngri. Er með diesel bíl uppl. í eða staðgreiðslu. S. 899 4009.

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Óska eftir bmw e36 325.til niðurrifs ath. vél verður að vera í lagi. uppl. í s. 867 0783.eða athalex1008@hotmail. com

## Jeppar


Land Cruiser 100 árg. 2004 disel ek. 124 þús. 35" dekk. Verð 6.490þ. S. 820 6030.


Land Cruiser 120 GX, árg. 2006, ekinn 104 þús. Sjálfskiptur, ljósgrár. Filmur, krókur. Verð: 4.600 staðgr. Ath. skipti á LC 90 og Jeep Cherokee. Sími 824 3818.


Til Sölu Toyota landcruiser 90, árg. ,99, ekinn aðeins 160 þús., 38" breyttur, 200 ltr. olíutankar, gps, geymslukassi, drullutjakkafesting, kastaragrind, kastarar og fl. Uppl. í síma 892 1200.

Toyota Land Cruiser 120GX diesel 2003, ek.130þ, v.3,5m, s. 844 4615, ragnarmar@hotmail.com

## Húsbílar


Til sölu Fiat Ducato árg. ,03/06. J.146. Listi og myndir á husbill.is, ekki skipti. Uppl hjá Óskari Arnari , S. 894 3351 & 821 5604.

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Til sölu Volvo fl 6 árg. 91 með 1,5t lyftu. Ath með skipti á folksb. uppl. 690 7880.

## Fjórhjól


Mikið úrval aukahluta fyrir fjórhjól og vélsleða. Msport hefur opnað verslun að Auðbrekku 10, kóp. Opið 17:30 - 20:00 alla virka daga. www.msport.is

Til sölu Suzuki quadracer 450 nýsk.2/2009 keyrt c.a15tíma lítur út eins og nýtt verð 1.050.000 skoða skipti. simi8994923

## Mótorhjól

Motor sport


Eigum eftir 3stk af vespum á 16" dekkjum. 1 rauða og 2 bláar. Verð aðeins 278þús. áður 329 þús.


Eigum aðeins 2 eftir af svörtu.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

## Kerrur


**Humbaur álkerrur**
Innanmál 251x131x35 cm.13" dekk. Farmþyngd 581 kg. Heildarþyngd 750 kg.Verð 242.356 kr.Hægt er að fá lok á kerruna.Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:517-7718


Til sölu 2 nýjar kerrur. Stærð 130x3 og 110x250. Uppl. í síma 692 6044 og 865 3041.

## Hjólhýsi


Til sölu... Vel með farinn, mjög lítið notaður A-liner. Fyrst skráður 8.6.2009. Upplýsingar í síma 869 0175.

## Vinnuvélar


Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Tveir fleygar Furukawa 2,3 t. eru ca. 12-15 ára gamlir. Og Montabert 501 1 t. S. 892 5309.

## Bátar


Strandveiðibátur til sölu. 4,5t trébátur SABB 2ja cyl 22 hö með skiptisrúfu. Nýtt AIS tæki, ný talstöð, 2stk. nýjir 230amp geymar, nýr altanator ný tafla og festingar fyrir 4 rúllur dýptarmælir(sv/hv) og fartölva. 1 Elliðarúlla og 1 ný sænsk rúlla. Verð 1,8millj. Staðgr. Afhendist hvert á land sem er. Elmar 862 0030.

Til sölu nýr, ónotaður Suzuki 15 hö, fjórg. utanb.mótor. Er í ábyrgð. Kostar hjá umboði 525 þús. Fæst á 400 þús. stgr. Uppl. í s. 844 0478.

Óska eftir að kaupa 20 feta frystigám. Uppl hjá Hilmari 898 7590

Skrúfur beint frá framleiðanda og flest annað fyrir bátinn. www.somiboats.is

## Bílaþjónusta


PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is

## Þjónusta





## Frumsýning



## Dýrahald



Þessi yndislegi 3 mán Whippetstrákur er til sölu. Einstaklega blíður og barngóður. Ættb. frá HRFÍ, bólusettur og örm. M. ísl meistari og f með meistarastig. Má gr. með afb. Hver vill litla Magna? Uppl. í s. 699 0472.



Silky Terrier hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar 8. okt. Ættbókarfærðir hjá Rex. http://silkyterrier.123.is Sími 869 9351.



Yndislegir Poodle hvolpar til sölu. 2.strákar og 1. stelpa. Hrikalega sætir. Uppl í s. 896 2114

Vantar skjaldböku. Litla, stóra, landvatns. Allt kemur til greina. S. 857 1389.

Chihuahuarakki 3 mán til sölu á 45 þús. vegna smá lýtagalla S:856-1772 voða krútt samt.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

Bulldog hvolpur tík til sölu ættbók frá hrfí. www.boli.is og í s. 662 2700.

## Ýmislegt




Búslóð til sölu. Til sölu sófasett, bókaskápar, símabekkur, hornborð, skóskápur, loftljós, náttborð o.m.fl. Upplýsingar í síma 8635386.

## Skemmtanir

**Cafe Catalina**

**Í kvöld spilar hljómsveitin**

**Arizona**

***Kíkjið á www.catalina.is***

**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**

**Boltinn í beinni!**

**Hádegismatur alla virka daga**

**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Gæsaskyttur ATH!**

Gæsaveiði í Landeyjum með vönum leiðsögumönnum. Sendið fyrirspurnir ásamt nafni og símanúmeri til eftirfarandi vesturrost@vesturrost.is eða pall@leit.is

## Hestamennska




Vatnsþéttir og hlýir. Ótrúlega þægilegir Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

FÁKUR

**Herrakvöld Fáks 9. okt.**

**Villibráðarhlaðborð, skemmtiatriði og fjör. Miðasala í Reiðhöllinni og Skalla.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**Gistihúsið Egilsborg 896 4661**

TPM

**Vantar þig æfingarhúsnæði!**

Hringdu í síma 824 3001 eða 824 3002 hellirinn@tonaslod.is www.tonaslod.is



Ferjuvað 7, Norðlingaholti í Reykjavík. Falleg 3ja herbergja íbúð sem er rúmlega 90m2 að stærð, svalalokun auk stæðis í bílakjallara. Íbúðin er á jarðhæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi með lyftu. Til sölu er búseturéttur ásett verð 5,6 millj. og mánaðargjöld um 130.000.-. Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli. Sjá nánar myndir með skýringum á vefslóð http://www.flickr.com/photos/ferjuvad7 Nánari upplýsingar veitir Sigurður Jónsson, GSM 895 6910.

**SKAMMTÍMA LEIGA**
**MIÐSVÆÐIS Í RVK**
**ÓDÝR VIKU- OG MÁNAÐARLEIGA**
**HERBERGI OG ÍBÚÐIR**
**HÓTEL FLÓKI**
**660-7799**

Rentus
LEIGUMIÐLUN

Til leigu virkilega falleg íbúð á tveimur hæðum við Ránargötu. Tvær stofur og tvö svefnherbergi. Íbúðin leigist með húsgögnum. Allar nánari upplýsingar veitir Eygló hjá Rentus í síma 692 7678.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Gott herb. í kjallara í raðhúsi í Árbæ. f. ungan karlmann. Leiga 35þ. s. 895-4606.

Árbær;snyrtilegt lítið herb, húsgögn, ísskápur ofl,wc/sturta 30þús. s. 820-3515

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ÓDÝR DAGS-VIKU OG MÁNAÐARL. ALLT INNIFALIÐ INTERNET-SAMEIGINLEG SNYRTI-ÞVOTTA OG ELDUNARAÐSTAÐA. HÓTEL FLÓKI S. 660-7799 BJARNI.

Til leigu 55 fm ósamþykt góð íbúð í hafj. verð 85þ. uppl. í s: 824 2888.

Mosfellsbær: Góð 92 fm 4ra herb. íb í Miðholti laus strax. Verð: 115.000 pr. mán. Uppl. 841-8311, Ólafur.

**Stúdíóíbúð**

Nýuppgerð 20 fm. stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 59 þ. S. 824 6692.

Tæpl. 40fm. 2-3herb. lítil íb. á 1.h. fjölbýli Hólahv. 111, innif.: þv.vél á gangi, hiti+rafm., gervihn.sjónv., ísskápur. Íb. skiptist í 2 ca. jafnstór herb/stofur., lítið eldh. og bað. Hagst. fyrir 2 pers. Örstutt í alla þjónustu Eing. traustir leigj.og 3ja mán. trygging. V. 70þ. mán. ATH. að fefnu tilefni, AÐEINS gegn 3ja mán. tryggingu. Íb. er laus. Uppl. S: 694-2356

109 Rvk- gott herb. m/húsgögnum að hluta, aðg. að baðh.,eldunaraðst.,þvottav. o.fl. uppl: 891 7630.

LAUS FELLARNIR 2ja herb. Aðg. að þvottav./þurrkara. Verð með öllu 90 þús. Áhugas. Tel. 864 1973.

Stúdíóíbúð 25fm. f. reyklausan einstakl. í 103. Uppl. solong@simnet.is

Til leigu herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglusaman mann með sameig. eldh. & baðh. Uppl. e. kl. 13 í s. 777 5571.

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 4 herb.(+) íbúð eða húsi á álftanesi til leigu, 4 manna reyklaus og reglusöm fjölskylda. 894-1194.

Reglusamt par með 2 börn óskar eftir 4herb íbúð í Smárahverfinu Kóp. Erum að leita að langtíma leigu frá des/jan (má vera seinna). Höfum meðmæli fyrrum leigusala. Garðar 7725553

Enskt, rólegt par óskar eftir á leigu 2 herbergja íbúð eða stúdíó 40 fm, Rvk 101-108, strax. S. 695 6884.

Óska eftir góðri 2-3 herb. íbúð í hverfi 101 til 105. Uppfylli öll skilirði góðs leiganda. Hafið samband í s: 866-9903

Óska eftir 4+ herbergja íbúð/raðhúsi í langtímaleigu í Ásahverfi í Garðabæ, Auðun 899 7334.

Óskum eftir einbýli/tvíbýli/par/raðhús eða íbúð með sérinngangi. Tryggum greiðslum og góðri umgengni heitið. Uppl. í síma 864 3310

Vantar herbergi eða litla studíóíbúð í RVK. Uppl. eftir kl. 16:30 s. 867 8231

Eldri hjón óska eftir 3 herb. íbúð frá 1. nóg. Langtímaleiga. Má kosta 120 þús. á mán. Á sv. 112, 111, 110, 109. S. 773 0489.

## Sumarbústaðir



Til sölu gott 48 ferm sumarhús m. öllu innbúi í Brekkuskógi. rafm. hitav. og heitap. Verð kr. 13 millj. skipti mögul. á húsbíl, lágþekju, uppl. í. s. 552 8329.



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**

Heitur pottur og sauna. Gistiaðstaða fyrir allt að 10 manns. Helgarleiga á 75þ. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.

Góð fjárfesting Til sölu glæsilegt heilsárshús á yndislegum stað í sveitasælu, í nágrenni við helstu perlur Suðurlandsins og einn besta golfvöll landsins. Ágætis leigutekjur af húsinu nú þegar og frjóir einstaklingar geta hæglega aukið leigutekjur enn frekar af litið er til ferðaþjónustu og/eða annarra útleigumöguleika. Þeir sem óska nánari upplýsinga sendið póst á gudmunds@talnet.is

## Atvinnuhúsnæði

Vantar 30-40 fm pláss, einn og einn dag, fyrir tökustúdíó, með hugsanlega fasta leigu síðar. Sjáðu www.gripandi.is/plass. S: 773 7100.

Til leigu tvö 170 m2 iðnaðarbil við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Neðri hæðin er 120 m2 með 50m2 steyptu millilofti sem er innréttað sem skrifstofa. Vönduð epoxy gólfefni á neðri hæð og steinteppi á efri hæð. Mjög snyrtileg rými sem tekin voru í notkunn 2008. Möguleiki að nýta bilin saman 340 m2 með því að opna á milli. Einnig mögulegt að innrétta íbúð á efri hæð með litlum breytingum. Upplýsingar í síma 698 0410 Gunnar Óli.

Til leigu 115fm fullkomin sprautuaðstaða fyrir (minni)stærri bíla í kóp uppl: 660 0105, haraldur@teitur.is

Góð skrifstofuhæð til leigu við Ármúla. 540 ferm., skiptist í 13 skrifstofur, fundarherbergi og gott bjart almennt vinnurými. Má skipta í tvo hluta. Hagstæð leiga. Uppl. hjá armuli40@gmail.com.

Laust húsnæði fyrir nuddara eða skyldastarfsemi við Laugarveginn. Uppl í s. 694 9565

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi o.fl.** [illegible]
**Upplýsingar 897 1731**
**klonar@heimsnet.is**

Ódýr þurr óupphituð vetrarg. á tjaldvögnum til hjólhýsa í nágrenni Rvk-ur. Uppl. í síma 893 9950.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymsluhus.is**

Geymsluhus.is Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Snyrtifræði**
**Nemi eða sveinn óskast í snyrtifræði á snyrtistofuna Þema Hafnarfirði.**

**Uppl. s. 663 5516 eða netfangið tema@vortex.is**

**Rafvirkjar**
**Vegna aukinna verkefna vantar menn í vinnu við ljósleiðaratengingar á höfuðborgasvæðinu. Þurfa geta hafið störf sem fyrst og næg vinna framundan Áhugasamir sendi inn upplýsingar á netfangið: bbrafvertakar@internet.is eða í s. 660 4090 Birgir**

**Kjötsmiðjan ehf.**

**óskar eftir að ráða starfskrafta í áleggsdeild og framleiðsludeild fyrirtækisins.**
**Áhugasamir hafið samband við Birgi í póstfang birgir@kjotsmidjan.is eða s. 557 8866 á skrifstofutíma.**

**Kjötsmiðjan ehf.**
**Fossháls 27-29, 110 RVK**

Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Langar þig að læra matreiðslu á einum rótgrónasta og vinsælasta veitingastað í Reykjavík? Sæktu um á: http://umsokn.foodco.is**

**Lagerstörf og vörumeðhöndlun**

Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfólki í móttöku og meðhöndlun á sérvöru. Vinnutími er 8-16:30. Um að ræða flokkun, talningu, meðhöndlun og merkingu vara. Umsóknir fyllist út á www.voruhysing.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á staðnum.

Hársnyrtistofan Veróna á Selfossi auglýsir eftir hársnyrti í stólaleigu. Nánari upplýsingar gefa Inga og Hrabba á staðnum, Austurveg 9 Selfossi eða í síma 482-3355.

**Ritari óskast 1/2 daginn.**

Rótgróin fasteignamiðlun leitar að ritara til starfa frá kl.13-17 virka daga. Starfið felst í afgreiðslu viðskiptavina, símsvörun, skjalavinnslu og almennum ritarastörfum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa góða þjónustulund, vera stundvís og geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendið inn svar á thjonusta@frettabladid.is merkt ritari.

Vantar mann með skipstjórnaréttindi á 65 tonna dagróðrabát með beitningarvél. Upplýsingar í síma 618 8616.

Toppfólk óskast til starfa hjá þýsku mlm wellness fyrirtæki. Góð laun og toppstöður í boði fyrir duglegt fólk. Áhugasamir hafið samband við Trausta Green í s. 777 5557 eða sendið á coach@plan.is

Viðurkenndur bókari óskast til starfa. Þekking á DK æskileg. Áhugasamir hafið samband í síma 588-0088 eða á bokhaldid@bokhaldid.is

Bjarni Fel Sportbar Austurstræti 20 erum að leita að vaktstjóra sem hefur brennandi áhuga á íþróttum, þarf að vera ábyrgðarfullur, jákvæður, skipulagður með reynslu .

Ertu til í að koma út á land í öryggið. Ertu flink(ur) að kokka? þá hef ég starf fyrir þig. Ódýrt húsnæði. S:6925519

**Sölumaður óskast**

Sölumann til markaðssetningar á jólahlaðborð fyrir fyrirtæki óskast. Góð árangurstengd laun. Uppl. s. 483 1000.

**Veitingastaðurinn Majones**

Tjarnargötu 12 óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf og hlutastarf. Anna í s. 899 3632.

**Starfsmaður óskast í Efnalaug Árbæjar. Um er að ræða 50% starf.**

Hæfniskröfur: Góð þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, nákvæmni, góð íslensku kunnátta og er reynsla æskileg. Upplýsingar veitir Aðalsteinn í s. 897 6954 eða á netfangið efnalaugur@simnet.is

Vantar þig pening fyrir mat, ná endar ekki saman... Get svo sannarlega aðstoðað þig í því að ná endum saman... allt frá 30 þús og uppúr . Hafðu sambandi ef þú hefur áhuga... sportas@sportas.is

## Atvinna óskast

Samviskusöm kona óskar eftir þrifum í heimahúsi frábær meðmæli ef óskað er Guðný S: 691 2425.

Vélsjóri óskar eftir plássi á sjó eða annari vinnu. uppl á netfangið velstjorinn@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Lyklakippa tapast**

Bíllyklar að Toyotu töpuðust í Þingholtunum miðvikudaginn 29. sept. Á kippunni var rauður legókubbur, auðkennislykill og Atlantsolíulykill. Finnandi vinsamlegast hringi í s. 662-4532.



Þessum bíl var stolið 22. september af bílastæðinu við Korpúlfsstaði. Nissan Double cab, nr. bílsins er DF-998. Þeir sem hafa séð hann eða geta gefið upplýsingar hafi samband við lögregluna.

## Tilkynningar

**Til Breta og Hollendinga**

Mr. Cameron You can keep the Bankers, (they are all in the U.K. anyway) And use them to stuff the holes in your banking law. Leave the Icelandic public alone. Mr. Brown You don't impose terrorist law on an unarmed, peaceful nation to glorify yourself. Mr. Steingrímur (Herra blabla) Farðu nú að hugsa um hagsmuni hins venjulega Íslendings, ekki bankanna. Nefndin.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Nagladekk á 17" álfelgum undan LC 120. Ekin 5 þús. Verð 140 þús. Sími 824 3818

Ekkjumaður óskar eftir að komast í kynnum við konu 57-66 ára með vináttu í huga og jafnvel meira. Á eigin húsnæði, sumarbústað og bíl. Trúnaði heitið. Uppl. sendist til FBL merkt „44“.



UHMMM! Ein af lífsnautnum tilverunnar er að njóta góðs matar og prófa eitthvað nýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Veitt til að seðja sjö svanga barnsmunna

**Um þessar mundir koma veiðimenn færandi hendi með dýrindis villibráð úr íslenskri náttúru.**

Villibráð býður upp á endalausa möguleika og bara spurning um að opna hugann og leika sér með hráefnið. Við erum svolítið föst í því sem við höfum alltaf gert, en villibráð er ekki bara forréttur eða aðalréttur, heldur frábær kostur í salat, samlokur og tortillur. Þá er gott að nota sætt mangósalat með á móti reyknum í kjötinu, segir Jóhann Jónsson eigandi Ostabúðarinnar sem að þessu sinni gefur lesendum uppskrift að lostætum forrétti sem smakkast unaðslega með góðu rauðvíni. Jóhann er veiðimaður af Guðs náð, en segist ekki mundu gera annað en að skjóta ef í hans hlut kæmi að afla matar í búð sína; slík sé eftirspurnin.

„Á sumrin koma til mín útlendingar og biðja um villibráð á samlokurnar sínar, en það er vissulega dýrara hráefni en salami. Þeir láta verðið þó ekki stoppa sig í þeirri bragðupplifun, en Íslendingar hafa ekki enn komist á bragðið og spurning hvort þeir viti nógu vel af þessum óvæntu útfærslum á lokurnar sínar," segir Jóhann sem einnig er farinn að grilla gæsabringur með ljúffengum árangri. „Það er dálítil kúnst, en algjört sælgæti ef það er rétt gert og þess gætt að grilla á vægum hita þar sem kjötið er nánast fitusnautt."

Hann segist sjálfur hafa alist upp á fjölbreyttri villibráð í foreldrahúsum í Borgarnesi.

„Þar fórum við bræðurnir ungir á veiðar með pabba og fyrsta fuglinn skaut ég tólf ára með byssu sem var lengri en ég. Þetta þótti sjálfsagt í þá daga, þótt ég kærði mig ekki um að láta tólf ára son minn skjóta sér bráð í dag. Hins vegar felst mikil forvörn í því að leyfa börnum að koma með á veiðar, þar sem þau læra að umgangast þetta og gera betur í framtíðinni," segir Jóhann sem er einn þriggja bræðra í sjö systkina hópi. „Ég smitaðist strax af veiðibakteríunni og fór með pabba á rjúpu, gæs, önd, svartfugl og allan pakkann. Bráðin var svo borðuð heima og á haustin undantekningarlaust fyllt, sviðin gæs á sunnudögum, en það er matur sem mamma þolir ekki í dag, enda hálfgerður viðbjóður, sviðin með olíulömpum. Þarna var bara allt nýtt úr náttúrunni, enda sjö svanga barnsmunna að metta og þá veitt til matar í búrið," segir Jóhann sem enn veiðir mest á Vesturlandi, þar sem hann þekkir fjöllin vel.



**SKAPANDI** Jóhann nýtir villibráð á nýstárlegan máta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## *Salat hússins*

### *með heitreyktri villigæsabringu*

**Blandað salat**
**Niðursneidd villigæsabringa**
**Ristuð graskersfræ**
**Parmesan-ostur**
**Basilolía**
**Salt og pipar**
**Hindberjavinagrette**

Að heitreykja gæs, er dálítið flókið, að sögn Jóhanns, en það er gert í sértilgerðum reykkassa sem knúinn er af gasspíssum. Þá eru hreinar gæsabringur látnar liggja í grófu salti í klukkutíma, en síðan skolaðar og kryddaðar eftir smekk hvers og eins. Jóhann mælir með timian, örlitlu rósmarín, fennel og sykri til móts við saltið. Bringurnar eru þá settar í reykkassa í 12-20 mínútur, en í raun þarf hver og einn að finna út rétta tímann, þar sem reykkassar eru mismunandi í stærð og vinnslu.



**SMÁRÉTTA NOTIÐ MEÐ VÍNI** Antipasto er upprunalegur forréttur ítalskrar máltíðar en orðið má þýða sem „á undan máltíð". Hans er notið með drykk áður en borðhald hefst, oft áður en gestir setjast. Antipasto getur innihaldið ýmislegt en þó oftast þunnt skorna hráskinku, kryddpylsur, oft reyktar eins og pepperoni, osta og ólífur og saltar flögur. Marinerað grænmeti, svo sem tómata, er að finna á diskinum og er ólífuolíu gjarnan hellt yfir. Ekki er ætlast til að gestir borði sig sadda af antipasto, réttinum er ætlað að vekja bragðlaukana og rétt seðja sárasta hungrið áður en sest er til borðs.










**STOLTUR SIGURVEGARI** Gústav með verðlaunagripinn úr keppni um matreiðslumann ársins sem fór fram á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Forskot á sæluna

**Gústav Axel Gunnlaugsson, nýkrýndur matreiðslumeistari ársins, gefur uppskrift að tveimur ljúffengum súpum.**

Báðar eru þær mjög góðar og eins uppfullar af alls kyns hráefni sem núna er í „season“,“ segir Gústav Axel Gunnlaugsson, matreiðslumaður á Fiskfélaginu, um tvenns konar súpur – skelfisksúpu með kræklingi og humri og villisveppasúpu – sem hann gefur hér uppskriftir að.

Súpurnar segir hann hentugar í forrétti. „Skelfisksúpan er flott sem forréttur með öðru í matarklúbbnum í haust og vetur. Í hina setti ég villisveppi svo hún fer vel með villibráð og negullinn í henni minnir svolítið á jólin. Villisveppasúpan er því ákveðið forskot á sæluna en hentar auðvitað engu að síður vel með öðrum kræsingum í desember,“ segir hann og bætir við að báðar sé auðvelt að útbúa.

Gústav ætti að vita hvað hann syngur enda nýkrýndur matreiðslumeistari ársins. „Þetta var ótrúlega ljúft,“ segir hann um sigurinn í keppninni sem fór fram í Smáralind. Þar fengu keppendurnir það hlutverk að búa til mat út frá fyrirframgefnum þriggja rétta matseðli, sem samanstóð af bleikju og humri í forrétt, svínasíðu og gæs í aðalrétt og skyri með jarðarberjum og heslihnetum í eftirrétt. Gústav bætti svo sínu eigin handbragði við réttina og það tryggði honum sigur í keppninni.

## *Tvær gómsætar súpur*

### *að hætti Gústavs Axels Gunnlaugssonar*

fyrir 6-8 manns



**SKELFISKSÚPA MEÐ HUMRI OG KRÆKLINGI**

**4 stk. shallotlaukur**
**1 stk. hvítlausgeiri**
**1 stk. gulrót**
**humarskel af 20 humarhölum**
**200 g íslenskur kræklingur**
**1 msk. tómatmauk**
**1 stk. engiferrót**
**500 ml Chablis hvítvín**
**3 l rjómi**
**250 g smjör**
**2 stk. sítrónur**
**salt og pipar**



Saxið shallotlauk og hvítlauk ásamt gulrót og engifer og steikið í potti, en notið lítið af jurtaolíu. Setjið svo humarskeljarnar út í og svitið með tómatmauki í um það bil 3-4 mínútur. Hellið svo hvítvíninu út í ásamt kræklingnum og látið sjóða niður um helming. Setjið rjómann út í og sjóðið niður um helming. Sigtið svo súpuna, kreistið sítrónusafa út í og smjörið og smakkið til með salti og pipar. Gústav segir tilvalið að bera súpuna fram með brauði og köldu hvítvíni.

**SVEPPASÚPA ÚR ÍSLENSKUM SVEPPUM OG NEGUL (sérrí Bristol Cream)**

**3 box flúðasveppir**
**1 stk. laukur**
**1 stk. hvítlauksgeiri**
**2-3 greinar garðablóðberg**
**4-5 stk. negulnaglar**
**200 ml sérrí (Bristol Cream)**
**2 l rjómi**
**100 g smjör**
**20 ml sérríedik**
**salt og pipar**



Saxið lauk og hvítlauk ásamt sveppunum og steikið saman í potti. Setjið þá garðablóðberg út í ásamt negulnöglum og sérríi og látið sjóða í 3-4 mínútur. Hellið svo rjómanum út í og látið sjóða niður um helming. Sigtið þá súpuna og setjið smjör út í og smakkið til með ediki, salti og pipar. Að sögn Gústavs er gott að bera súpuna fram með brauði og þeyttum rjóma.








# ÍTALÍA





## Kjöraðstæður til ræktunar

Ítalía hefur jafnan verið nefnd til sögunnar sem annar af tveimur risum í vínheiminum, hitt landið er Frakkland. Á það hefur verið bent að Ítalía sé í raun einn stór víngarður sem nái allt frá norðri til suðurs, þar sem allar kjöraðstæður til víngerðar eru til staðar. Óháð því hvort viðkomandi vínviður þarf svalt, heitt, þurrt eða rakt loftslag eru bestu ræktunarskilyrði til staðar einhvers staðar í landinu. Vínmenning á sér því langa sögu í landinu og Ítalir eru taldir hafa flutt með sér þekkingu á víngerð til annarra landa í Evrópu, en þegar veldi keisaranna stóð sem hæst sendu þeir heri sína í vestur og norður til að sölsa undir sig lönd. Hermennirnir höfðu jafnan með sér góð vín og þannig barst þekkingin smám saman til annarra þjóða. Fáir eru þó taldir hafa jafn mikla reynslu og þekkingu á framleiðslu vína og þessi sælkeraþjóð.



**FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI** Piccini-fjölskyldan hefur framleitt vín síðan seint á 19. öld. NORDICPHOTOS/GETTY

# Unnið af lífi og sál

**Piccini-fjölskyldan leggur alúð við vínrækt á ekrum sínum í Chianti í Toskana á Ítalíu.**

Á Ítalíu er engin sveit svo lítils megnug að státa ekki af sínu eigin víni, sem eru oft framleidd úr þrúgum sem hvergi annars staðar er að finna heldur en einmitt á því svæði. Toskana, Veneto og Piemonte yfirgnæfa önnur héruð hvað gæði varðar en frá þeim koma vönduð vín á borð við Barolo, Barbaresco, Amarone, Brunello di Montalcino og Vino Nobile di Montepulciano. Þessi vín hafa til fjölda ára verið talin meðal bestu rauðvína í heiminum, en rauðvín eru einmitt talin vera ær og kýr ítalskrar vínræktar.

Ítalir hafa líka framleitt ódýr vín til hversdagsnota, þar sem almenningur á Ítalíu drekkur gjarnan vín eins og Íslendingar nota vatn eða mjólk. Í því samhengi má nefna hversdagsvín á borð við Lambrusco, Valpolicella og Chianti frá Piccini. Chianti er einmitt svæði í Toskana, vínekrur sem hafa verið í eigu Piccini-fjölskyldunnar frá 19. öld, eða árinu 1882.

Piccini-fyrirtækið var stofnað af ættföðurnum Angiola Piccini en er nú rekið af langafabörnum hans, Mario og Martinu Piccini, sem hafa enn í heiðri kjörorð Angiola: „Ekki skiptir máli hversu miklu þú áorkar, heldur hversu mikið þú leggur í vinnuna.“ Þessi fleygu orð vísa í stærð Chianti-vínekrunnar, sem náði upphaflega yfir aðeins sjö hektara, og þótt fjölskyldan hafi með tíð og tíma lagt stærra landsvæði undir framleiðsluna eru þetta enn einkunnarorð sem hún notar yfir vínin, sem eru þekkt fyrir gæði.



**NÁTTÚRUFEGURÐ** Toskana-hérað á Ítalíu er rómað fyrir fegurð. Þaðan koma líka ýmsar þekktar víntegundir.

## 7 RAUÐVÍN | 1 HVÍTVÍN




**PICCANTI RAUÐVÍN 3.LITR**
Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Kirsuber, lyng, jarðartónar. 5.998 kr.




**PICCANTI HVÍTVÍN 3.LITR**
Ljóssítrónugult, létt meðal fylling, þurrt, ferskt. Epli, hýðistónar. 5.798 kr.

**PICCINI ORGANCI RAUÐVÍN LÍFRÆNT – RÆKTAÐ**
Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Rauð ber, brómber, krydd. 1.899 kr.

LÍFRÆNT RÆKTAÐ







**PICCINI CHIANTI RAUÐVÍN**
Kirsuberjarautt. Létt fylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Skógarber, laufkrydd, kirsuber, eik, vanilla. 1.779 kr.




**PICCINI ORANGE BLANCO HVÍTVÍN**
Fölsítrónugult, létt fylling, þurrt, ferskt. Ljós ávöxtur, melóna, stjörnuávöxtur 1.450 kr.




**PICCINI ORANGE ROSSO RAUÐVÍN**
Ljóskirsuberjarautt, létt fylling, þurrt, ferskt, lítið tannín. Rauð ber, lyng. 1.398 kr.

LÍFRÆNT RÆKTAÐ




**MAMMA PICCINI RAUÐVÍN**
Kirsuberjarautt, meðal fylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Skógar ber, lyng, vanilla. 1.490 kr.

**PICCINI ORGANIC 2.LITR BOX RAUÐVÍN LÍFRÆNT – RÆKTAÐ**
Kirsuberjarautt, létt fylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Skógarber, jörð, lyng, sveit. Verð: 4.298 kr.

LÍFRÆNT RÆKTAÐ



# BESTI bitinn



**HOLLT OG GOTT** „Ég fór nýlega í fyrsta sinn á Kryddlegin hjörtu, sem er svona súpustaður niðri á Skúlagötu og hann er frábær hádegisstaður fyrir þá sem eru að flýta sér en langar ekki í eitthvert rusl. Góðar hollar súpur og salatbar og æðislegt brauð og hummus og svona. Ég fékk mér gulrótarsúpu og þetta fína grófa brauð og fullt af salati og hummus. Manni líður svo vel eftir svona hollan mat. Ég mæli með þessu hiklaust.“

*Esther Talía Casey leikkona*



**Í ELDHÚSINU HEIMA** „Ég er voða lítið í því að borða annars staðar en heima hjá mér. Best finnst mér létt AB mjólk með múslí í hádeginu í eldhúsinu mínu. En langi mig að gera virkilega vel við mig og okkur hjónin þá förum við á Austur-Indíafélagið.“

*Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur*



**ÆÐISLEG KJÚKLINGAPITSA** „Kjúklingapitsan á Saffran er æðisleg. Ég fæ mér hana dálítið oft.“

*Lovísa Ósk Gunnarsdóttir dansari*


MYNDAVÉLARÝMING
LOKADAGUR Í DAG

Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn.
RÝMINGUNNI LÝKUR Í DAG!



CASIO JVC Nikon OLYMPUS Panasonic TOSHIBA

VERÐ FRÁ KR. 9.990

Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!
Opið í dag laugardag 10 - 16

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR



Fræðandi lesning um vín og mat

Fylgir næst með Fréttablaðinu
laugardaginn 30. október og 18. desember

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband: Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is

Vín&veisla

„Þá var ég með íslenskan hóp á Mont Blanc í mjög tvísýnu veðri alla vikuna og erfitt að hitta á rétta daginn til að toppa fjallið. Sökum afleitrar veðurspár þurftum við að flýta toppdeginum og þann dag voru yfir 200 manns að reyna við fjallið á sama tíma. Við vorum tíu manna hópur og fimm leiðsögumenn í leiðinda snjókomu og skafrenningi, en engin stórhætta á ferðum. Þann daginn sneru allir til baka nema við, og Íslendingarnir voru eina fólkið sem fór á tind Mont Blanc þann daginn. Ástæðan? Þeim þótti sjálfsagt að berjast úti í engu skyggni og mikilli úrkomu. Íslendingar eru því sannir víkingar og það er staðreynd að þeir eru harðari af sér en aðrir. Það sér maður aftur og aftur í þessum ferðum.“

Jökull segir upplifun Íslendinga á fjallamennsku í Ölpunum af allt öðrum toga en heima á Íslandi.

„Heima sækjum við í einangrun fjalla og stöndum kannski alein í heiminum á okkar tindi, en í Ölpunum er mannmergð og oftast yfir 300 manns að reyna við Mont Blanc á degi hverjum yfir sumartímann. Ég segi því fólki að fara með því hugarfari að upplifa alvöru fjallamenningu því hvergi annars staðar í heiminum upplifir fólk návígi við hundruð manna líkt þenkjandi sjálfu sér og að stunda sitt áhugamál. Og að fara í aldagamla fjallaskála í 3.000 metra hæð, þar sem öll aðföng eru flutt með þyrlum, sitja yfir rauðvíni og góðum mat með fólki alls staðar að úr heiminum að spjalla um fjöll og klifur í hrikalegri og undurfagurri náttúru er ótrúleg upplifun. Því smitast menn af fjallabakteríunni og koma aftur og aftur í Alpana,“ segir Jökull, sem farið hefur með yngstan fjallgöngumann sinn á sextánda ári og þann elsta um sjötugt.

„Flestir eru á milli fertugs og fimmtugs, og alltaf aðeins fleiri karlar. Eftir hnúkvæðinguna hefur þó mikið bæst við af pörum, enda fátt rómantískara en að sofa við hliðina á fimmtíu sveittum og hrjótandi útlendingum í þétt skipuðum kojum fjallaskála!“

Heimasíða Jökuls er www.bergmenn.com. *- þlg*



**TOPPNUM NÁÐ** Óserhlífnir Íslendingar á lokaskrefunum að toppi Mont Blanc.



## AÐEINS FYRIR AFREKSMENN

UIAGM-IFMGA-IVBV eru alþjóðasamtök fjallaleiðsögumanna sem setja reglur og viðmið um þjálfun og reynslu fjallaleiðsögumanna. Þjálfunar- og prófaferlið er gríðarlega strangt, og það erfiðasta og jafnframt virtasta í heiminum. Krafist er sérhæfingar á fjórum sviðum fjallamennsku: klettaklifri, ísklifri, fjallamennsku og fjallaskíðun. Reikna má með að tíu ár líði frá því einstaklingur hefur þjálfun og þar til hann hefur lokið síðasta prófi. Ísland er ekki meðlimur í samtökunum og Jökull Bergmann jafnframt eini Íslendingurinn sem lokið hefur UIAGM-prófi.

Krókur á móti kreppu!
Kiljutilboð allan október
þrjú verð: *490.-, 990.-* og *1.490.-*
IÐA
Bleika slaufan fæst hjá okkur



Lækjargata 2a 101 R. sími 5115001 opið alla daga 9 til 22

# HJÓLAÐ VIÐ SIGNU

Kaupmannahöfn er ekki eina borgin sem þægilegt er að hjóla í eins og *Sigríður Björg Tómasdóttir* blaðamaður Fréttablaðsins komst að þegar hún sótti Parísarborg heim á dögunum.

Bernard Delanoi, sósíalisti og borgarstjóri Parísar, lét árið 2007 þann draum rætast að gera hjól aðgengileg öllum borgarbúum gegn vægu gjaldi. Hjólaleigukerfinu Velib var hleypt af stokkunum um mitt sumar, tíu þúsund hjól sett í umferð á 750 stöðvum þar sem pláss er fyrir 15 hjól á hverri og einni.

Nú þremur árum síðar eru hjólin orðin tuttugu þúsund og stöðvarnar í París sjálfri, hverfunum tuttugu sem borgin er samsett úr, eru að nálgast tvö þúsund.

Sú sem þetta ritar hafði rekist á umfjöllun um Parísarhjólin og var harðákveðin í að prófa að hjóla í þessari fornu og fallegu borg. Á sunnudegi eftir göngutúr um eyjarnar á Signu, Ile St-Louis og Ile de la Cité, var látið til skarar skríða. Vopnuð kreditkorti fann ég hjólagrind, sem var auðvelt því þær eru út um allt. Þar voru nokkur hjól og þegar ekki gekk að rífa þau laus úr grindinni, þó að ég veifaði kreditkorti í allar áttir, höfðu mér næstum fallist hendur. Ég var farin að svipast um eftir aðstoð þegar þolinmóðari samferðamaður sá upplýsingaskilti. Þar reyndist mjög auðvelt að fylgja leiðbeiningum, eftir að kreditkorti hafði verið stungið í þar til gerða rauf, leiddi eitt af öðru og hægt var að velja sér hjól. Leigan er lág, 1 evra fyrir daginn, lækkar ef lengri tími er valinn, fyrsti hálftími er ókeypis en eftir það kostar klukkutíminn evru. Ef hjólinu er ekki skilað eru 150 evrur dregnar af kortinu. Maður velur sér lykilorð, og fær kvittun með númeri sem maður notar þegar hjólinu er skilað, en þetta er allt mjög einfalt í framkvæmd.

Hjólin sjálf eru mikil gæðahjól, þriggja gíra þung hjól, með körfu og ljósi, framleidd af franska fyrirtækinu Mercier í Ungverjalandi.

Eftir glímuna við að ná í hjólið var lagt af stað meðfram Signubökkum. Það var frábært að hjóla í rólegheitum en ná samt alla leið að Eiffelturninum á tiltölulega skömmum tíma, komast hratt yfir og njóta útsýnisins um leið. Hjólreiðamenn nota göturnar, enda eru mjög víða sérmerktar hjólareinar á götunum. Á sunnudegi var umferðin ekkert sérstaklega mikil og það var mjög auðvelt að komast leiðar sinnar. Frá Eiffelturninum lá leiðin í Latínuhverfið í gegnum Montparnasse-hverfið. Hjólagrindur Velib voru á hverju strái þannig að þegar hungur og þorsti fóru að segja til sín var ekkert mál að losa sig við gripinn. Fyrir valinu varð stöð Rue de la Harpe, alveg við St. Germain-breiðgötuna og þar reyndist vera fyrirtaks bistró þar sem kræklingur í hvítvíni og creme brulée urðu fyrir vali ánægðra hjólreiðakappa. En það er önnur saga. *- sbt*


Finn ferðamáti! Sigríður varð sér úti um gæðahjól í París.


**TÁKN BORGARASTÉTTAR?** Hjólakerfið Velib hefur reynst Parísarborg dýrara en talið var í upphafi. Ástæðan er sú að miklu fleiri hjólum hefur verið stolið og fleiri skemmd en gert hafði verið ráð fyrir. Reiknað hafði verið með svipuðum afföllum og í Lyon, þar sem sambærilegt kerfi er við lýði, en sú varð ekki raunin. Fyrsta árið var 3.000 hjólum stolið. Í ágúst 2009 höfðu 16.000 ný hjól verið sett í umferð en kerfið er talið kosta um 230 milljónir á ári. Fræðimenn hafa leitt að því líkur að fátæk ungmenni í úthverfum Parísar hafi átt töluverðan þátt í skemmdarverkunum og séu með því að tjá andúð sína á borgarastétt Parísar, aðalnotendum hjólanna. *Heimild: Wikipedia*

## AÐRAR LEIÐIR

**ÞAÐ ER MJÖG AUÐVELT AÐ KOMAST LEIÐAR SINNAR Í PARÍSARBORG. ÞEIR SEM HAFA EKKI ÁHUGA Á AÐ STÍGA Á GRÁAN HJÓLAFÁK HAFA ÚR NOKKRUM MÖGULEIKUM AÐ VELJA:**





**TVEIR JAFNFLJÓTIR** Það er mjög þægilegt að fara ferða sinna fótgangandi og þannig er hægt að virða fyrir sér fólk og mannvirki í mestu makindum. Ferðir á milli staða taka þó vissulega lengri tíma.

**NEÐANJARÐARLEST** Neðanjarðarlestarkerfi Parísarborgar, metró, er afar þægilegt og auðskiljanlegt jafnvel mestu korta- og leiðbeiningaaulum. Stutt er á milli lestarferða og hægt er að komast bæjarenda á milli á stuttum tíma. Kort af metrókerfinu er í flestum ferðahandbókum og kortum af París.



**STRÆTÓ** Fyrir næturhrafna er gott að vita að þegar metróið hættir að ganga eru næturstrætóar á ferðinni (nánari upplýsingar á www.noctilien.fr). Á daginn eru líka strætóar á ferðinni, en metrókerfið er einfaldara.

**LEIGUBÍLAR** Leigubílar eru úti um allt og geta verið góður kostur fyrir þá sem eru með fangið fullt af verslunargóssi.

**TIL OG FRÁ FLUGVELLINUM** Þegar komið er til Parísar er hægt að taka lestina inn í borg og sniðugt að fara úr á Gare de Nord þaðan sem lestir ganga til allra átta. Þessi túr kostar tæpar 9 evrur. Sum hótel bjóða upp á hótelskutl og er vert að athuga það. Annars kostar leigubíll 55 evrur, sem er ekki mikið dýrara en lest ef margir ferðast saman.

ROKKTÓBER FEST 2010
Á SÓDÓMU
30.9 – 2.10
X 97·7
midi.is

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...



VITA – ferðaskrifstofa á traustum grunni

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Kanarí í vetur með VITA

Vinsælustu gististaðir á Kanarí undafarin ár
Barbacan Sol, Teneguia, Parque Cristobal, Los Ficus, Amazonas og Roque Nublo.

Aðeins hjá VITA

## Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

29. mars til 5. apríl

**Verð frá 104.510 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

*M.v. 3 fullorðna í íbúð. *Verð án Vildarpunkta 114.510 kr.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð 111.650 kr.
og 15.000 Vildarpunktar.

Innifalið er flug, flugvallarskattar og gisting.
*Verð án Vildarpunkta 121.650 kr.

**Flugsæti:**

**Verð frá 77.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

27. nóv. Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.
*Verð án Vildarpunkta 87.500 kr.

### Flugáætlun Kanarí

30. okt. uppselt
27. nóv.
11. des.
21. des. uppselt
5. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
15. feb. uppselt
1. mars uppselt
17. apr.



## Gönguferðir fyrir alla!

VITA býður nú upp á nýjung fyrir farþega sína og er það sól, afslöppun og skipulagðar gönguferðir með íslenskum fararstjóra.

Í þessum ferðum eru skipulagðar sex mismunandi gönguferðir sem eru við flestra hæfi. Gengnir eru um 7–10 km hvern dag, eða í þrjá og hálfan til fjóra og hálfan tíma. Mest er gengið á góðum stígum og eftir leiðum þar sem liggja ekki mikið upp í móti. Gist er á hótel Las Camelias sem er íbúðarhótel í hjarta Ensku strandarinnar.

27. nóvember í 14 nætur

**Verð frá 130.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna í íbúð. Flug, flugvallaskattar, gisting í íbúð á Las Camelias og sex mismundandi gönguferðir undir leiðsögn íslensks fararstjóra.
*Verð án Vildarpunkta 140.500 kr.



## Beint morgunflug, glæsilegur flugkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.
**Vinsamlegast athugið:** Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi

## Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

**Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.**
Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51826 10.2010

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita

# STAÐREYNDIR UM ... PÁSKAEYJU







- Páskaeyja er örlítil einangruð eyja í Kyrrahafi, tæplega 4.000 kílómetra fyrir vestan Chile í Suður-Ameríku.
- Eyjan er aðeins 164 ferkílómetrar, tvöfalt stærri en Þingvallavatn.
- Hæsti tindur eyjarinnar er Rano Aroi, sem er 539 m hár, en á eyjunni eru þrjú kulnuð eldfjöll.
- Fornleifar benda til þess að eyjan hafi verið uppgötvuð af Pólynesíumönnum um 400 árum eftir Krist en hafi verið numin um 700-1100 eftir Krist.
- Hollendingar voru fyrstu Evrópubúarnir sem heimsóttu eyjuna, það var árið 1722.
- Eyjan var nefnd Páskaeyja vegna þess að Hollendingarnir komu þangað á páskadag.
- Á máli frumbyggja nefnist eyjan Rapa Nui sem þýðir mikla Rapa, eða Te Pito te Henua, sem merkir nafli heimsins.
- Fljótlega eftir að eyjan var numin fóru eyjarskeggjar að reisa styttur í stórum stíl og skógareyðing hófst. Um 1650 var eyjan orðin trjálaus.
- Nærri 900 styttur og styttubrot hafa verið skráð en þar af eru tæplega 400 enn í aðalnámunni. Aðeins 134 styttur eru nú nokkurn veginn heillegar en hinar hafa brotnað.
- Meðalstyttan er tæplega 5 metrar á hæð og vegur 14 tonn en þær stærstu eru allt að tíu metra háar og vega 80 tonn.
- Talið er að 50 til 150 manns hafi þurft til að flytja stytturnar á sleðum og trjástofnum.
- Innfluttir sjúkdómar, erjur ættflokka og matarskortur léku þjóðina grátt og stór hluti hennar var hnepptur í þrældóm á 19. öld.
- Páskaeyingar, sem voru um 7.000 til 9.000 talsins áður en Evrópumenn komu þangað voru aðeins 250 í byrjun 20. aldar. Árið 2009 voru íbúar Páskaeyju 4.781 talsins.
- Páskaeyjar fóru á heimsminjaskrá UNESCO árið 1995.


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00




**ENSKA DEILDIN SÓTT HEIM** Framboð á ferðum á leiki í ensku knattspyrnunni hefur verið sérstaklega gott síðustu árin og sérstakar deildir innan ferðaskrifstofa hérlendis hafa skipulagt slíkar ferðir. Stærri hópar geta oft fengið sérstakar pakkaferðir þar sem flug, hótelgisting og miðar á leiki er innifalið í heildarverðinu. Auk þess eru ferðirnar sumar hverjar farnar í samstarfi við íslenska stuðningsmannaklúbba stærstu félaganna.



**SIGLT UM HEIMSINS HÖF** Filippseyskar áhafnir hafa undanfarið vakið nokkra athygli fyrir að sigla nákvæmum eftirlíkingum af fornum filippseyskum bátum um Suðaustur-Asíu. Tilgangurinn með förinni er að sigla sömu leið og forfeðurnir gerðu á öldum áður. Áhafnirnar fá hvorki að reiða sig á nútímatækni né vélar meðan á siglingunni stendur heldur verða eingöngu að treysta á afstöðu sólar og stjarna og fugla til að komast leiðar sinnar. Myndin er tekin um það leyti sem bátarnir komu í land í Singapúr en þaðan liggur leiðin til Taílands, Kambódíu og Víetnams.



**Að hætti forfeðranna** Tilgangurinn með förinni er að sigla sömu leið og forfeðurnir gerðu í eina tíð. NORDICPHOTOS/AFP

Afmælis veislunni lýkur!

Loka helgin

30.09 - 02.10

Öllu tjaldað til!

epal

35 ÁRA 1975 2010

Ýmislegt óvænt

Allskonar tilboð

15-70% afsláttur

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



**Strætóferðir** Góð leið til að kynnast borginni. NORDIC PHOTOS/GETTY

## LISTAHÁTÍÐ Í RUHR

Listahátíðin Ruhr Triennale stendur yfir í Ruhr í Þýskalandi fram í október. Í tilefni af því létu yfirvöld í Oberhausen lífga upp á nokkrar lestir, mála þær gylltar og innrétta vagnana upp á nýtt út frá ólíkum þemum. Lestirnar munu fara þrettán sinnum gegnum Ruhr þar sem hver ferð er tileinkuð tilteknu þema. Meðfylgjandi mynd er innan úr vagni í einni uppgerðu lestinni, svokölluðum hvítum vagni, þar sem gestir geta notið tónlistaratriða meðan þeir ferðast.



**Flottur ferðamáti** Lestarvagninn hefur verið innréttaður upp á nýtt í tilefni af listahátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## SJÁ SEM MEST Á STUTTUM TÍMA

Í stuttum skreppitúrum til erlendra borga er stundum tæpt að koma öllu því fyrir sem mann langar til að gera. Þó að skipulagðar útsýnisferðir með tveggja hæða strætó hljómi lummó í eyrum margra er þær samt fljótleg leið til að sjá mikið af borginni á stuttum tíma og fræðast aðeins í leiðinni. Það er líka hægt að hoppa af vagninum þegar manni sýnist og óþarfi að sitja allan túrinn. Útsýnisferðirnar geta þó kostað einhverja aura. Þá er líka ágætis leið að kaupa sér far með venjulegum strætó og sjá þannig eitthvað af borginni á klukkutíma, án leiðsagnar þó.

## AÐVENTUFERÐ TIL BERLÍNAR

Berlínarferðir í byrjun aðventunnar hafa notið vinsælda síðustu árin en Express ferðir hafa staðið fyrir slíkum ferðum sem farnar eru með fararstjóra. Ferðin í ár er farin 3. desember og gist er þrjár nætur á fjögurra stjörnu hóteli á Alexanderplatz en þar á torginu er einmitt sérstaklega skemmtilegur jólamarkaður. Fararstjóri í ferðinni er Lilja Hilmarsdóttir en í ferðinni verður meðal annars fjölmennt á þýskt jólahlaðborð.



**Jólastemning** Nokkrir jólamarkaðir verða heimsóttir í ferð Iceland Express til Berlínar. NORDIC PHOTOS/GETTY

flugrútan

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Alltaf laus sæti
www.flugrutan.is

Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 28. mars til 30. október 2010.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* |
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00* | 06:00* | 06:00* | --- | 06:00* | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 |
| 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 16:00* | --- | --- | 16:00* | --- | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 |
| 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 |
| 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 |

*29. maí - 7. september 2010.



Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
580 5400
main@re.is / www.re.is

Bókaðu núna á www.flugrutan.is

Bókaðu núna í síma 580 5450

EXPO - www.expo.is

# FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI




## NÚ Á SÉRSTÖKU TILBOÐI

| Whirlpool frysti-kistur | Lítrar nettó | Hæð í sm | Breidd í sm | Dýpt í sm | Körfur | Skil-rúm | Ljós | Frystig. 24 klst. | Orkufl. | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐS VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFG610MB | 103 | 85 | 53 | 58 | 1 | Nei | Nei | 7,5 kg | B | Kr. 69.995 | **Kr. 59.995** |
| AFG6142B | 138 | 88,5 | 57 | 67 | 1 | Nei | Nei | 11 kg | B | Kr. 79.995 | **Kr. 69.995** |
| AFG6222B | 212 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Nei | 14 kg | B | Kr. 84.995 | **Kr. 74.995** |
| WH2010A | 204 | 86,5 | 80,6 | 64,8 | 1 | Nei | Nei | 15 kg | A+ | Kr. 89.995 | **Kr. 79.995** |
| AFG6262B | 258 | 88,5 | 95 | 66 | 1 | Nei | Já | 18 kg | B | Kr. 89.995 | **Kr. 84.995** |
| AFG6323B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 1 | Nei | Nei | 24 kg | B | Kr. 99.995 | **Kr. 94.995** |
| AFG6492B | 400 | 88,5 | 134 | 66 | 4 | Já | Já | 25 kg | B | Kr. 119.995 | **Kr. 109.995** |
| AFG6592B | 503 | 88,5 | 163 | 66 | 5 | Já | Já | 30 kg | B | Kr. 129.995 | **Kr. 119.995** |

## ALLAR STÆRÐIR – ALLAR GERÐIR

*FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ*

Whirlpool

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**ÚTSÝNI YFIR ARNARHÓL** „Það er frábært að fylgjast með mannlífinu á Arnarhóli," segir Regína Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, sem getur ekki kvartað yfir útsýninu úr skrifstofunni sinni. „Áður sá ég yfir tónlistarhúsið og fylgdist með því í hruninu þegar framkvæmdir nær stöðvuðust. Nú horfi ég yfir hólinn og get vottað að hann er mikið notaður." Skrifstofa Regínu er snyrtileg og skipulögð, er það venjan? „Ég er skipulögð en yfirleitt þekja nú staflar af skjölum borðið," segir Regína, sem er að fara að vinda sér í vinnu við næstu peningamál Seðlabankans. „Gögnin sem ég vinn með eru flest í tölvunni," segir Regína, sem safnar aðallega í hillur hagfræðiritum, gömlum Peningamálum Seðlabankans og á veggi listaverkum dætranna. Á skrifstofunni er líka að finna minjagrip frá veru Regínu í Gvæjana. „Samuel Hinds, forsætisráðherra Gvæjana, gaf mér þennan platta þegar ég lauk störfum fyrir Sameinuðu þjóðirnar þar í landi." FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HELDUR UPP Á HANDBÆKUR** „Þetta er gömul skrifstofa eins og sést," segir Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna. „Hér eru margir munir sem fylgt hafa samtökunum um skeið, til dæmis brjóstmynd af Sigurði Sigurðarsyni, fyrrverandi búnaðarmálastjóra, og Sleipnisbikarinn sem veittur hefur verið fyrir besta íslenska kynbótahrossið síðan 1947. Þessir hlutir fara vel hér ásamt listaverkum dóttur minnar og ýmsu öðru. Gögnin sem ég nota eru nú aðallega í tölvunni, en ég vinn líka með málsskjöl og gögn sem ég raða í möppur og hef við hendina. Ég held líka upp á handbækur og er með talsvert af þeim," segir Eiríkur, sem kveðst ekki vera alveg jafn mikill snyrtipinni og myndin gefur til kynna, yfirleitt sé borðið hans þakið gögnum í litlum bunkum. „En ég finn alltaf það sem ég þarf." FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hitt heimilið

Margir eyða lunganum úr deginum í vinnunni, við skrifborðið og fyrir framan tölvuna. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** leit í heimsókn á vinnustaði fjögurra einstaklinga sem fást við ólíka hluti og hafa allir skipulagt umhverfi sitt eftir sínu höfði.





**HUGMYNDIR KVIKNA Í HEIMILISLEGU UMHVERFI** „Við vildum gera húsnæði fyrirtækisins heimilislegt, þannig væri það ekki dæmigert skrifstofuhúsnæði. Við innréttuðum einnig mikið með notuðum húsgögnum, sem við fundum til dæmis í Góða hirðinum," segir Svanhildur Sigurðardóttir hjá Auði Capital. Svanhildur vann mikið með innanhússhönnuði fyrirtækisins, Hönnu Stínu. „Það er alveg magnað hvað fundir í litla fundarherberginu verða til dæmis öðruvísi en hefðbundnir fundir, það kvikna öðruvísi hugmyndir í svona heimilislegu umhverfi," segir Svanhildur, sem situr ásamt Guðlaugu Kristínu Pálsdóttur og Þórönnu Jónsdóttur í heimilislegu afdrepi fyrirtækisins. Til að undirstrika heimilislegan anda á skrifstofunni hefur myndum af börnum og barnabörnum starfsmanna fyrirtækisins verið komið fyrir í móttökunni, gestum og gangandi til ánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**ENDURSPEGLAR HUGANN** „Ég veit hvar allt er hérna, en það gæti líklega enginn annar gert það," segir Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands. „Ég hef sankað að mér bókum og þær eru hér í hillunni fyrir aftan mig, mér finnst gott að grípa í þær. Einnig til dæmis bækur um leturgerð, þó að ég noti netið líka. Umhverfi mitt endurspeglar algjörlega hvernig ég hugsa, og þannig er innihaldið í tölvunni minni einnig skipulagt. Enda held ég að enginn myndi rata hér eins og ég." Myndir prýða veggi vinnustofunnar og styttum héðan og þaðan er raðað á hillu. „Þær hafa sumar bara endað þarna," segir Goddur, sem vinnur ekki alltaf á vinnustofunni sinni – en þó oftast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN









# 100

Við höfum náð þeim frábæra árangri að prenta 100 bókatitla það sem af er þessu ári.

Við leggjum mikla áherslu á áreiðanleika, að varan standist ýtrustu gæðakröfur og sé afgreidd á réttum tíma.

Við bjóðum hagstæð verð, fínpússuð í 133 ár.

**Metnaður, áreiðanleiki og hagkvæmni eru gildi Ísafoldarprentsmiðju.**



100. bókin á þessu ári er *„Elskar mig - elskar mig ekki"* sem Forlagið gefur út. Hér tekur Jón Ellert Sverrisson framleiðslustjóri Forlagsins á móti bókinni úr hendi Gunnars Haraldssonar sölustjóra Ísafoldarprentsmiðju.




ELSKAR MIG - ELSKAR MIG EKKI
Fræst í kjöl
Innsíður prentaðar á 100gr. Munken Print Cream
Kápa prentuð á 240gr. Chromocard
Kápa m/vængjum, mattlamineruð og Spot UV lökkuð

Reynsla í 133 ár

ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 - 210 Garðabær
Sími 595 0300 - www.isafold.is



1 Hvað er fegurra en haustmorgunn á Húsavík? Ef ég ætti betri myndavél væru öll orð óþörf. Vá, hvað ég kem hamingjusöm í vinnuna, uppfull af þingeysku lofti!



2 Stafla í stæður, harkan ræður ... eins og átrúnaðargoðið söng. Stranglega bannað að segja brandara þegar pönnum barmafullum af mör er staflað í rekka, verkið krefst mikillar samhæfingar, einbeitingar og góðs líkamlegs atgervis.



3 Taka hrút og skera ... pungateymið að störfum. Einar, Diddi og ég.

# Með þingeyskt loft í lungum

Sláturtíð stendur sem hæst og **Solveig Thoroddsen** myndlistarkona dreif sig norður til Húsavíkur á sláturvertíð í Sláturhúsi Kaupfélags Þingeyinga. Lesendur Fréttablaðsins fá hér að fylgjast með miðvikudegi í lífi hennar frá morgni til kvölds.

**MYNDBROT ÚR DEGI | Miðvikudagur 29. september | Myndir teknar á Polaroid 832**








4 Nafngift Aðaldalsins er sko ekkert út í bláinn. Við Kristín herbergisfélagi í 322 (prinsessusvítunni á Fosshóteli) rúntum um sveitina fögru, stöldrum við í hinni fornu Hraunsrétt (ég hugsa aðeins um örlög kinda) og ...



5 ... endum í góðum kaffisopa hjá samstarfskonu okkar, Ragnheiði í Klambraseli.



6 Heyri hljóðið í krökkunum mínum og kemst að því að það er mjög gott, þrátt fyrir móðurleysið. Tel kindur inn í nóttina.

# FARTÖLVUR

VERÐ FRÁ 49.990

## RÝMINGARSALA

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

NOKKUR VERÐDÆMI




### Toshiba Satellite C650D-10L

2.1Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile P320 örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED skjár • ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**84.990**

FULLT VERÐ KR. 109.990

acer TOSHIBA msi ASUS acer TOSHIBA msi ASUS acer TOSHIBA msi ASUS




### Toshiba Satellite L500D-16M

2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

**99.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990




### Toshiba Satellite PRO A300-256

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 15.4" WXGA skjár • ATI Mobility Radeon HD 3450 PCI-Express skjákort • DVD og CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

**99.990**

FULLT VERÐ KR. 139.990




### Toshiba Satellite Pro L500-1DQ

2.2GHz Intel Core 2 Duo T6670 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" FHD WXGA+ skjár með High Definition TruBrite • VGA myndavél • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Professional ásamt XP Pro valmöguleika

**129.990**

FULLT VERÐ KR. 179.990




### Acer Aspire 5741G-434G32MN

2.26GHz Intel Core i5-430M - Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal breiðskjár • 1GB DDR3 Geforce GT 320M skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**

FULLT VERÐ KR. 179.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VERIÐ VELKOMIN Í **BÓNUS** VERIÐ VELKOMIN Í **BÓNUS** VERIÐ VELKOMIN Í **BÓNUS**




598 KR. pk
TVEIR 2 x 120g RISAUNGNAUTA-HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI OG SÓSU




FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
398 KR.kg
BÓNUS BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR




1298 KR.kg
FERSKT LAMBALÆRI




698 KR. pk
ÍSLANDSNAUT TVÆR CLUBSAMLOKUR

VÍNBER ERU EKKI BARA VÍNBER



598 KR. kg
NÝ AMERÍSK STEINALAUS VÍNBER RAUÐ OG GRÆN



198 KR. kg
K.S FROSIN LAMBALIFUR




198 KR. stk
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g



498 KR. kg
SS REYKTUR FROSINN FOLALDAFRAMPARTUR



898 KR. kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

Ali

NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU



998 KR. kg
ALI FERSKAR ÚRBEINAÐAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



998 KR. 700g
BÓNUS SÚKKULAÐIKAKA MEÐ KREMI OG SULTU 1000g (3ja hæða)



## ENGIFERDRYKKUR Sollu Eiríks

**ENGIFERVATN**
5 sm engiferrót, afhýdd og skorin í bita.
Sett í pott með 1 ltr. af vatni og soðið í 15 mín,
slökkt undir og látið standa í aðrar 15 mín.
Þessi drykkur er góður bæði heitur og kaldur.

**ENGIFERVATN MEÐ EPLABRAGÐI**
5 cm engiferrót, afhýdd og skorin í bita
sett í pott með 1 ltr. af eplasafa.
Soðið við vægan hita í 30 mín. Látið kólna niður.
Hægt að drekka epla-engifervatnið heitt eða kalt !





498 KR. kg
FERSK ENGIFERRÓT
NÝ SENDING

**AFGREIÐSLUTÍMI**
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VERIÐ VELKOMIN Í BÓNUS VERIÐ VELKOMIN Í BÓNUS VERIÐ VELKOMIN Í

## HOLLASTA LAUGARDAGSNAMMIÐ



298 KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500G POKI



6000 TANNKREMSTÚPUR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

459 KR. 90ml

20% MEIRA MAGN



398 KR. 30m

SENSODYNE TANNÞRÁÐUR

FYRIR GÓÐA TANNHEILSU



198 KR. 165g



198 KR. 165g



398 KR. 6 stk

JÓGÚRTÍS ER MÁLIÐ: AÐEINS 3,5% FITA



279 KR. 1 ltr.



159 KR. 2 ltr.



59 KR. 33cl

59 KR. 33cl

59 KR. 33cl

SÆLGÆTISBARINN

ENGINN AFSLÁTTUR

BARA LÁGT VERÐ ALLA DAGA

898 KR.KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18

SUNNUD: 12-18

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HALLDÓR KRISTJÁNSSON Á KIRKJUBÓLI** (1910-2000), blaðamaður og þýðandi, var fæddur þennan dag.

*„Sé hjarta þitt trútt og viljirðu vel er veröldin björt og fögur.“*

GRAND
erfidrykkjur

Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.

Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.

Næg bílastæði og gott aðgengi.

Verið velkomin

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST:** 2. OKTÓBER 1996

## *Gjálp byrjar að gjósa*



Gríðarlegt eldgos braust upp úr Vatnajökli í þriggja til fjögurra kílómetra langri sprungu austan Skaftárkatla, milli Bárðarbungu og Grímsvatna, þennan dag árið 1996. Eldtungur leiftruðu og gufubólstrar stigu upp í himinhvolfið. Mikill sigketill myndaðist í jöklinum, sem hlaut nafnið Gjálp.

Kraftur gossins var mestur fyrstu fjóra dagana og á þeim tíma bræddi það um 0,5 $km^3$ af ís á dag, svipað og jarðhitasvæðið í Grímsvötnum bræðir á tveimur árum. Gosmökkurinn fór mest í níu kílómetra hæð fyrri hluta dags 3. október. Öskufalls gætti svo til alls staðar á jöklinum en lítið utan hans.

Búist var við stóru hlaupi niður Skeiðarársand en það lét bíða eftir sér lengur en vænta mátti og voru vísindamenn á vaktinni nætur og daga. Meira en mánuður leið þar til hlaupið braust fram. Var það mikið að vöxtum og eyðilagði vegi og brýr.



**GJAFMILDUR SJÚKRALIÐI** María ætlar að halda sölusýningu í dag og á morgun frá 14 til 18 í Von, göngudeild SÁÁ að Efstaleiti 7 og gefa Styrktarsjóði SÁÁ ágóðann óskiptan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**MARÍA LOFTSDÓTTIR:** SELUR MÁLVERK TIL STYRKTAR KVENNAMEÐFERÐ SÁÁ

# Hjálpar fátækum konum að endurheimta líf sitt og æru

„Mig langar að gera eitthvað fyrir þessar mögnuðu og hugrökku konur sem koma til okkar á Vog en hafa ekki efni á eftirmeðferð,“ segir María Loftsdóttir, sjúkraliði hjá SÁÁ á Vogi. Hún heldur sölusýningu á 400 vatnslitamyndum í dag og á morgun frá 14 til 18 í Von, göngudeild SÁÁ að Efstaleiti 7 í Reykjavík. Sýningin nefnist Frá konu til kvenna því ágóðinn er eyrnamerktur konum sem leita til Styrktarsjóðs SÁÁ. „Eitt af því sem breyttist þegar hrunið varð er að fólk þarf að borga fyrir eftirmeðferð vegna áfengissýki. Hún kostar 55 þúsund og sumir hafa ekki ráð á henni. Konur eru oft veikari en karlar og standa almennt verr, fá lægri laun en eru oft með börnin. Þær eiga því sérstakan stað í hjarta mér og mig langar að hjálpa þeim að endurheimta líf sitt og æru. Það bara skilar sér úti í þjóðfélaginu þegar þær fá heilsuna aftur, fara að vinna og geta hugsað um börnin sín.“

María á 40 ár að baki sem sjúkraliði. Hún hefur starfað á Vogi í 18 ár og er meðal reyndustu starfsmanna þar. Í frístundum mundar hún svo penslana. „Ég er ekki myndlistarlærð en hef sótt nokkur námskeið á síðustu 20 árum og haldið eina sýningu áður. Hún hét Sjö landa sýning og var í Gerðubergi. Þá hafði ég farið með stórar blokkir út í heim og málað í hinum ýmsu löndum,“ upplýsir hún glaðlega. Hún kveðst ekki mála á hverjum degi, heldur í törnum þegar tími vinnist til og andinn komi yfir hana. Myndefnið er af ýmsum toga, landslag, blóm og fígúrur. „Ég fæ stöðugt nýjar hugmyndir,“ segir hún og bendir á síðuna www.marialofts.com

Hver mynd á sýningunni í Von kostar 3.500 krónur og fyrstur kemur, fyrstur fær. María kveðst vona að sem flestir geti eignast mynd til að gleðja sig. Hugmyndina að sýningunni fékk hún úti í Kaupmannahöfn árið 2006. „Þar fór ég á góðgerðarsýningu og myndirnar héngu niður úr loftinu í snúru. Ég hugsaði: vá, svona væri gaman að gera einhvern tíma. Í október í fyrra tók ég mig til og fór að mála og ákvað strax að selja myndirnar eftir árið, til ágóða fyrir konur. Ég er með trampólín sem ég hengi myndirnar utan á. Þegar þær seljast þá leysi ég þær úr viðjum, hverja af annarri. Þannig er áfengismeðferðin líka, hún leysir fólk úr viðjum.“

**gun@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Bente Jensen,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu að Boðaþingi, Kópavogi, sunnudaginn 26. september. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 7. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Krabbameinsfélagsins.

**Ágúst Hálfdánsson**
**Jakob Ágústsson**
**Hálfdán Ágústsson**
**Hrafnhildur Hannesdóttir**
**Ýmir Hálfdánsson**

---

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Valdimars L. Lúðvíkssonar,**

slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns, Lerkihlíð 5, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir frábæra umönnun og hlýju og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins fyrir auðsýndan stuðning, virðingu og vinarhug. Guð blessi ykkur.

**Helga Hjördís Sveinsdóttir**
**Sveinn Ingiberg Magnússon** **Katrín Þórdís Jacobsen**
**Hulda Ósk Valdimarsdóttir** **Jens Kristian Fiig**
**Edda Guðrún Valdimarsdóttir** **Gísli Björn Bergmann**
**Margrét Pála Valdimarsdóttir** **Guðni Þorsteinn Guðjónsson**
**og barnabörn.**

---



†

*Elskuleg sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Edda Lackey Edwardsdóttir**

fyrrum húsfreyja frá Neðri-Þverá, Deildarási 1,

sem lést á Mörkinni 8 þriðjudaginn 28. september, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju föstudaginn 8. október kl. 15.00.

**Jón Bjarnason**
**Helga J. Unnsteinsdóttir** **Hólmar Unnarsson**
**Kolbrún H. Unnsteinsdóttir** **Eggert Sigurðsson**
**Björn Viðar Unnsteinsson**
**Rúnar S. Unnsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þorgerðar Jónsdóttur**

frá Neðri-Svertingsstöðum, Miðfirði.

**Friðrik Jónsson** **Oddrún Sverrisdóttir**
**Sævar Jónsson** **María Gunnarsdóttir**
**Sólrún Jónsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Skódagar
20%
afsláttur
af öllum skóm
Allir gönguskór
Allir götuskór
Allir barnaskór
Allir hlaupaskór
Allir fótboltaskór
Allir kuldaskór o.fl., o.fl.
Gildir til sunnudags.
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

# Borgarstjóri opnar nýjan skóla

Jón Gnarr borgarstjóri mun í dag, ásamt börnum í Úlfarsárdal, taka Dalskóla við Úlfarsbraut formlega í notkun. Opnunarhátíðin hefst klukkan 11 á skólalóð Dalskóla.

Gestum gefst einnig tækifæri til að kynna sér starf barnanna á fyrstu starfsvikum skólans. Borgarstjórinn mun einnig taka þátt í tónlistarflutningi með börnunum.

Öllum íbúum er boðið á athöfnina og hafa krakkarnir sett upp sýningu með innsetningum, myndverkum og skúlptúrum, en í Dalskóla eru listir og skapandi greinar í öndvegi og samfléttaðar í allt nám.

Dalskóli er samrekinn leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Nemendur í grunnskólanum eru 32 og leikskólabörnin eru 50.

Opnunarhátíðin hefst klukkan 11. - rat



**DALSKÓLI** Skólinn verður formlega tekinn í notkun í dag. MYND/DALSKÓLI

# Dagur Máleflis á Eyrarbakka

Á morgun, sunnudag, verður í fyrsta sinn haldinn dagur Máleflis að Gónhóli á Eyrarbakka, en Málefli eru hagsmunasamtök í þágu barna og unglinga með tal- og málþroskaröskun.

Tilgangur með deginum er að foreldrar fái tækifæri til að hittast, en einnig að gera daginn skemmtilegan fyrir börnin, kynnast hvert öðru og deila reynslunni af því að eiga börn með tal- og málþroskafrávik. Boðið verður upp á skemmtun og leiki fyrir börnin sem foreldrar geta einnig tekið þátt í, ef þeir kjósa, eða bara spjalla við aðra foreldra. Þá mun stjórn Máleflis gera stutta grein fyrir verkefnum sínum undanfarna mánuði.

Dagur Máleflis stendur frá klukkan 15 til 18. Boðið verður upp á heitt kakó með rjóma og kökur. Allir sem málið varðar eru hvattir til að mæta og sýna með því að málefni barnanna skipta máli. Heimild: www.malefli.is




**DAGUR MÁLEFLIS** Málefli eru hagsmunasamtök í þágu barna og unglina með tal- og máþroskaröskun.

# Bleik flugstöð

Krabbameinsfélag Suðurnesja stendur fyrir því að áberandi mannvirki á Suðurnesjum verði lýst upp með bleiku ljósi í októbermánuði en það er hluti af árlegu alþjóðlegu árvekniátaki um krabbamein hjá konum.

Í ár bætist Flugstöð Leifs Eiríkssonar í hóp þeirra sem leggja átakinu lið og verður Flugstöðin, hliðið inn í og út úr landinu og Þotuhreiðrið lýst bleikt.

Auk flugstöðvarinnar verður nafn Reykjanesbæjar við innkomuna í bæinn, sjúkrahúsið og jafnvel fleiri byggingar á Suðurnesjum lýstar bleikar.



**BLEIKUR OKTÓBER** Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður lýst bleik í fyrsta skipti í ár.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Guðjónsson**

vélvirki, Katrínarlind 2,

lést á Landspítalanum föstudaginn 24. september. Útför hefur farið fram. Þökkum vinarhug og auðsýnda samúð.

**Guðlaug Ágústa Lúðvíksdóttir**
**Lúðvík Hermannsson** **Guðríður Arndís Ingvarsdóttir**
**Haraldur Hermannsson**
**Hermann Hermannsson** **Auður Axelsdóttir**
**Íris Björk Hermannsdóttir** **Óttar Möller**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Níelsar Guðmundssonar,**

Kleppsvegi 118.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á gangi V4 á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir umhyggju og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

**Lilja Guðrún Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Bestu þakkir til allra þeirra sem veittu okkur samúð, vináttu, stuðning og aðstoð vegna fráfalls okkar elskulegrar*

**Gunnhildar Júlíusdóttur**

sem lést að heimili sínu Gullengi 21 í Reykjavík 14. september síðastliðinn.

**Karl Lilliendahl Ragnarsson** **Christian Lilliendahl Karlsson**
**Jenný Hauksdóttir**
**Júlíus Viðarsson** **Hulda Þórsdóttir**
**Hafþór Júlíusson**
**Ragnar Guðmundsson** **Elísabet Karlsdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur og fjölskyldum okkar samúð og hlýhug við andlát og jarðarför móður okkar og tengdamóður,*

**Þuríðar Sveinsdóttur,**

Dvalarheimilinu Grund,
áður Skúlagötu 70, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar, sem veitti henni aðhlynningu síðustu árin. Fyrir hönd aðstandenda.

**Hörður Einarsson** **Steinunn H. Yngvadóttir**
**Edda Einarsdóttir** **Einar Már Magnússon**
**Kristín Einarsdóttir**
**Sveinn H. Geirsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Halldór Margeir Ingólfsson,**

Unufelli 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. september. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 7. október kl. 11.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elísabeth Esther Lunt.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Rut Guðmundsdóttir,**

Flúðaseli, Flúðum,

lést fimmtudaginn 30. september á líknardeild LSH. Útförin verður auglýst síðar.

**Bjarni H. Ansnes**
**Þórunn Ansnes** **Sigurður I. Björnsson**
**Íris B. Ansnes** **Viggó Sigursteinsson**
**Bjarni H. Ansnes**
**Gunnar Sigurðsson**
**Mímir Sigurðsson**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Pétursdóttir**

frá Hjalteyri,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 29. september. Jarðarför verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 12. október kl. 13.00.

**Pétur J. Eiríksson** **Erla Sveinsdóttir**
**Sigrún Ástríður Eiríksdóttir**
**Þórólfur Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Feilan Marinósson,**

fyrrverandi bryti,
Háaleitisbraut 44, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 29. september.

**Annalísa Jansen**
**Anna Margrét Ólafsdóttir** **Pétur Gunnarsson**
**Sigrún Erla Ólafsdóttir** **Ágúst Birgisson**
**Guðrún Birna Ólafsdóttir** **Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson**
**Brynjar Marinó Ólafsson** **Þórný Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Bjarnason,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 28. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Anna Guðríður Hallsdóttir**
**Sigríður Guðrún Halldórsdóttir** **Þorbjörn Gíslason**
**Hallur Gunnar Erlingsson** **Valdís Guðbjörnsdóttir**
**Erlingur Jóhann Erlingsson** **Álfheiður Sigfúsdóttir**
**og afabörn.**


VERTU KLÁR FYRIR VETURINN MEÐ ECCO
Xpedition II
St. 36-48
kr 27.995
Xpedition II
St. 36-48
kr 24.995
Xpedition II
St. 41-48
kr 29.995
Multi terrain
St. 36-47
kr 23.995
Multi terrain
St. 36-47
kr 19.995
GORE-TEX
Vatnsheldir göngu og kuldaskór fyrir karla og konur
- Ótrúlega léttir og sterkir
- Gripgóður sóli
- Jakuxaleður 3 sinnum sterkara
- Ullarfóðrað innlegg
Vatnsheldir kuldaskór fyrir krakka
Trac Uno
St. 20-25
kr.11.995
Trac Uno
St. 20-28
kr.11.995
Snow Ride
St. 26-30
kr.12.995
Snow Ride
St. 26-30
kr.12.995
Snowboarder
St. 31-35
kr.13.995
St. 36-40
kr.15.995
Snowboarder
St. 31-35
kr.13.995
Ecco Kringlunni 5538050
Steinar Waage Kringlunni 5689212
Steinar Waage Smáralind 5518519
the most comfortable place on earth
ecco

# AÐEINS Í DAG – DÚNDURTILBOÐ – SÍÐUSTU

70%
AFSLÁTT



**NEO** Borðstofuborð, háglans, hvítt. L:180/240 B:90 H:76 cm.

49.990
FULLT VERÐ: 169.980

40%
AFSLÁ



**BOJANNA**
Eldhúsborð, hvítt.
Þ:105 H:71,5 cm.

29.990
FULLT VERÐ: 49.980

30%
AFSLÁTTUR



**MARCUS**
Eldhússtóll. Fæst hvítur, svartur, lilla, gulur, grænn, grár.

6.990
FULLT VERÐ: 9.990

50%
AFSL



**VERDI**
Hægindastóll.
Svart leðurlíki.

19.990
FULLT VERÐ: 39.990

# LAUGARDAGUR TIL LUKKU!

VALDIR PÚÐAR Á **990** OG **1.990**

VALDAR **SMÁVÖRUR** MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

**60%** AFSLÁTTUR AF **ÖLLUM SPEGLUM**

**60%** AFSLÁTTUR AF **ÖLLUM KERTUM**

**70%** AFSLÁTTUR AF **MYNDUM Á PALLI**

30%
AFSLÁTTUR



**LAXI**
Borðstofustóll.
Lakkaður svartur, hvítur.

8.990
FULLT VERÐ: 12.990

25%
AFSLÁT



**ANDREW**
Borðstofustóll.
Leður, svartur, brúnn.

14.990
FULLT VERÐ: 19.990

40%
AFS



**NEO** Sjónvarps-borð, háglans hvítt.
B:160 D:60 H:40 cm.

59.990
FULLT VERÐ: 99.980

75%
AFSLÁTTUR



**NEO** Hillur, háglans hvítt.
B:160 D:45
H:153 cm.

29.990
FULLT VERÐ: 120.990

EINTÖK – MIKILL AFSLÁTTUR!

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

# LAUGARDAGUR TIL LUKKU!

## TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í DAG
## OPNUM KL. 10:00

30% AFSLÁTTUR



**119.990**

**BOSTON** tungusófi, Restona brúnt, svart áklæði. B:240 D:153/95 cm.

FULLT VERÐ: 179.990

35% AFSLÁTTUR



**49.990**

**STYLE** Eldhúsborð, hvítt. 102x152 H:71 cm.

FULLT VERÐ: 79.990

35% AFSLÁTTUR



LA-Z-BOY

**69.990**

**RIALTO** La-z-boy stóll. B:80 D:90 H:105 cm. Fæst með brúnu, rauðu og grænu áklæði.

FULLT VERÐ: 109.980

20% AFSLÁTTUR



**23.990**

**LENE** Eldhúsborð, hvítt. 120x76 cm.

FULLT VERÐ: 29.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 • **LAUGARDAGUR TIL LUKKU - OPIÐ 10-18**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gljáhúð, **6.** hvort, **8.** árkvíslir, **9.** segi upp, **11.** frá, **12.** massaeining, **14.** krapi, **16.** kúgun, **17.** þrí, **18.** við, **20.** til, **21.** drykkur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** í röð, **4.** smíða óvandlega, **5.** kóf, **7.** ávöxtur, **10.** frostskemmd, **13.** gilding, **15.** hinkra, **16.** mælieining, **19.** fisk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lakk, **6.** ef, **8.** ála, **9.** rek, **11.** af, **12.** gramm, **14.** slabb, **16.** ok, **17.** tri, **18.** hjá, **20.** að, **21.** malt.
**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** aá, **4.** klambra, **5.** kaf, **7.** ferskja, **10.** kal, **13.** mat, **15.** bíða, **16.** ohm, **19.** ál.

HLAÐVARPINN
MENNINGARSJÓÐUR KVENNA Á ÍSLANDI
auglýsir eftir
UMSÓKNUM

MARKMIÐ SJÓÐSINS er að styrkja menningarstarfsemi kvenna sem beinist að því að greina, efla, varpa ljósi á og breyta stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Með menningarstarfsemi er átt við hvers kyns listir, rannsóknir og kynningu á menningu kvenna. Úthlutað er árlega úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið konur, samtök þeirra, félög eða fyrirtæki.

Umsóknum skal skila á eyðublaði sem nálgast má á vefsíðu Hlaðvarpans, www.hladvarpinn.is. Á síðunni er einnig að finna skipulagsskrá sjóðsins.

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA

Kostnaðar- og verkáætlun
Gerð skal grein fyrir undirbúningi, tekjum, gjöldum og áætlaðri framvindu verksins.

Ferilskrá
Ferilskrá þeirra sem bera ábyrgð á verkefninu skal fylgja umsóknum.

UMSÓKNIR SKULU BERAST

Hlaðvarpanum
pósthólf 1280
121 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til og með 8. nóvember 2010
Öllum umsóknum verður svarað.

SJÁ NÁNAR Á VEFSÍÐU SJÓÐSINS

www.hladvarpinn.is
Upplýsingar veitir stjórn sjóðsins um netfangið
hladvarpinn@hladvarpinn.is

Hlaðvarpinn er sjóður sem stofnaður er af hluthöfum Hlaðvarpans ehf. til styrktar menningarmálum kvenna á Íslandi. Stofnfé sjóðsins er söluandvirði fasteigna félagsins að Vesturgötu 3 í Reykjavík sem íslenskar konur keyptu árið 1985.

ROKKTÓBER FEST 2010
Á SÓDÓMU
30.9 – 2.10
X 97·7
midi.is

# Orð

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



**ÉG** hef yndi af orðum. Þau hafa persónuleika. Það er eins og sum orð beinlínis iði af lífi; „keikur", „dillandi", „kotroskinn", á meðan önnur nánast lúta höfði í hljóðri auðmýkt; „náð", „andvari", „hógvær". Sum orð eru þess eðlis að maður finnur næstum þeim ilminn og sér safann drjúpa af þeim; „þrunginn", „höfgi", „hrynjandi". Og svo eru til orð sem eru jafnsafarík og þerripappír og með jafnspennandi persónuleika og rotnandi hræ. Þessi orð er einkum að finna í lagamáli og viðskiptum; „vaxtaálag", „veðbókarvottorð", „grunngjald".

**FYRIR** allmörgum árum hugðist ég í fyrsta sinn festa kaup á fasteign. Mitt fyrsta verk í því augnamiði var að fara á fund ráðgjafa í banka og fá hjá honum upplýsingar um ferlið sem slík kaup færu eftir. Ekki hafði blessaður ráðgjafinn talað lengi þegar mér varð lífsins ómögulegt að halda einbeitingunni, ég sá hann hreyfa varirnar og heyrði óminn af rödd hans en orðin urðu að formlausum klið og fyrir eyrum mér var eins og hljómaði salsatónlist úr fjarska. Það varð því ekkert úr kaupum í það sinnið.

**SÍÐAN** hef ég að vísu tekið mig á. Þótt ég segi sjálfur frá þá tekst mér sífellt skár að kynna mér eitt og annað misleiðinlegt og setja mig inn í málefni sem ég hef engan áhuga á en neyðist til að vera þokkalega samræðuhæfur um. Að verulegu leyti má eflaust þakka þetta hruninu, en það virðist hafa orsakast af því að helstu hákarlar samfélagsins á sviði, sem mér var ekki aðeins lokuð bók heldur, hefði ég fengið að ráða, tætt, brennd og grafin bók, reyndust þegar til kastanna kom aðeins sandsíli með úttútnaða sjálfsmynd.

**ÖLL** mín viðleitni til að ráða bót á athyglisbrestinum, sem gagntekur mig þegar ég heyri of mörg þurrpumpuleg, marflöt og sálarlaus orð í sömu setningunni, má sín þó lítils þegar umræður um aðild að Evrópusambandinu eru annars vegar. Þegar ég heyri helstu spekinga þjóðarinnar tjá sig um hana til eða frá lendi ég fyrr eða síðar í sömu stöðu og í bankanum forðum daga. Ég heyri óm orðanna sem óljósan undirleik við salsatónlist úr fjarska.

**ÉG** neyðist því sennilega til að byggja afstöðu mína til aðildar, þegar þar að kemur, á öðru en raunmerkingu orðavaðalsins. Hvort er líklegra að hafi rétt fyrir sér um það sem varðar heill og hamingju lands og þjóðar, Jóhanna Sigurðardóttir eða Davíð Oddsson? Þeirri spurningu er, að mínu mati, auðsvarað.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TAKK!

## Rúmlega 40,6 milljónir söfnuðust í átaki Á allra vörum

Á allra vörum þakkar fyrir ómetanlega aðstoð við landssöfnun fyrir **endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðina Ljósið**. Fjöldi fólks og fyrirtækja lagði lóð á vogarskálarnar til að tryggja Ljósinu framtíðarhúsnæði með því að kaupa Á allra vörum gloss frá Dior, frjálsum fjárframlögum og óeigingjörnu sjálfboðaliðastarfi. Rúmlega 40,6 milljónir söfnuðust og renna óskiptar til Ljóssins.

**Vel gert, kæru landsmenn!**

**Eftirtaldir fá sérstakar þakkir!**

- Auglýsingastofan Fíton
- Fjöldi kvikmyndatökufólks
- SkjárEinn
- www.ja.is
- www.mbl.is
- Skemmtikraftar sem komu fram í sjónvarpsþættinum á SkjáEinum
- Sjálfboðaliðar sem unnu mikið og óeigingjarnt starf
- Smáralind
- Andlit herferðarinnar: Ómar Ragnarsson, Raggi Bjarna, Sara Björk, Katrín Jóns, Páll Óskar og Diddú
- Áberandi
- AFA JCDecaux
- Gassi
- Dior á Íslandi
- Allir sem keyptu gloss
- ...og auðvitað öll þjóðin!




Elísabet, Guðný og Gróa
stofnendur Á allra vörum

Fíton/SÍA

**KLASSÍK Í KIRKJUHVOLI** Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Gerrit Schuil píanóleikari flytja verk eftir Hugo Wolf og Hector Berlioz í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju í Garðabæ klukkan 16 á morgun.




Námskeið í Neskirkju

Á þriðjudögum í október kl. 18.00-20.30

Fjársjóðir messunnar
Hvernig nærir hún líf okkar og virkar sem smyrsl á lífsins mein og sár?



Dr. Sigurður Árni Þórðarson stýrir námskeiðinu.

Trú og tilvist á 21. öld
Námskeið um grunnstef trúarinnar.



Sr. Örn Bárður Jónsson, D.M. stýrir námskeiðinu.

Námskeiðið er ókeypis en hver máltíð kostar kr. 1.000

Skráning í síma 511 1560 eða á runar@neskirkja.is



Vinsælustu fjölskyldusýningu ársins lýkur um helgina

Viltu nokkuð missa af Tilraunarlandinu?

Tilraunaland Norræna hússins og Háskóla Íslands hefur slegið í gegn hjá fjölskyldum landsins frá opnun í apríl. Í Tilraunalandinu kynnast börn og ungmenni undraheimi vísindanna í gegnum leik og skemmtun.

Við hvetjum nýja gesti – og hina sem fá aldrei nóg – til að líta inn þessa allra síðustu helgi.

Norræna húsið og Háskóli Íslands þakka frábærar viðtökur.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FJÖREGG Barnamenning í Norræna húsinu
NORRÆNA HÚSIÐ



**ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON** „Við reyndum því að undirbúa okkur vel; fórum á sjó og töluðum við aragrúa sjómanna í þeim tilgangi að gera þetta eins trúverðugt og hægt var. Það gengur ekki að gera sjóaramynd sem er greinilega plat.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# RENNDUM BLINT Í SJÓINN

**Það gengur ekki að gera sjóaramynd sem er greinilega plat – allra síst á Íslandi, segir Árni Ólafur Ásgeirsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Brim sem verður frumsýnd í kvöld. Hann kveðst hafa heillast af hinum kunnuglega en um leið framandi heimi sjómennskunnar.**

Kvikmyndin Brim byggir á samnefndu verðlaunuðu leikriti Jóns Atla Jónassonar, sem leikhópurinn Vesturport setti upp í leikstjórn Hafliða Arngrímssonar. Fyrir nokkrum árum afréð Vesturportshópurinn að gera mynd eftir verkinu og var Árni Ólafur Ásgeirsson, sem áður hafði gert myndina Blóðbönd, fenginn til að leikstýra. Tökur fóru fram fyrir rúmum tveimur árum og hefur myndin verið í eftirvinnslu síðan. Árni segir gerð myndarinnar þó ekki hafa verið neina þrautagöngu.

„Það spilaði auðvitað inn í að Ísland hrundi í millitíðinni en fyrst og fremst vildum við vanda okkur. Sagan er það flókin að við vildum gefa okkur góðan tíma til að klippa myndina. Þetta var tímafrek vinna sem útheimti öðru fremur þolinmæði.“

### Berskjaldað fólk úti á ballarhafi

Brim gerist úti á sjó; fjallar um sjö manneskjur um borð í báti sem rekur vélarvana meðan stormur nálgast. Árni Ólafur segist fyrst og fremst hafa heillast af fjölbreyttu og litríku persónugalleríi.

„Þetta er fólk sem er mjög auðvelt að samsama sig við og umhverfið býður líka upp á að karaktereinkennin skíni sterkt í gegn. Fólk verður mjög berskjaldað þegar það er einangrað úti á ballarhafi; dæmt til að vera saman hvort sem því líkar betur eða verr. Mér fannst mjög áhugavert að vinna með það konsept; þetta er mjög sammannleg saga, sem gæti þó eiginlega hvergi gerst nema úti á sjó.“

### Fjarlægur heimur sjómennskunnar

Strax í upphafi var ákveðið að reyna að gera umhverfi myndarinnar eins raunsætt og hægt var, sem þýddi að tökur þurftu að fara fram um borð í skipi og tæknibrellum þyrfti að halda í lágmarki. Þótt aðstæður hafi verið krefjandi segir Árni tökur hafa gengið vonum framar.

„Við renndum dálítið blint í sjóinn – bókstaflega. En við vorum með sjómenn og áhöfn um borð sem lóðsuðu okkur um og sögðu okkur til.

Sjómennskan er heimur sem ég þekkti lítið til og það heillaði mig. Þetta er svo stór hluti af okkar samfélagi og menningararfleifð en samt er þetta flestum fjarlægur heimur. Við reyndum því að undirbúa okkur vel; fórum á sjó og töluðum við aragrúa sjómanna í þeim tilgangi að gera þetta eins trúverðugt og hægt var. Það gengur ekki að gera sjóaramynd sem er greinilega plat – allra síst á Íslandi.

### Frábært að vinna með Vesturporti

Árni Ólafur ber samstarfinu við Vesturport vel söguna.

„Þetta er ótrúlega flottur og duglegur hópur. Sterkir persónuleikar þannig að það var mikið rifist og mikið hlegið. Þau áttu líka svo stóran hlut í þessum persónum þegar ég kom til sögunnar því þau höfðu þegar sett upp leikritið. Mitt hlutverk var að heimfæra það yfir á hvíta tjaldið.“

Hann segir það ekki hafa verið auðvelt að koma utan að inn í svo samrýmdan hóp og Vesturport er.

„Þvert á móti, það var mjög spennandi og ég held að það hafi gert öllum gott að fá einhvern með nýtt sjónarhorn. Þetta var líka nýtt fyrir mér að vinna í svona „fusion“-samstarfi og kenndi mér margt.“

### Krefjandi og lærdómsríkt

Á heildina litið segir Árni að að frátaldri fyrstu myndinni sem hann gerði í kvikmyndaskóla, hafi hann ekki lært jafn mikið af nokkurri mynd og af Brimi.

„Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi er þetta svonefnd „ensamble“-mynd; það eru sjö persónur og jafnmargar sögur sem fléttast saman. Uppbyggingin er óhefðbundin að því leytinu til og það er mjög krefjandi að halda utan um svona mörg brot sem þurfa samt að mynda eina heild.

Í öðru lagi var auðvitað ótrúlega krefjandi að vinna við þessar aðstæður. Hafið er ekki hentugur staður fyrir kvikmyndatökur. Það var heilmikill skóli. Vonandi er ég orðinn betri leikstjóri fyrir vikið. Fær í flestan sjó.“

bergsteinn@frettabladid.is

## FLJÓTANDI AÐ FEIGÐARÓSI

Kvikmyndin Brim segir frá því þegar ung kona ræður sig sem háseta á fiskveiðibát þar sem fyrir er harðger og samheldinn hópur karla. Smám saman kemur í ljós að plássið sem hún fékk losnaði vegna hörmulegra atburða og vera hennar um borð fer illa í áhöfnina. Sjóferðin tekur hins vegar óvænta stefnu með þeim afleiðingum að þessi sundurleiti hópur þarf að láta innbyrðisátök sitja á hakanum og standa saman í baráttu gegn náttúruöflunum.

Með helstu hlutverk fara Ólafur Egill Egilsson, Nína Dögg Filipusdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Gísli Örn Garðarsson, Björn Hlynur Haraldsson, Ólafur Darri Ólafsson, Víkingur Kristjánsson og Nanna Kristín Magnúsdóttir.





UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR
// LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //
// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓ
VERÐHRUN!
RÝMINGAR
SALA
BÓKAÚTGEFENDA
BORGARTÚNI 29
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-19
FIMMTUDAGA TIL KL. 21
ALLT Á AÐ SELJAST!
VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJU JÓLABÓKUNUM!
BÓK AÐ GJÖF EF ÞÚ KAUPIR FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA!
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!
SILFURSKEIÐIN
9.980,-
4.990,-
STÓRVIRKI Á HÁLFVIRÐI!
SVAVAR GUÐNASON
18.800,-
9.900,-
ARNGRÍMUR APASKOTT OG FIÐLAN
2.490,-
1.245,-
TEMERAIRE
DREKI HANS HÁTIGNAR
NAOMI NOVIK
3.990,-
990,-
Temeraire
Hásæti keisarans
Naomi Novik
3.990,-
990,-
ÓGRYNNI BARNABÓKA UNDIR 500 kr.!
SÚKKULAÐIÁST
4.990,-
1.990,-
JO NESBØ
RAUÐBRYSTINGUR
2.280,-
1.480,-
DODDI
2.490,-
1.390,-
Reykjavík barnanna
2.990,-
500,-
1.990,-
490,-
VALHOPP
RUFUS BUTLER SEDER
1.980,-
990,-
Bókafélagið Ugla
BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN
CRYMOGEA
Tindur bókaútgáfa
BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
BÓKAFÉLAGIÐ
ÚTKALL
Vestfirska forlagið
Háskólaútgáfan
UPPHEIMAR
sögur útgáfa
ORMSTUNGA
heimur
OPNA
VERÖLD
Salka
SKRUDDA
Unga ástin mín
BJARTUR

# keðja

Alþjóðleg sviðslistahátíð í Reykjavík 8 – 10.október

Sviðslistaveisla í boði Íslenska dansflokksins, Leikfélags Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, Reykjavík dance festival og Sjálfstæðu leikhúsanna

Fjöldi viðburða, sýninga og fyrirlestra
www.kedja.id.is

Meðal sýninga eru:

## Transaquania – Into Thin Air



Sagan af kynjaverum Bláa lónsins heldur áfram.

Föstudagur 8. október kl 19.30
á Stóra sviði Borgarleikhússins
*Sýnd áfram í október og nóvember*

Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is




## Humanimal

Kraftmikil, fyndin og falleg verðlaunasýning

Föstudagur 8. október kl 21.45
á Stóra sviði Borgarleikhússins

*Aðeins þessi eina sýning - sýnd á ensku*
Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is

## Teach us to outgrow our madness



Sýning um öfgakennd samskipti kvenna úr smiðju Ernu Ómarsdóttur

Sunnudagur 10. október kl 15 og 18 í
Norðurpólnum Sefgörðum 3
*Aðeins þessar tvær sýningar*

Miðasala við innganginn.



Meðal fyrirlestra eru:

## Hver er framtíð sviðslista?

Ögrandi fyrirlestur Dr. Dragan Klaic, eins þekktasta leikhúsfræðimanns Evrópu

Föstudagur 8.október kl 12.00
í Tjarnarbíói
„Samtal við Dragan er eins og rússíbanaferð út í óvissuna: allt er undir og engu er hlíft. ...Skarpur, analýtískur, fróður og hugmyndaríkur. ...Það er ekki hægt að missa af fyrirlestri hjá Dragan.“
-Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands

## Gættu að dansinum



Hinn þekkti dansstjórnandi John Asford spyr íslenska listamenn á Keðju „spjörunum úr“

Sunnudagur 10. október kl 13.30 í
Tjarnarbíói

*Allir fyrirlestrar á Keðju Reykjavik eru ókeypis og opnir almenningi*

Education and Culture DG
norden
Nordic Culture Fund
Reykjavíkurborg
Utanríkisráðuneytið
Mennta- og menningarmálaráðuneytið


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 22. ágúst**

**➜ Tónleikar**

**16.00** Sesselja Kristjánsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir flytja verk eftir Maurice Ravel og Pauline Viardot á stofutónleikum Gljúfrasteins. Tónleikarnir hefjast kl. 16.00. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

**20.00** IKI, norræn spunahljómsveit, verður með tónleika í Reykholtskirkju í Reykholti, Borgarfirði í kvöld kl. 20.00.

**➜ Uppákomur**

**14.00** Barnadjass í Norræna húsinu í dag kl. 14.00. Börn fá tækifæri til að spila eigin útgáfu af lögunum úr Kardimommubænum með aðstoð tónlistarmanna. Enginn aðgangseyrir.

**➜ Tónlist**

**20.00** Sveiflu-sextettinn spilar tónlist frá gullaldarárum djasstónlistar ásamt Hauki Gröndal á Grand hóteli Reykjavík kl. 20.00. Kristjana Stefánsdóttir syngur einnig nokkur lög. Aðgangseyrir 2000 krónur.

**➜ Leiðsögn**

**17.00** Urtagarður í Nesi við Seltjörn á Seltjarnarnesi verður opnaður kl. 14.00 í dag. Leiðsögn verður um garðinn kl. 17.00.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 03. október**

**➜ Tónleikar**

**16.00** Í dag verða fyrstu tónleikar klassískrar tónleikaraðar. Tónleikarnir hefjast kl. 16.00 í Kirkjuhvoli, Kirkjulundi 3 í Garðabæ. Hallveig Rúnarsdóttir syngur. Almennt verð er 1700 krónur, 1200 krónur fyrir eldri borgara og námsmenn.

**20.00** Uni og Jón Tryggvi verða með tónleika í kvöld að Merkigili á Eyrarbakka. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 og er frítt inn.

**20.00** Jussanam Dejah verður með tónleika á veitingastaðnum Brasilíu, Skólavörðustíg 14, kl. 20.00 í kvöld. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

**20.30** Í Frystiklefanum, Egilsstöðum, verður Hörður Torfa með tónleika kl. 20.30. Húsið opnar kl. 20.00.

**➜ Leiklist**

**14.00** Möguleikhúsið og Gerðuberg bjóða börnum á aldrinum 8-12 ára upp á leiklistarsmiðju í dag frá kl. 14-16. Smiðjugjald er 1500 krónur. Nánari upplýsingar má finna hjá Gerðubergi.

**➜ Opnanir**

**15.00** Borgarbókasafn Reykjavíkur og Alliance Française bjóða á opnun sýningar á myndskreytingum úr afrískum barnabókum á Aðalsafni, sunnudaginn 3. október kl. 15.00.

**➜ Sýningar**

**20.00** Grínistinn Pablo Francisco verður á Broadway í kvöld kl. 20.00. Miðasala á www.midi.is

**➜ Síðustu forvöð**

Sýningu Sigurðar Guðjónssonar „Skruð“ lýkur í dag, sunnudaginn 3. október. Sýningin er sýnd í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ.

**➜ Hátíðir**

**14.00** Í tilefni af 65 ára afmæli Múmínálfanna verður efnt til múmínálfateiknisamkeppni í Gerðubergssafni í dag kl. 14.00.

**➜ Leikrit**

**15.00** Leikfélagið Snúður og Snælda sýna leikritið „Nakinn maður og annar í kjólfötum“ eftir Dario Fo. Leiksýningin fer fram í Hvoli, Hvolsvelli, sunnudaginn 3. október kl. 15.00.

**20.00** Fátæka leikhúsið sýnir Pizzasendilinn eftir Elísabetu Jökulsdóttur á Faktorý, Smiðjustíg 6, sunnudags og mánudagskvöld kl. 20.00. Hægt er að panta miða með því að senda tölvupóst á fataek<\@>gmail.com. Miðaverð er 1000 krónur.

**20.00** Leikfélagið Snúður og Snælda sýna leikritið „Nakinn maður og annar í kjólfötum“ eftir Dario Fo. Leikritið verður sýnt í Litla leikhúsinu, Sigtúni, Selfossi þriðjudaginn 5. október kl. 20.00.

**20.00** Leikritið Ferðasaga Guðríðar verður sýnt í Guðríðarkirkju, Grafarholti, í kvöld kl. 20.00.

**➜ Leiðsögn**

**14.00** Harpa Þórsdóttir safnstjóri verður með leiðsögn um sýningar Hönnunarsafns Íslands í dag, sunnudag, frá klukkan 14.00.

**14.00** Í dag verður barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands frá kl. 14.00. Leiðsögnin er ætluð börnum frá 5- 8 ára.

**➜ Samkoma**

**14.00** Félagsvist í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, í dag kl. 14.00. Allir velkomnir.

**20.00** Leshópur FEBK í Gullsmára, Gullsmára 13, Kópavogi, kemur saman þriðjudaginn 5. október kl. 20.00. Gestur leshópsins verður Gerður Kristný, rithöfundur og skáld. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**





ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR
BERGÞÓR PÁLSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR
LEIKMYND: ÞÓRUNN SIGRÍÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

WWW.OPERA.IS SÍMI MIÐASÖLU 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 4. október,
kl. 18 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Gunnlaugur Scheving

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Allir sem kaupa fyrir **5.000 kr**. eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr**. eða meira fá tvær bækur að gjöf.

**allt að 93% afsláttur**




# Síðasta helgin!

BÓKA LAGERSALA

## Risalagersala Forlagsins á Fiskislóð 39

**Við fjölgum titlunum!**
**Enn meiri verðlækkun!**
**Verð sem þú hefur aldrei séð áður!**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is




75% afsláttur

LITLA LOSTABOXIÐ
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.




83% afsláttur

HEIMSMETABÓK GUINNESS 2010
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 5.990 kr.



75% afsláttur

HULDUKONUR Í ÍSLENSKRI MYNDLIST
**Nú: 1.490 kr.**
Verð áður: 5.990 kr.




67% afsláttur

SKULDADAGAR - HRUNIÐ Í GRÓFUM DRÁTTUM
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 2.990 kr.




83% afsláttur

MAÓ – SAGAN SEM ALDREI VAR SÖGÐ
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 5.990 kr.




71% afsláttur

ÞÚSUND KYRRÐAR SPOR
**Nú: 290 kr.**
Verð áður: 990 kr.



72% afsláttur

HVÍTA BÓKIN
**Nú: 690 kr.**
Verð áður: 2.490 kr.




91% afsláttur

ÍSLENSK SKIP: BÁTAR 1–4
**Nú: 2.000 kr.**
Verð áður: 22.290 kr.




73% afsláttur

AF BESTU LYST 1
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 3.690 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# Enn meiri verðlækkun!

**Takmarkað magn!**

EMBASSY OF THE UNITED STATES

„Græna Korts Happdrættið"

**Skráning á „Græna Korts Happdrættið" 2012 hefst 5. október 2010**

**Þeir aðilar sem vilja taka þátt í happdrættinu verða að skrá sig á sérstakri heimasíðu á vegum Bandaríska Ríkisins.**

Vefslóðin fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið 2012 er www.dvlottery.state.qov og verður skráning opin frá kl 08:00, 5. október 2010 til kl. 08:00, 3. nóvember 2010.

Vinsamlegast athugið að þetta er eina heimasíðan á vegum Bandaríska Ríkisins ætluð fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu Bandaríska sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov





*Ökum undir bleikum merkjum enn á ný í október og nóvember*

*Hreyfill / Bæjarleiðir er styrktaraðili árveknisverkefnis Krabbameinsfélagsins.*

*Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameini hjá konum.*

*Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum og munu bílstjórarnir taka fagnandi á móti þér.*

*Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!*

„Bleika slaufan" er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.

HREYFILL BÆJARLEIÐIR 5 88 55 22

Bleika slaufan



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## > JACK SKOTINN



**Jack Osbourne**, sonur rokkarans Ozzy Osbourne, ku vera skotinn í stúlku. Sú heppna er engin önnur en Gossip Girl-stjarnan Taylor Momsen, en þau eiga að hafa kynnst á tónleikum með hljómsveit Momsen. Osbourne er víst svo hrifinn að hann íhugar að flytjast til New York svo hann geti eytt meiri tíma með Momsen.

# Fólk

folk@frettabladid.is



Baldvin Z, leikstjóri Hæ Gosa, og Sigríður Margrét Oddsdóttir, sjónvarpsstjóri Skjás eins, voru hress í partíinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fögnuðu Hæ Gosa á barnum

**Gamanþátturinn Hæ Gosi var frumsýndur á Skjá einum á fimmtudagskvöld. Af því tilefni hittust leikarar og velunnarar þáttarins á Danska barnum og fögnuðu útkomunni. Fréttablaðið var á staðnum og myndaði það sem fyrir augu bar.**



Arnór Pálmi Arnarsson og Heiðar Mar léku við hvurn sinn fingur á Danska barnum.



Hæ Gosi var sýndur á breiðtjaldi og viðstaddir virtust ánægðir með útkomuna.



Helga Braga, María Ellingsen, Árni Pétur Guðjónsson og Þórhallur Sigurðsson léku á als oddi og stilltu sér að sjálfsögðu upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.

KEILA
LEIKTÆKI
POOL
TÖLVUSPIL
ÞYTHOKKÍ
VEITINGASALUR
OG FL.
**KOMDU OG LEIKTU...**
www.keiluhollin.is

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00

Keilupantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is

# Óklárað lag á Netið

Rapparinn Kanye West hefur gefið aðdáendum sínum eitt lag á hverjum föstudegi að undanförnu. Hann hætti við það síðasta föstudag eftir að lag af væntanlegri plötu hans lak á Netið án hans samþykkis. Hann er sérstaklega óánægður því lagið sem lak út var ekki fullklárað. „Það er ömurlegt að vita til þess að einn hakkari geti eyðilagt fyrir öllum. Mér finnst frábært að eyða ári í að ljúka við lögin mín og bjóða ykkur upp á þau um leið og þau eru tilbúin,“ sagði West. „Fyrst ég gef lögin mín í hverri viku hefði ég haldið að enginn myndi leggjast svo lágt að leka ókláruðu lagi af plötunni minni á Netið.“ Platan er væntanleg í nóvember en West hefur ekki enn ákveðið hvað hún á að heita.

Síðasta plata hans, 808´s & Heartbreak, kom út fyrir tveimur árum.



**KANYE WEST** Rapparinn er brjálaður yfir því að lagi af plötunni hans var lekið á Netið.

# Ný tónlist ekki á dagskrá

Söngvarinn og leikarinn Justin Timberlake hefur lýst því yfir að ný tónlist sé ekki á dagskrá hans á næstunni. Í nýlegu viðtali grípur Timberlake í rándýra myndlíkingu til að útskýra mál sitt.

„Málar listamaður málverk vegna þess að hann verður að skila því 21. desember? Nei. Það gerir hann ekki. Það gerist þegar andinn kemur yfir hann,“ sagði Timberlake. „Ég hætti aldrei að gera tónlist. Ég veit ekki hvað ég á að segja þér – ég er ekki viss hversu mikið ég vil helga mig tónlistarbransanum. Í stuttu máli er ég að segja að ég veit ekki hvenær ég veit hvað ég vil gera. Og þangað til veit ég ekkert.“

Timberlake þykir standa sig vel í hlutverki sínu í kvikmyndinni The Social Network, sem segir frá fyrstu árum samskiptasíðunnar Facebook.



**VEIT EKKERT** Timberlake er ekki viss um hvort hann vilji gera mikið af tónlist í framtíðinni.



**ONO OG LENNON** Yoko Ono ásamt John Lennon skömmu áður en hann var myrtur.

# Andi Lennon enn á sveimi

**Yoko Ono, ekkja Bítilsins Johns Lennon, ákvað að búa áfram í Dakota-byggingunni í New York vegna þess að hún telur anda hans vera þar á sveimi. Lennon var myrtur fyrir utan bygginguna árið 1980 af brjáluðum aðdáanda. „John er enn þá hér. Straumarnir sem hann skildi eftir sig, staðirnir sem hann snerti. Skoðið bara DNA-leifarnar. Það er allt til staðar,“ sagði Ono. Hún var gagnrýnd harðlega fyrir að halda áfram að búa þarna eftir að hann dó. „Þetta voru kynþátta- og kynjafordómar: „Við hvíta fólkið gætum aldrei gert þetta – búið á staðnum þar sem einhver nákominn dó,“ sagði hún um ummælin sem hún heyrði.**

# Vesturport skálar í kampavíni við fínt fólk

„Við erum bara ótrúlega glöð og þakklát,“ segir Víkingur Kristjánsson, meðlimur í Vesturporti sem ásamt Borgarleikhúsinu hlaut Evrópsku leiklistarverðlaunin í gær fyrir leiksýninguna Faust. Evrópsku leiklistarverðlaunin eru með þeim virtari í bransanum. Í hópi fyrri verðlaunahafa má nefna Peter Brook, Tinu Bausch og Harold Pinter.

Víkingur var staddur í London í gær þar sem hann hefur verið Gísla Erni Garðarssyni til halds og trausts vegna frumsýningar Faust í Young Vic-leikhúsinu í gærkvöldi. Hann segir að verðlaunin hafi komið aðstandendum sýningarinnar algjörlega á óvart. „Við höfðum ekki hugmynd um þetta fyrr en daginn sem við fengum símtalið um að sýningin hefði unnið til þessara verðlauna.“

Víkingur telur líklegt að verðlaunin komi til með að opna fleiri dyr fyrir Vesturport úti í heimi. „Okkur hefur gengið vel og finnum fyrir miklum áhuga og velvild, til dæmis í sambandi við frumsýningu Faust hér í London, og mér finnst líklegra en ekki að þessi verðlaun eigi bara eftir að kynda undir því.“

Víkingur flýgur heim í dag til að vera viðstaddur frumsýningu kvikmyndarinnar Brims í kvöld. „Það er feykinóg að gera hjá okkur um þessar mundir, en við gefum okkur væntanlega tíma til að fagna þessum árangri með því að skála í kampavíni við fínt fólk.“ **- bs**



**ÚR FAUST** Verðlaunauppfærsla Vesturports og Borgarleikhússins var frumsýnd í London í gær.







Tónlist ★★★★

**Innundir skinni**
Ólöf Arnalds

## Stíllinn taminn

Ólöf Arnalds vakti verðskuldaða athygli fyrir fyrstu plötuna sína, Við og við, sem kom út í ársbyrjun 2007. Hún hefur greinilega ákveðið að vera ekkert að flýta sér í næstu plötu, en nú þremur og hálfu ári seinna er hún komin.



Á Innundir skinni eru níu lög eftir Ólöfu sem syngur og spilar á fjölda hljóðfæra, en auk hennar koma margir aðrir tónlistarmenn við sögu á plötunni, þ.á.m. Davíð Þór Jónsson og Skúli Sverrisson og söngvararnir Ragnar Kjartansson og Björk.

Ólöf Arnalds hefur einn mikilvægan kost til að bera. Hún er búin að skapa sér sinn eigin stíl. Það er ekki jafn algengt og maður gæti haldið nú á dögum. Stíllinn hennar Ólafar, sem m.a. einkennist af sérstökum söng, var kominn á fyrstu plötunni, en á þeirri nýju heldur hún áfram að þróa hann. Tónlistin á Við og við var frekar lágstemmd. Það á líka við um Innundir skinni, en nú eru útsetningarnar fjölbreyttari og úthugsaðri og hljómurinn er miklu betri. Við og við hljómar hrá við hliðina á nýju plötunni.

Annar kostur við Ólöfu eru textarnir hennar sem eru bæði á íslensku og ensku. Þeir eru margir persónulegir, en ná samt eitthvað svo vel til manns. Vináttan er Ólöfu hugleikin, titillagið Innundir skinni fjallar um líf sem kviknar og vex og Crazy Car sem Ólöf semur og syngur með Ragnari Kjartanssyni er skemmtilega þversagnakenndur og skrítinn texti við frábært lag. Lagasmíðarnar eru melódískar og sumar mjög grípandi. Útsetningarnar eru fjölbreyttar eins og áður segir og fjölmörg hljóðfæri fá að hljóma. Platan er samt aldrei ofhlaðin. Það er einhver „minna er meira“ stemning á henni sem á við um útsetningarnar og reyndar líka lengd plötunnar sem er ekki nema rúmur hálftími. Lagið Surrender sem Ólöf syngur með Björk er svo alveg sér á báti. Það er seinteknara en hin lögin, en nær að heilla mann eftir nokkur skipti.



Á heildina litið er þetta fín plata hjá Ólöfu. Alvöru plata frá alvöru listamanni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Ólög Arnalds heldur áfram að fullkomna stílinn sinn á fínni plötu.

# Líf eftir Harry Potter

Daniel Radcliffe segir að hann geti loksins prófað aðra hluti sem leikari eftir að ævintýrinu um Harry Potter lýkur. Fyrri hluti kvikmyndarinnar Harry Potter and the Deathly Hallows verður frumsýndur í nóvember og sá síðari á næsta ári. Þar með lýkur Harry Potter-kvikmyndaröðinni. Radcliff segir að leikur sinn í uppfærslunni á Equus árið 2007 hafi verið liður í undirbúningi fyrir önnur hlutverk en Harry Potter. „Við vissum að það væri mikilvægt að slíta að hluta til tengslin við Potter á meðan myndirnar væru enn sýndar í staðinn fyrir að gera það að þeim loknum,“ sagði Radcliffe.



**DANIEL RADCLIFFE** Leikarinn hlakkar til að prófa aðra hluti eftir að Harry Potter-ævintýrinu lýkur.





**Innri friður – Innri styrkur**
Sjálfsefling – lífstíll til framtíðar

**Helgarnámskeið fyrir konur að Fögruhlíð í Fljótshlíð þann 8. - 10. október, 2010**



**Eftirfylgd**
Þátttakendum er boðið upp á mánaðarlega fundi í Kópavogi, í þrjú skipti eftir námskeiðið.

**Styrkir**
V.R. ásamt fleiri stéttarfélögum, styrkir félagsmenn til þátttöku á námskeiðinu

*„Ég hef farið á mörg sjálfstyrkingarnámskeið en þetta námskeið hefur tekið hvað best á því hvað maður sjálfur er mikilvægur í að skapa og hlúa að eigin vellíðan, bæði í einkalífi og í starfi”* **Lilja E**

Nánari upplýsingar og skráning á www.liljan.is, liljan@liljan.is eða í síma 8636669

**Sjá námskeiðslýsingu á www.liljan.is**

Leiðbeinendur eru:



**Bergþóra Reynisdóttir**
geðhjúkrunarfræðingur, MSc



**Katrínu Jónsdóttur**
svæða-og viðbragðsfræðingur


NEW YORK
PLAYBOY
PRESS TO PLAY
www.playboyfragrances.com
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Laugardagurinn, 2. október / Sunnudagurinn 3. október
Saturday, October 2nd / Sunday, October 3rd

Reykjavík International Film Festival
September 23 – October 3 2010

**Laugardagur 2. október**

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Með Hangandi Hendi / Pendulous Chances | • Háskólabíó 2 |
| | The Cameramurderer | • Háskólabíó 3 |
| | The Blood of the Rose | • Iðnó |
| | The Hunter | • Bíó Paradís 1 |
| | Genius Within: The Inner Life of Glenn Gould | • Bíó Paradís 2 |
| | Oil Rocks / The Mermaid's Tears | • Bíó Paradís 3 |
| | Tricks | • Bíó Paradís 4 |
| | L.i.f.e.g.u.a.r.d.I.s.t.a.n.b.u.l. | • Hafnarhúsið |
| | In the Attic | • Norræna Húsið |
| | Last Train Home | • Tjarnabíó |
| 16:00 | Icelandic Shorts 2 | • Háskólabíó 2 |
| | Life During Wartime | • Háskólabíó 3 |
| | The Anchorage | • Háskólabíó 4 |
| | Kimjongilia | • Iðnó |
| | Operation Danube | • Bíó Paradís 1 |
| | The Tillman Story | • Bíó Paradís 2 |
| | Venice | • Bíó Paradís 4 |
| | Where's the Snow ? | • Hafnarhúsið |
| | Fyrir börn: Hreyfimyndakjallarinn | • Norræna Húsið |
| | The Eagle Hunter's Son | • Tjarnabíó |
| 16:30 | Kings of Pastry | • Bíó Paradís 3 |
| 18:00 | Aurora | • Háskólabíó 2 |
| | Womb Q&A | • Háskólabíó 3 |
| | R | • Háskólabíó 4 |
| | Elio Petri : Notes On An Filmmaker | • Iðnó |
| | The Christening Q&A | • Bíó Paradís 1 |
| | Aardvark Q&A | • Bíó Paradís 2 |
| | Golden Egg Short 2 | • Hafnarhúsið |
| | Kings of Pastry | • Norræna Húsið |
| | Flowers of Evil | • Tjarnabíó |
| 18:30 | One Hundred Mornings | • Bíó Paradís 3 |
| | The Ape | • Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | ODDSAC Q&A | • Iðnó |
| | The Hunter | • Bíó Paradís 1 |
| | The Genius and the Boys Q&A | • Bíó Paradís 2 |
| | Manufacturing Consent | • Bíó Paradís 3 |
| | Steam of Life | • Hafnarhúsið |
| | All Boys | • Norræna Húsið |
| | Silent Souls | • Tjarnarbíó |
| 20:30 | Forest Q&A | • Bíó Paradís 4 |
| 21:00 | Down By Law | • Háskólabíó 3 |
| 22:00 | Three Backyards | • Háskólabíó 2 |
| | Monica & David | • Iðnó |
| | Son of Babylon | • Bíó Paradís 1 |
| | Family | • Bíó Paradís 2 |
| | Icelandic Shorts 3 | • Norræna Húsið |
| | To Shoot an Elephant Q&A | • Tjarnarbíó |
| 22:30 | Splinters | • Bíó Paradís 4 |
| 24:00 | Leikstjóri þeytir skífum // Director DJ set | • Venue |

**Sunnudagur 3. október**

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Icelandic Shorts 1 | • Háskólabíó 2 |
| | A somewhat gentle man | • Háskólabíó 3 |
| | Do it Again | • Iðnó |
| | The Christening | • Bíó Paradís 1 |
| | Uppistandstelpur / Iceland Uganda | • Bíó Paradís 2 |
| | Earth Keepers | • Bíó Paradís 3 |
| | Ploddy the police car makes a splash (Barnamynd) | • Bíó Paradís 4 |
| | Kongavegur (King's Road) | • Hafnarhúsið |
| | The Eagle Hunter's Son (Barnamynd) | • Norræna Húsið |
| | Icelandic Shorts 2 | • Tjarnabíó |
| 16:00 | The Edge | • Háskólabíó 2 |
| | The Experiment | • Háskólabíó 3 |
| | Bad Family | • Háskólabíó 4 |
| | ODDSAC | • Iðnó |
| | Með hangandi hendi | • Bíó Paradís 2 |
| | Family | • Bíó Paradís 3 |
| | The Hunter | • Bíó Paradís 4 |
| | Fyrir börn: Hreyfimyndakjallarinn | • Norræna Húsið |
| | Pilgrimage | • Tjarnabíó |
| 16:30 | Honeymoons | • Bíó Paradís 1 |
| 17:00 | Short workshop films | • Hafnarhúsið |
| 18:00 | Life During Wartime | • Háskólabíó 3 |
| | Undercurrent Brim | • Háskólabíó 4 |
| | Budrus | • Iðnó |
| | The Tillman Story | • Bíó Paradís 2 |
| | Icelandic Shorts 2 | • Bíó Paradís 3 |
| | All Boys | • Norræna Húsið |
| | Where's the Snow | • Tjarnabíó |
| 18:30 | Winter's Bone | • Háskólabíó 2 |
| | Venice | • Bíó Paradís 1 |
| | Three Seasons in hell | • Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | Big Man Japan | • Háskólabíó 3 |
| | Addicted in Afghanistan | • Iðnó |
| | When the dragon swallowed the sun | • Bíó Paradís 2 |
| | Steam of Life | • Bíó Paradís 3 |
| | Family | • Norræna Húsið |
| | Á sjó / Breki | • Tjarnarbíó |
| 20:30 | Verðlaunamynd New Visions / Vitranir | • Háskólabíó 2 |
| | Son of Babylon | • Bíó Paradís 1 |
| | Nuummioq | • Bíó Paradís 4 |
| 22:00 | The Four Times | • Iðnó |
| | Flowers of Evil | • Bíó Paradís 2 |

**RIFF þakkar bíógestum frábæra aðsókn! Sjáumst að ári!**

epli.is Iceland Express CENTER HOTELS








**BOMBAY BICYCLE CLUB** Hljómsveitin spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni 16. október í Listasafni Reykjavíkur.

# Sjóðheitir Bretar

**Hljómsveitin Bombay Bicycle Club spilar á Iceland Airwaves 16. október. Bassaleikarinn Ed Nash ræddi við Fréttablaðið um heimsóknina til Íslands og nekt á hótelherbergjum.**

Enska hljómsveitin Bombay Bicycle Club spilar í Listasafni Reykjavíkur á Iceland Airwaves-hátíðinni 16. október á undan sænsku söngkonunni Robyn. Bassa- og hljómborðsleikarinn Ed Nash hlakkar mikið til Íslandsfararinnar.

„Ég hef heyrt að þessi hátíð sé hreint út sagt mögnuð. Við erum allir ótrúlega spenntir að koma í heimsókn. Við ætlum að vera á Íslandi daginn eftir tónleikana og kíkja í partíið í Bláa lóninu. Ég hef heyrt að það sé mjög skemmtilegt. Síðan verðum við líka eitthvað í Reykjavík enda er víst mjög fallegt þar," segir Nash.

Bombay Bicycle Club spilar melódískt og skemmtilegt indípopp og er tvímælalaust heitt heitasta nafnið á Airwaves í ár, enda stutt síðan sveitin hlaut NME-verðlaunin sem besti breski nýliðinn. Þar skaut hún flytjendum á borð við The XX, La Roux og Mumford & Sons ref fyrir rass.

Hljómsveitina skipa fjórir tvítugir piltar, eða þeir Jack Steadman, Jamie MacColl, Suren de Saram og Nash. Þrátt fyrir ungan aldur hefur sveitin þegar gefið út tvær stórar plötur. „Við byrjuðum að spila saman fyrir fimm árum. Þrír úr hljómsveitinni voru saman í skóla og ég var vinur þeirra. Þeir spiluðu fyrst á skólatónleikum en eftir að þeir fóru að spila á börum og á litlum tónleikastöðum báðu þeir mig um að hjálpa til og spila á bassann. Fólk var að fíla tónlistina okkar, þannig að við héldum bara áfram, hættum í skóla og ákváðum að láta slag standa. Og það gekk upp," segir Nash.

Fyrsta plata sveitarinnar, I Had The Blues But I Shook Them Loose, kom út í fyrra eftir að sveitin hafði gert fjögurra platna samning við útgáfufyrirtækið Island Records. Strax í júlí síðastliðnum kom síðan út önnur plata, Flaws. Hún er töluvert frábrugðin þeirri fyrstu, enda órafmögnuð. „Við spiluðum alltaf órafmagnað eftir tónleika þegar við vorum að djamma saman. Við áttum þessi lög og okkur fannst þau mjög góð þannig að við ákváðum að taka þau upp. Eftir eitt ár áttuðum við okkur á því að við værum með fínt efni í plötu þannig að við ákváðum að gefa hana út. Við hugsuðum hana aldrei sem okkar aðra plötu vegna þess að hún var svo frábrugðin þeirri fyrri. Þetta átti eiginlega að vera hliðarverkefni hjá okkur," útskýrir Nash.

Piltarnir slá ekki slöku við því vinna við plötu númer þrjú er þegar hafin og klárast hún líklega á næstu tveimur mánuðum. Sú skífa verður meira í líkingu við þá fyrstu; nokkurs konar rökrétt framhald af henni.

Lítið hefur verið um tónleikahald hjá Bombay Bicycle Club á þessu ári, enda hefur hljóðverið tekið langmestan tímann. Spurður um það klikkaðasta sem þeir félagar hafi gert á tónleikaferð segir Nash: „Ég og söngvarinn Jack læstum okkur einu sinni úti fyrir utan hótelherbergið okkar naktir. Við þurftum að fara niður í móttöku og maðurinn þurfti að koma og opna fyrir okkur," segir hann og hlær.

**freyr@frettabladid.is**


Konfúsíusarstofnunin Norðurljós & Kínversk Íslenska Menningarfélagið kynna:

**Kínversk Hausthátíð 中秋節**

**Askja, laugardagur 2. október, kl. 13:00 - 16:00**




Laugardaginn 2. september verður haldin Hausthátíð að kínverskum sið. Þessa hátíð ber uppá 15. dag 8. mánaðar gamla tungldagatalsins. Sýndur verður kínverskur drekadans, bardagalistir og boðið upp á tunglkökur og annað kínverskt góðgæti. Einnig verður kennsla í kínverskri málaralist, skrautskrift og boðið upp á kvikmyndasýningar og margt fleira.

**Hátíðin er öllum opin.**

KÍM

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

# STÖKKTU AF STAÐ



NÁMSKEIÐIN HEFJAST 11. OKTÓBER

Skráðu þig núna á www.hreyfing.is
eða í síma 414 4000.

## STS super átak FYRIR KONUR

**Taktu málin föstum tökum og stökktu af krafti strax af stað í nýjan og betri lífsstíl með STS kerfinu.**

**STS kerfið** (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur. Þú færð sífellt að glíma við nýjar æfingar og vöðvarnir fá ekki að aðlagast sömu rútínunni.

**Innifalið:**

- Þjálfun 3x í viku
- Þátttakendur velja sér styrkleikastig
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að „ögra" líkamanum að komast út úr stöðnun, ná eftirbruna og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka-æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur á námskeiðinu
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og uppskriftir frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Markvissar leiðbeiningar um mataræði. Byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood-stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir

STS super átak – 6 vikna námskeið 3x í viku.
Verð 24.900 kr.

## Árangur FYRIR KONUR

**Árangur – 6 vikna námskeið fyrir konur**
Byrjendanámskeið fyrir alla þá sem ekki hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina föstum tökum og komast vel í gang.

6-vikna átaksnámskeið fyrir alla þá sem vilja raunverulegan árangur. Æfingakerfið er þróað sérstaklega svo þú náir þínum markmiðum.

**Innifalið:**

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti
- Aðgangur að uppskriftavef Hreyfingar
- Mælingar – vigtun og fitumælingar

Árangur – 6 vikna námskeið 3x í viku.
Verð 22.900 kr.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# Björk minnist McQueen í GQ

Söngkonan Björk Guðmundsdóttir hefur skrifað minningargrein um tískuhönnuðinn Alexander McQueen sem birtist á tískusíðunni GQ.com.

McQueen framdi sjálfvíg í febrúar en Björk var náin vinkona hans. Stutt er síðan hún söng í minningarathöfn um hann í London og nú hefur hún bætt um betur og skrifað um hann tilfinningaríka minningargrein.

„Þegar ég flutti til London frá Íslandi fannst mér stundum leiðinlegt að hlusta á Breta tala um hrun heimsveldis þeirra og hvernig þeir vildu meina að allur heimurinn væri sömuleiðis á niðurleið. Lee (McQueen) var uppfullur af hugmyndum um hvernig ætti að taka á þessum hugmyndum með frjósemi, gleði og hugrekki,“ skrifaði Björk. „Hann var hugrakkur maður sem horfði beint í augun á dauðanum og nýju lífi. Honum tókst að tengjast, ekki bara fáguðum hluta menningar sinnar, heldur einnig þessum frumkrafti. Það er líklega þess vegna sem við hittumst í upphafi,“ skrifaði hún. „Þrátt fyrir að við værum mjög ólík, áttum við það sameiginlegt að fá innblástur úr náttúrunni.“



**BJÖRK OG MCQUEEN** Björk hefur skrifað minningargrein um tískuhönnuðinn Alexander McQueen.

# De Bont vill Óttar til Kína

**Óttar Guðnason er á leið til Kína. Þar mun hann taka upp stórmynd með Jan De Bont.**

Hollenski kvikmyndagerðarmaðurinn Jan De Bont hefur ráðið til sín íslenska kvikmyndatökumanninn Óttar Guðnason til að gera kvikmynd eftir kínverska ævintýrinu Mulan. Þetta kom fram á vef imdb.com í gær. Kínverska leikkonan Ziyi Zhang mun leika aðalhlutverkið en hún lék aðalhlutverkið í hinni mögnuðu Crouching Tiger, Hidden Dragon og hefur leikið í Hollywood-myndum á borð við Rush Hour 2 og Horseman.

Óttar hlýtur að taka atvinnutilboðinu frá De Bont með nokkrum fyrirvara. Því De Bont hafði fengið íslenska tökumanninn til að sjá um kvikmyndatöku á stórmyndinni Stopping Power sem átti að gerast í Berlín. Búið var að ráða John Cusack í aðalhlutverkið, kaupa 150 bíla og tvær flugvélar og Óttar hafði eytt drjúgum tíma í að undirbúa tökur. En svo yfirgaf einn framleiðandi myndarinnar skipið og hætt var við hana.

Mulan-ævintýrið hefur einu sinni ratað á hvíta tjaldið en það var þá í formi teiknimyndar frá Disney-risanum. Myndin segir frá kínverskri stúlku sem bjargar lífi föður síns með því að ganga í kínverska herinn í hans stað. Samkvæmt imdb.com er ráðgert að tökur fari fram í Shanghaí en frumsýning verður 2011.

freyrgigja@frettabladid.is



**ÓTTAR GUÐNASON** Reikna má með því að Mulan verði stórt verkefni en myndin er byggð á frægu kínversku ævintýri.


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.10 - 8 - 10.45 | L |
| EAT PRAY LOVE LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 10.45 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 5.10 - 8 - 10.45 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 10.10 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 1 (950kr) - 3.20 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | kl. 1 (700kr) - 3.10 | L |
| KARATE KID | kl. 1 (700kr) | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 3 - 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.25 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.25 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 2 - 4 | L |
| DESPICABLE ME | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




TILBOÐ í bíó. Gildir á allar merktar sýningar.

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DINNER FOR SCHMUCKS | 1.45(650 kr), 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 2(950 kr), 4 og 6 - ISL TAL | L |
| WALL STREET | 7 og 10 | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4 - ENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG | 2(650 kr) og 4 - ISL TAL | L |
| SUMARLANDIÐ | 8 | L |
| RESIDENT EVIL 3D | 10 | 16 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN

frábær gamanmynd frá þeim sem færðu okkur “THE 40 YEAR OLD VIRGIN” og “ANCHORMAN

„GEÐVEIKISLEGA FYNDIN“ - Shawn Edwards fox tv

Steve Carell og Paul Rudd

Dinner for Schmucks

frá leikstjóra “MEET THE PARENTS”




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 7 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl.12 - 3 - 8 - 10:30 | VIP |
| SOLOMON KANE | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:30 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D kl. 12 - 12:30 - 2 - 2:30 - 4 - 4:30 - 6 - 6:30 - 8:30 | | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| REMEMBER ME | kl. 10:30 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 12 - 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| EAT PRAY LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 4 | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE TOWN Forsýnd | kl. 10:10 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:50 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 2 - 4 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 2 - 6 | 7 |
| CATS & DOGS 2 | kl. 4 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:10 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU












Eivør ❄ Stefán Hilmarsson ❄ Friðrik Ómar ❄ Regína Ósk ❄ Jóhann Friðgeir
Margrét Eir ❄ Ragnheiður Gröndal ❄ Garðar Thór Cortes ❄ Hera Björk
Stórhljómsveit Frostrósa, Karlakór Fóstbræðra, Karlakór Akureyrar - Geysir, Vox feminae, Íslenski gospelkórinn, Barnakór Frostrósa,
Skólakór Hrafnagilsskóla & Stúlknakór Reykjavíkur ❄ Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson - Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson

2010

# Frostrósir

*Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi*

Laugardalshöll
11. desember

Hof Akureyri
17. desember



Miðasala hefst 20. október á **midi.is**

Sérstök forsala fyrir þá sem skráðir eru á póstlistann á frostrosir.is og vini Frostrósa á Facebook verður 19. október. Vertu með okkur ...



*Um landið 2010*

Hera Björk, Friðrik Ómar, Jóhann Friðgeir, Regína Ósk, Ragnheiður Gröndal og Garðar Thór Cortes ásamt Hrynsveit Frostrósa, strengjakvartett og barnakór.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. des. | Ólafsvík | 7. des. | Vestmannaeyjar |
| 2. des. | Ísafjörður | 8. des. | Akranes |
| 3. des. | Selfoss | 9. des. | Reykjanesbær |
| 4. des. | Egilsstaðir | 14. des. | Varmahlíð |
